

ÞORGILS MAGNÚSSON

Býður gestum í hrefnu með sætum kartöflum

• matur • helgin

allt í MIDJU BLAÐSISNS



SUBURLAND

Ferðaðjónustan Völlum opnar nýtt gistiheimili

Sérblað um Suðurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



DAVID COVERDALE

Erfiður viðureignar

Sólskinsskapið langt undan hjá forsöngvara Whitesnake

FÓLK 38



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. júní 2008 – 159. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR



Götublað í blóma

Blaðið Grapevine fagnar fimm ára afmæli um þessar mundir.

TÍMAMÓT 28

Ákvörðun eftir kosningar

Við eigum að geta tekið ákvörðun um aðildarumsókn að ESB eftir næstu kosningar, skrifar Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

UMRÆÐAN 26

Heitur hjá Hearts

Stuðningsmenn skoska liðsins Hearts eru spennir fyrir því að fá Guðjón Þórðarson sem næsta stjóra liðsins.

ÍÞRÓTTIR 42



FÖSTUDAGUR


Brynjúlfur Jónatansson jógakennari

Ævintýralíf í skugga geðhvarfasýki.



FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



FRÁBÆRT VEÐUR Í dag verður hægur vindur, norðvestlæg eða breytileg átt. Víða léttskýjað en skýjað með köflum um vestanvert landið. Hiti 10-18 stig, hlýjast til landsins en svalara í hafgolu.

VEÐUR 4

Hugvit Íslendings lykill í nýju gervihnattakerfi á heimsvísu

Mikilvægt er að Íslendingar tryggi stöðu sína við uppbyggingu Galileo-staðsetningarkerfisins sem Evrópusambandið stefnir á að byggja fyrir 2013. Uppfinning íslensks eðlis- og verkfræðings gegnir þar lykilhlutverki.

UTANRÍKISMÁL „Fyrir svona lítið land eins og Ísland er verkefni eins og Galileo sérstaklega góð lyftistöng til að auka við íslenska hátækni-íðnaðinn. Þátttaka í Galileo opnar margar dyr hvað varðar samstarf við önnur hátækniyrirtæki og háskóla í Evrópu,“ segir Jón Ó. Winkel, eðlisfræðingur og doktor í verkfræði. Uppfinning hans gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu gervihnattaleiðsögutækni sem Evrópusambandið vinnur nú að.

Evrópska geimferðastofnunin (ESA) sótti nýlega um einkaleyfi á kóðum sem verða notaðir til að móta merkin sem send verða frá þrjátíu gervihnöttum sem komið verður á loft á næstu árum. Kóðana þróaði Jón, sem starfað hefur í Þýskalandi. Hugbúnaðarlausn hans þótti betri en tillögur Frönsku geimferða-

stofnunarinnar (CNES), tveggja deilda innan Astrium sem er stærsta geimvísindafyrirtæki í Evrópu og Orbstar.

Upphaflega réðst Evrópusambandið í uppbyggingu á Galileo-staðsetningarkerfinu út frá pólitískum ástæðum en GPS-staðsetningar-kerfið er í eigu bandarísku varnarmála-stofnunarinnar. Galileo verður hins vegar undir stjórn Evrópubandalagsins með það aðalmarkmið að þjóna almennum borgurum. „Það þótti ómögulegt að hermálafyrirvöld Bandaríkjanna réðu ein yfir þessari tækni,“ segir Arnór Bergur Kristinsson, sérfræðingur í gervihnattaleiðsögumálum. Steft er að því að Galileo-kerfið verði nákvæmara og nýttist við erfiðari aðstæður en GPS-tæknin gerir en samhliða því er unnið að því að bæta nákvæmni GPS. Þar sem

ákveðið hefur verið að þessi tvö kerfi verði samnýtt er mikilla framfara í staðsetningartækni að vænta og tækifæra samhliða því.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafrulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir að þar sem áætlað sé að kerfið verði komið upp árið 2013 sé brýnt að hefja umleitunir um aðkomu Íslendinga að þessari tækni við Evrópusambandið. Miklir hagsmunir séu í húfi fyrir Íslendinga. Líkur séu á að Íslendingar gangi til samninga um málið við Evrópusambandið ásamt Norðmönnum. „Meginhagsmunirnir sem Íslendingar verða að tryggja í þessu máli eru að kerfið muni ná yfir norðurslóðir og svo þarf að tryggja að Íslendingar hafi full afnot af því,“ segir Urður og útskýrir að möguleikar á notkun á þessari tækni séu sérstaklega miklir.

- kdk / sjá síðu 18



GIFURLEGT MAGN Hassfarmurinn sem hollenskur karlmaður á sjötugsaldri reyndi að smygla til landsins í húsbíl og sjá má á myndinni vegur 190 kíló. Þá reyndist einnig vera eitt kíló af kókaíni og eitt og hálf af maríjúana í bílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ágúst Smári býður nýjungar: Astarlífstæki vekja athygli

FÓLK Óvenjulegt hjálpartæki ástarlífsins fyrir karlmenn er nú til sölu á Íslandi.

Vefverslunin AVK sér um sölu og hefur tekið þegar vakið mikla athygli. Ágúst Smári Beaumont, talsmaður fyrirtækisins, segir að þegar liggir fyrir fimmtíu pantanir.

„Konur hafa átt auðvelt með að nálgast hjálpartæki fyrir sig í kynlífstækjaverslunum, en þau sem ætluð eru fyrir karla hafa ekki beint verið fyrir allra augum,“ segir Ágúst. Þess má geta að Orðabók Háskóla Íslands átti þátt í að íslenska nafn hjálpartækisins.


- fgg / sjá síðu 46



ÁGÚST SMÁRI BEAUMONT

SJÓNVAPIÐ

MEST NOTAÐI MIÐILL LANDSINS



Dagleg dekkun fjölmiðla skv. Capacent í maí '08

Var með 190 kíló af hassi, kíló af kókaíni og eitt og hálf af maríjúana:

Enn leitað að efnunum í hassbíl

LÖGREGLUMÁL Tollverðir og lögregla leita enn að fíkniefnum í húsbílum sem fannst fullur af hassi við tollskoðun í Norrænu fyrir í vikunni. Í honum reyndust vera 190 kíló af hassi, eitt kíló af kókaíni og eitt og hálf kíló af maríjúana, samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Efnin voru vandlega falin í bílnum. Áætlað gótuvirði efnanna er um 420 milljónir.

Hollenski karlmaðurinn sem var með húsbílinn um borð í ferjunni og handtekinn var um borð í Norrænu hefur áður komið hingad til lands, eins og blaðið greindi frá í gær. Hann er á sjötugsaldri. Hann hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 9. júlí. Rannsókn málsins er á frumstigi, en hún er í höndum ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Rannsóknin beinist meðal annars að því að leita samverkafólks mannsins hér á landi og erlendis. Ljóst þykir að maðurinn standi ekki einn að smygla á svo gífurlegu magni fíkniefna, fjármögnun þeirra erlendis og fyrirhugaðri dreifingu og sölu hér á landi. Lögreglan segir málið á viðkvæmu stigi og verst fréttu af gangi rannsóknarinnar.

- jss

Kafbátur mánaðarins
Grænmetis sæla
6 tommu bátur 329 kr.
SUBWAY í fínu formi
Gildir í júní 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnunumál

SUMAR TILBOÐ Í BÍÓ Í REGNBOGANUM
650 kr.
allar myndir allar sýningar alla daga í allt sumar
REGNBOGINN



NÝR

NISSAN TIIDA

KEMUR ÞÆGILEGA Á ÓVART

Nissan Tiida hefur fengið lof fyrir framúrskarandi innréttingu og notalegt rými. Stór og þægileg sæti fyrir alla farþega er aðeins einn af þeim kostum sem Tiida hefur fram yfir sinn flokk. Ríkulegur aukabúnaður eykur þægindi við akstur sem gerir Tiida eins notalegan og hægt er. Komdu og reynsluaktu í dag.



RÚMGÓÐUR

Nissan Tiida er með mesta innarrýmið í sínum flokki. Þægileg sæti fyrir alla farþega.

Nissan Tiida

Búnaður:

ABS+BAS+EBD, 4 loftpúðar (Aftengjanlegur framm), rafstýrðir samlitir speglar, rafstýrðar rúður + autostilling fyrir ökumann, hæðarstillanlegt ökusæti, 15" stálfelgur, Fjarlæsing, Færanlegt aftursæti(HB), handstilt miðstöð með loftkælingu (Ozone örugg með hreinsi filter), útvarp og CD 4 hátalarar með Bluetooth & Fjarsýringu í stýri, hiti í sætum, hækkanlegt ökumanssæti.

**VERÐ FRÁ:
2.490.000 kr.**



VIÐ KOMUM TIL ÞÍN!

Við hjá Ingvari Helgasyni höldum uppteknum hætti og bjóðum upp á rjúkandi grillpilsuveislu í hádeginu, en að þessu sinni komum við til þín í vinnuna með grillið og bíla til reynsluaksturs á höfuðborgarsvæðinu. Öðruvísi og skemmtileg þjónusta fyrir þig.

PANTAÐU HEIMSÓKN Í FYRIRTÆKIÐ ÞITT
í síma 525 8000 eða tölvupósti: ihadeginu@ih.is



GJALDMIÐLAR		KAUP SALA
	Bandaríkjadalur	78,25 78,63
	Sterlingspund	152,5 153,24
	Evra	120,67 121,35
	Dönsk króna	16,179 16,273
	Norsk króna	15,054 15,142
	Sænsk króna	12,883 12,959
	Japanskt jen	0,7263 0,7305

SDR 126,01 126,77

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

155,8811

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



FRÁ MÝVATNI Mynd tekin frá Höfða við Mývatn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sættir tókust á elleftu stundu:

Jörðin Höfði ekki boðin upp

UMHVERFISMÁL „Það tókust sættir á staðnum. Gerðarbeiðendur afturkolluðu beiðnir sínar svo málið var fellt niður,“ segir Halldór Kristinsson, sýslumaður á Húsavík, en í gær stóð til að hann héldi uppboð á hluta af jörðinni Höfða við Mývatn.

Halldór segir að mál sem þetta, þar sem farið er fram á uppboð vegna slíta á sameign, séu ekki algeng en bjóða átti upp um tvo hektara lands auk íbúðarhúss sem hjónin Héðinn Valdimarsson og Guðrún Pálsdóttir afleiddu þrjú barnabörn sín að. Eitt þeirra, Laufey Sigurðardóttir, sagði við Fréttablaðið í gær að sér væri afar létt að sættir skyldu nást. - **ovd**

LÖGRELUFRÉTTIR

Þrjú innbrot á Suðurlandi
Tilkynnt var um innbrot í golfskálann í Þorlákshöfn aðfaranótt fimmtudags. Sömu nótt var framið innbrot á Eyrarbakka og tilraun gerð til annars.

LEIÐRÉTTING

Listi yfir skil einkunnna úr vorprófum Háskóla Íslands sem birtist í gær var rangur.

ÁRÉTTING

Ummæli um að Hæstiréttur rökstyddi dóma oft illa, sem höfð voru eftir Róberti Spanó prófessor í lögum, í blaðinu í gær voru túlkun blaðamanns á orðum Róberts. Sjónarmið Róberts um þetta mál birtust í Tímariiti lögráðinga í apríl 2007.

Emma Ljósbrá Friðriksdóttir á reiðhjólaláhlámi líf sitt að launa eftir alvarlegt reiðhjólasyks:

Níu ára stúlka sýnir áverka í forvarnarskyni

SLYS Emma Ljósbrá Friðriksdóttir á reiðhjólaláhlámi líf sitt að launa. Hún var að hjóla með vinum sínum á Hvolsvelli þegar hún steiptist fram fyrir sig og skall með andlitid á götuna. Við þetta tókst hjólið á loft og lenti á hnacka Emmu með þeim afleiðingum að hún missti meðvitund í skamma stund. Móðir Emmu, Stella Sigþórsdóttir, segir mildi að ekki hafi farið verr. „Krakkarnir sem voru með henni sóttu strax hjálp og ég fór með hana á Helli í skoðun. Hún hlaut talsverða áverka í andliti og á tönnum en hjálmurinn bjargaði höfðinu sjálft alveg.“ Hún bætir því við að höggið hafi

greinilega haft nokkur áhrif á Emmu því hún muni ekkert eftir ferðalaginu til Hellu. Reiðhjólaláhlámið fékk Emma að gjöf frá Kiwanis en félagið gaf Emmu og bekkjarfélögum hennar öllum hjálm þegar hún var í öðrum bekk. Stella segir Emmu hafa farið í yngri bekkina eftir slysið til þess að sýna þeim áverka sína og segja frá mikilvægi reiðhjólaláhláms. „Hún hefur alltaf verið varkárt barn svo að ég var mjög hissa þegar þetta gerðist“, segir Stella og bætir því við að nú noti öll fjölskyldan hjálma, „líka fullorðna fólkið“.



MISSTI MEÐVITUND Emma Ljósbrá skall með andlitid í götuna og fékk hjólið aftan á hnackann. Á myndinni til hægri má sjá hvernig hún leit út eftir slysið.



Orkustofnun dregur umsögnina til baka

Orkustofnun telur ekki lengur að vatnsverksmiðja í Ölfusi hafi umtalsverð umhverfisáhrif. Forsvarsmenn verksmiðjunnar krefjast þess að umhverfisráðherra úrskurði aftur. Óheyrilega ófagleg vinnubrögð segir framkvæmdastjóri IWH.

UMHVERFISMÁL Orkustofnun telur ekki lengur að fyrirhuguð vatnsátöppunarverksmiðja í Ölfusi hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Á grundvelli eldri niðurstöðu stofnunarinnar úrskurðaði umhverfisráðherra að verksmiðjan skyldi í umhverfismat.

„Þetta hefur skaðað okkur mjög mikið,“ segir Ragnar Birgisson, forstjóri Icelandic Water Holding (IWH), sem reisir verksmiðjuna. Hann reiknar með að ráðherra fellti úrskurðinn úr gildi í kjölfar umsagnar Orkustofnunar.

Með úrskurði sínum felldi Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki þyrfti að vinna umhverfismat. Niðurstöðuna byggði hún á hluta á umsögn Orkustofnunar.

Forsvarsmenn IWH kröfðust í kjölfarið endurupptöku á úrskurðinum og óskaði ráðherra eftir umsögn Orkustofnunar um endurupptökubeiðnina. Svar stofnunarinnar var sent ráðherra í gær. Þar kemur fram að stofnunin telji ekki lengur líklegt að verksmiðjan muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Orkustofnun gerði einkum athugasemnd við tvennt í fyrri umsögn sinni; frárennsli og hættu á mengunarslysum við þungaflytninga.

Í síðari umsögninni kemur fram að með mótvægisáðgerðum megi koma í veg fyrir mengunarslys. Þá sýni mælingar á frá-



ÞORLÁKSHÖFN Tafir hafa orðið á uppbyggingu vatnsverksmiðju í Þorlákshöfn vegna úrskurðar umhverfisráðherra um að verksmiðjan þurfi í umhverfismat.

MYND/EINAR ELÍASSON

rennsli að það sé svo til eins og vatn í lindum á svæðinu. Þær upplýsingar hafi ekki legið fyrir við gerð fyrri umsagnar.

„Mér finnst þetta óheyrilega ófagleg vinnubrögð,“ segir Ragnar Birgisson hjá IWH. „Þetta er slæm stjórnsýsla, okkar fyrirtæki var beitt mikilli ósanngírni.“

Allar upplýsingar komu fram í upprunalegum gögnum frá fyrirtækinu, segir Ragnar. „Það er eins og Orkustofnun hafi ekki lesið gögnin,“ segir hann.

Frá því ráðherra úrskurðaði að verksmiðjan þyrfti í umhverfismat fyrir rúnum mánuði hafa allar framkvæmdir verið í uppnámi, segir Ragnar.

„Þetta hefur skaðað okkur mikið, bæði hvað varðar fjármögnun og framkvæmdahraða við verksmiðjuna,“ segir hann.

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfisráðuneytinu er ákvörðunar að vænta á næstunni um það hvort orðið verði við beiðni IWH um endurupptöku úrskurðar ráðherra.

brjann@frettabladid.is

Árneshreppur með fréttasíðu: Fréttir úr fámennri sveit

LANDSBYGGÐIN Vefsíðan www.litlihjalli.ti.is er fréttasíða eingöngu með fréttir frá sveitarfélaginu Árneshreppi.

„Ég byrjaði með blogg síðu en vegna fjölda áskorana frá burtfluttum íbúum Árneshrepps lét ég verða af þessu,“ segir Jón Guðbjörn Guðjónsson, ritstjóri síðunnar.

„Ég var fréttaritari á Morgunblaðinu þangað til þeir ákváðu að leggja niður nokkur fréttaritarastörf á landsbyggðinni. Þá var ég orðinn svo vanur því að skrifa fréttir að ég gat ekki hætt,“ segir Jón.

Árneshreppur er nyrsta sveitarfélagið í Strandasýslu á Vestfjörðum en þar hafa 49 manns lögheimili.



JÓN GUÐBJÖRN GUÐJÓNSSON

Verðkarfa ASÍ: Lágvöruverslanir hækka mest

NEYTENDAMÁL Verðkarfa ASÍ hækkar mest í Samkaupum – Úrvali en lækkar mest í Nóatúni. Tímabil mælinganna er þriðja vikan í maí og fyrsta vika júnímánaðar. Karfan hækkaði um rúmlega eitt og hálf prósent í 10-11, í Hagkaupum um eitt prósent og í Bónus um rúmlega hálf prósent. Lækkun körfunnar var mest í Nóatúni, riflega þrjú prósent, en í Nettó og Kaskó hækkaði hún um tvö prósent.

Frá því að verðmælingar hófust í apríl hefur verðið í lágvöruverslunum hækkað mest, eða um sex til sjö prósent. Í öðrum verslunum hefur verðið hækkað um þrjú til fjögur prósent. - **hpj**

NÝ NORDSJÖ VERSLUN



Nordsjö inni- og útimálningin þekur og endist betur. Nordsjö gæðamálning sparar tíma og vinnu.

SérEfni
Nordsjö • International

Virka daga 08-18, Laugardaga 10-14 • Lágímúli 7, bakhús • S: 517 0404

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

RJÓMABLIÐA
Vel horfir með veður fram yfir laugardag. Bjart víðast hvar á landinu og hlýtt til landsins. Hætt við þokulofiti með ströndum. Hitinn verður á bilinu 10-18 stig en allt að 20 stig á laugardaginn, hlýjast til landsins en svalara í hafgolu.

Á MORGUN Hæg vestlæg átt.

SUNNUDAGUR Vaxandi suðlæg átt.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	18°
Billund	16°
Ósló	15°
Stokkhólmur	17°
Gautaborg	18°
London	15°
Paris	17°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	14°
Berlín	17°
Alicante	24°
Mallorca	23°
Basel	16°
Eindhoven	16°
Las Palmas	22°
New York	31°
Orlando	32°
San Francisco	28°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Grillum saman

glæsilegt úrval af fersku kjöti

OPIÐ
tíl **20**
alla daga



30%
afsláttur

2.085 kr/kg

Verð áður 2.979.-

Íslandslamb
Lambaprime



30%
afsláttur
vía kassa

Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

2.505 kr/stk

Merkt verð 3.579.-

Nautafilé
– í bláberjalegi



Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

1.230 kr/kg

Verð áður 1.690.-

Lambahryggur



Kjöt & Fisktorgið
Alltaf ferskt

1.889 kr/kg

Verð áður 2.698.-

Nautaclubsteik



30%
afsláttur
vía kassa

1.721 kr/kg

Verð áður 2.459.-

Ferskar kjúklingalundir
– Western

Jóa
FEL



Jóa Fel
salöt



Maryland kex



Egils appelsín
– Sólskin í hverjum sopa



Jóa Fel og Hagkaups
– ferskt pizzadeig

Gildir til 15. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



EFIR · ALMANNATINGS

...Því að við Íslendingar viljum aðeins það besta!



VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað á bók breskra blaðamanna um Jón Ásgeir Jóhannesson að heita?

2 Hvað heitir fyrrverandi heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, sem varð heildursdoktor við Háskóla Íslands á miðvikudag?

3 Hver framleiðir myndina Prince of Persia: The Sands of Time, sem Gísli Örn Garðarsson mun leika í?

SIÁ SVÖR Á SÍÐU 46

Leitin að kaleiknum:

Ekkert erindi vegna utanvegaaksturs

UMHVERFISMÁL Þórarinn Þórarinnson arkitekt, tengiliður hópsins sem ætlar að leita að kaleik Krists, segir að hópurinn hafi umboð frá fornleifanefnd til leitarinnar og lúti sömu reglum um utanvegaakstur og aðrir vísindamenn. Rætt hafi verið við Umhverfisstofnun og umhverfisarðuneyti vegna þessa.

Hjalti Guðmundsson, sviðstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að ekkert erindi hafi komið frá hópnunum og ekki sé nóg að hann hafi samband við umhverfisarðuneytið. Samkvæmt reglugerð eigi að senda erindi til stofnunarinnar. „Við metum hvort viðkomandi akstur sé í samræmi við þessa reglugerð,“ segir hann. - ghs

Röng söguskoðun ríkisins:

Sköðun á skjön við rannsóknir

STJÓRNMÁL Sagnfræðingafélag Íslands gerir athugasemdir þess efnis að sú söguskoðun sem kemur fram í nýlegri skýrslu forsætisráðherra, Ímynd Íslands, sé á skjön við sagnfræðirannsóknir síðustu þrjátíu til 35 ára.

Í bréfi sem formaður félagsins sendi Geir H. Haarde forsætisráðherra nýlega segir að söguskoðun skýrslunnar sverji sig fremur í ætt við þá söguskoðun sem mótuð var í sjálfstæðisbaráttunni í pólitískum tilgangi. Þá er það von félagsins að ekki verði litið fram hjá rannsóknunum sagnfræðinga og annarra fræðimanna við ímyndarsköpun Íslands á vegum hins opinbera. - ovd

Bollaleggingar um nýjan forseta ASÍ eru þegar hafnar:

Gylfi og Ingibjörg eru nefnd

VINNUMARKAÐUR Bollaleggingar um nýjan forseta Alþýðusambands Íslands eru þegar hafnar og getur komið til forsetakjörðs á ársfundum ASÍ í haust. Talið er að Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, gefi kost á sér en hann vill ekki staðfesta það.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforsætí ASÍ, segist vera að hugsa málið en hún lýsti yfir í haust að hún myndi hætta á þessu ári. „Ég ákvað að hugsa málið og gefa mér sumarleyfið til þess. Ég skoða þetta þegar ég kem til baka úr sumarfríinu,“ segir hún. Guðmundur Gunnarsson, for-



GYLFI ARNBJÖRNSSON

INGIBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR

maður Rafiðnaðarsambands Íslands, segir að forystumálin séu óráðin. Nokkrir hópar hafi

talað við sig en hann hafi takmarkaðan áhuga á verða forseti.

Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segist ekki ætla að hafa áhyggjur af þessu fyrr en í haust. „Hvað sjálfan mig varðar hef ég engan metnað gagnvart þessu starfi,“ segir hann.

„Auðvitað þykir mér vænt um stuðninginn og áhuga annarra á því en ég er ekki á leiðinni í framboð,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segist ekki vera á leið í framboð. - ghs

Tapa tugþúsundum í ráðstöfunartekjur

Launþegar án kjarasamninga geta tapað hátt í 150 þúsund krónum í laun fram til 30. september. Þeir sem luku samningum í febrúar hafa 88 þúsund krónum meiri ráðstöfunartekjur en hinir, samkvæmt útreikningum.

KJARAMÁL Launþegar sem ekki hafa samið fyrir 1. september geta tapað hátt í 150 þúsund krónum í heildarlaun á tímabilinu 1. mars til 1. september miðað við stéttirnar sem hafa samið.

Meðaltal reglulegra launa allra stétta í landinu voru 368 þúsund krónum á mánuði í fyrra. Ef borinn er saman einstaklingur með 368 þúsund á mánuði sem hefur fengið hækkan 1. mars sem nemur 5,5 prósentu launaprúnartryggingu og einstaklingur, sem fær ekki launahækkan fyrr en eftir 1. september, þá tapar sá síðarnefndi tæpum 142 þúsund krónum í heildarlaun á

tímabilinu frá 1. mars til 1. september, samkvæmt útreikningum sem Fréttablaðið hefur látið gera.



GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR

Ráðstöfunartekjur þess sem hefur samið eru rúmum 85 þúsund krónum meiri en þess sem enn á eftir að semja. Ef borinn er saman einstaklingur með 368 þúsund króna mánaðarlaun 1. febrúar, sem hefur fengið 21 þúsund króna taxtahækkan, eða sömu taxtahækkan og iðnaðarmennirnir innan ASÍ fengu um miðjan febrúar, og einstaklingur sem ekki hefur enn samið þá fær sá fyrrnefndi allt að 147 þúsundum meira í heildarlaun á þessu sjö mánaða tímabili en hinn. Hann hefur um 89 þúsund krónum meiri ráðstöfunartekjur á þessu tímabili.

Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, segir að ekki þurfi flókna útreikninga til að sýna að það sé aldrei launþega í hag að samningar tefjist. Það sé stór málefnaleg yfirlýsing að ganga að tilboði samninganevndar ríkisins nú. Málið sé ekki svona einfalt og háskólarnir vilji bara skoða það betur. „Ef þetta væri svona einfalt þá værum við að sjálfsögðu búin að skoða krónutöluleiðina,“ segir hún. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra



FÁUM HREINA MÆLINGU „Þá fáum við hreina mælingu á það hvort félagsmenn eru tilbúnir til aðgerða,“ segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður FÍH.

FORSENDURNAR

Tekjur þriggja einstaklinga eru bornar saman. Stéttarfélag einstaklings 1 samdi 15. febrúar og því fær hann 5,5 prósentu launaprúnartryggingu en einstaklingur 2 fékk 21 þúsund króna taxtahækkan. Stéttarfélag þriðja einstaklingsins semur ekki fyrr en eftir 1. september og því er hann með óbreytt laun. Einstaklingarnir eru allir með 368 þúsund krónum á mánuði, sem voru meðallaun allra stétta í landinu á mánuði í fyrra. Allir voru með sömu laun 1. febrúar. Miðað er við að einstaklingarnir hafi 18 milljóna lán sem var tekið í ársbyrjun 2005 með 4,5 prósent vexti til 25 ára. Verðbólgan er í samræmi við verðbólguþá ASÍ.

hjúkrunarfræðinga, FÍH, segir að tilboð ríkisins tryggi ekki kaupmáttinn næstu ellefu mánuði. Krafa sé um meira en það sem standi til boga. Greinilegur vilji sé meðal félagsmanna að berjast fyrir hærri hlut og því séu hjúkrunarfræðingar að fara í atkvæðagreiðslu um yfirvinnubann. „Þá fáum við hreina mælingu á það hvort félagsmenn eru tilbúnir til aðgerða til að berjast fyrir einhverju meira sem er alltaf óvíst hvað verður.“ ghs@frettabladid.is

Félag hópferðaleyfishafa: Vilja samrýma reglurnar

STJÓRNMÁL Aðalfundur Félags hópferðaleyfishafa hvetur fjármálaráðherra til að beita sér fyrir því að endurgreiðsluákvæði af olúgjaldi, sem gildir fyrir almenningssvagna, gangi jafnt yfir allar fólksflutningabifreiðar sem taka sautján farþega eða fleiri.

Þetta kemur fram í ályktun aðalfundar sem haldinn var nýlega á Stokkseyri. Þar er þess jafnframt farið á leit að endurgreiðsla vegna kaupna á nýjum og umhverfisvænni almenningssvögnum njóti sömu endurgreiðslu á virðisaukaskatti og í gildi er varðandi nýja hópferðabíla. - ovd



ANGUS YOUNG Nýjasta plata AC/DC kemur út í haust og verður eingöngu seld í verslunum Wal-Mart í Bandaríkjunum.

Rokkarar gera samning:

AC/DC og Wal-Mart sameinast

TÓNLIST Nýjasta breiðskífa gömlu brýnnanna í AC/DC verður eingöngu seld í verslunum Wal-Mart keðjunnar í Bandaríkjunum. Þetta hefur Wall Street Journal eftir háttsettum aðilum í tónlistariðnaðinum þar vestra.

Wal-Mart keðjan er stærsti söluaðili geisladiska í Bandaríkjunum. Nýlega bárust af því fregnir að verlanir Wal-Mart hygðust draga verulega úr úrvali geisladiska. Telja margir þá ákvörðun vera skref í átt úrelðingar geisladiskaformsins, en sífellt fleiri kjósa að hlaða niður tónlist af netinu.

Wal-Mart hefur nýlega gert samninga við Garth Brooks og The Eagles. - kg

DÓMSMÁL

Tíu mánaða fangelsi

Hæstiréttur dæmdi í gær Geir Þorsteinsson í tíu mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fíkniefnabrot. Geir játaði brot sín. Hann hefur áður hlotið dóma fyrir auðgunar- og fíkniefnabrot.

Explorer 2.0 - Götu hjól fyrir dómur og herra

- Álstall 7005 T-6
- Shimano Acera 21 girar
- Tektro V-bremsur
- SR Suntour M2000 framdempari m/63 mm slaglengd
- Stillanlegur stífleiki

Hjólið hentar vel innanbæjar og á malarvegum. Upprétt setstaða ásamt dempara í sætispósti auka enn á þægindin.

Verð

37.990 kr.



Trail X 2.0 - Fjallahjól

- Álstall 7005 T-6
- Shimano Acera 24 girar
- V-bremsur
- RST Omni 191 dempari m/75 mm slaglengd
- Stillanlegur stífleiki

Vandað, alhiða fjallahjól í skemmi eða lengri ferðir. Setstaða hentar vel til þolþjálfunar.

Verð **36.990 kr.**

Hjóladeildin er í Holtagörðum

Alþjóðleg ráðstefna
í Hátíðasal Háskóla Íslands
16. júní 2008

Smárikí - vaxandi afl? Stærra hlutverk smærri ríkja á 21. öldinni

Utanríkisráðuneytið og Rannsóknasetur um smárikí standa fyrir ráðstefnu um árangur smárikja og tækifæri til áhrifa í alþjóðasamvinnu.

Dagskrá ráðstefnunnar er tvískipt og fer fyrri hluti hennar fram á íslensku en seinni á ensku. Ráðstefnan er lokaráðstefna háskólafundaraðar utanríkisráðuneytisins og háskóla landsins.

Stjórnandi:
Póra Arnórsdóttir,
fréttamaður,
stundakennari við
Háskóla Íslands

Stjórnandi:
Alyson Bailes,
gestakennari við
Háskóla Íslands og
fyrirverandi forstöðu-
maður Stockholm
International Peace
Research Institute
(SIPRI)

Stjórnandi:
Dr. Baldur Þórhallsson,
prófessor í
stjórnmálafræði og
stjórnarformaður
Rannsóknaseturs um
smárikí við Háskóla
Íslands

- 09:00 - 09:05 **Setning ráðstefnu**
- 09:05 - 09:20 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra
Staða Íslands á alþjóðavettvangi
- 09:20 - 09:35 Dr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík
Ávinningur og áskoranir smárikja í þekkingardröfnun hagkerfi 21. aldar
- 09:35 - 09:50 Dr. Skúli Skúlason, rektor Háskólans á Hólum
Á íslensk þekking erindi við heiminn?
- 09:50 - 10:05 Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun
við Listaháskóla Íslands
Ímynd Íslands - skiptir stærðin máli?
- 10:05 - 10:20 Silja Bára Ómarsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs um smárikí
**Samvinna háskólasamfélags og stjórnvalda í smárikí
- samantekt háskólafundaraðar**
- 10:20 - 10:35 **KAFFI**
- 10:35 - 11:45 **Pallborðsumræður stjórnmálaflokka.**
Árni Páll Arnason, Samfylkingunni, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokkki,
Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs,
Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokkki og Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda
flokknum.
- HÁDEGISHLÉ**
- 13:00 - 13:05 **Setning ráðstefnu**
- 13:05 - 13:25 Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
Ávarp
- 13:25 - 13:50 Elisabeth Rehn, fyrirverandi aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Sameinuðu
þjóðunum
Forystuhlutverk smárikja í friðaruppbyggingu
- 13:50 - 14:15 Colin Keating, forstöðumaður Security Council Report og fyrirverandi
fastafulltrúi Nýja-Sjálands hjá Sameinuðu þjóðunum
Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna - valmöguleikar smárikja
- 14:15 - 14:40 Dr. Kevin Casas, sérfræðingur hjá Brookings stofnuninni og fyrirverandi
varaforseti Kostaríku
**Áhrif herlausra smárikja í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna: Reynolds
Kostaríku**
- 14:40 - 14:55 **Samantekt og umræður - Hlutverk smárikja í öryggis- og friðarmálum í
alþjóðasamfélaginu**
- 14:55 - 15:15 **KAFFI**
- 15:15 - 15:40 Dr. Angus Friday, fastafulltrúi Grenada hjá Sameinuðu þjóðunum og formaður
Bandalags smáeyríkja (AOSIS)
Aukin áhrif smárikjasamstarfs og hlutverk innan Sameinuðu þjóðanna
- 15:40 - 16:05 Dunya Maumoon, varautanríkisráðherra Maldíveyja
Stefna Maldíveyja á sviði mannréttinda og umhverfismála
- 16:05 - 16:35 **Samantekt og umræður - Geta smárikí valið sér sína eigin stærð innan
alþjóðakerfisins?**
- 16:35 - 16:45 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra
Lokaorð
- 17:00 - 18:30 **MÓTTAKA Í ÞJÓÐMINJASAFNI ÍSLANDS**



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



RANNSÓKNASETUR
UM SMÁRIKÍ

Ráðstefnan er öllum opin en þátttakendur eru vinsamlegast beðnir um að
skrá sig á vefsíðu Alþjóðamálastofnunar www.hi.is/ams
Allar nánari upplýsingar má finna á www.hi.is/ams og
www.utanrikisraduneyti/haskolafundarod/

N1

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GRILLUM



AFSLÁTTUR GILDIR TIL 18. JÚNÍ

**FRÍ
HEIMSENDING
Á HÖFUÐ-
BORGAR-
SVÆÐINU Á
SAMSETTUM
GRILLUM**

BROIL KING SIGNET 90

- 13,2 kW / 50,000 BTU Dual-Tube™ brennari
- 2,7 kW / 10,000 BTU hliðarhella úr ryðfríu stáli
- 5,25 kW / 15,000 BTU bakbrennari fyrir grillteini
- 3 Dual-Tube™ ryðfrír linubrennari
- 2 grillgrindur úr steypujárni
- Rotisserie grillteinn
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjakerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Skápur með stálhurðum

71.920
~~89.900~~

**BROIL KING GEM**

- 8,8 kW / 30,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjakerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum

18.320,-
~~22.900~~

**BROIL MATE**

- 11,4 kW / 40,000 BTU H brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjakerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð úr stáli með áhaldakrökum

26.320,-
~~32.900~~

**BROIL KING
PORTA-CHEF**

- 5 kW / 20,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjakerfi

14.320,-
~~17.900~~

N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR

SÍMI 440 1000

WWW.N1.IS

Fjöldi lögreglumanna tók þátt í umfangsmikilli leit að manni á Akranesi í gær:

Maðurinn talinn vopnaður

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akranesi handtók í gær karlmann á miðjum aldri vegna hraðaksturs og gruns um að hann æki undir áhrifum fíkniefna.

Lögreglan mætti manningum norðan við Hvalfjarðargöngin og gaf honum merki um að stöðva bifreið sem hann ók. Maðurinn sinni hins vegar ekki ábendingu lögreglunnar heldur jók ferðina og mældist bifreið hans um tíma á 180 kílómetra hraða á klukkustund.

Lögreglumenn hættu eftirförinni þegar nær dró Akranesi þar sem þeim þótti sýnt að ekki næðist að stöðva manninn. Þá höfðu lög-



AF VETTANGI Á AKRANESI Að minnsta kosti tíu lögreglumenn frá Akranesi, Borgarnesi og sérsveit Ríkislögreglustjóra tóku þátt í aðgerðunum í gær.

MYND/SKESSUHORN

reglumenn á tveimur öðrum bifreiðum og mótörhjólum bæst í eftirförina.

Skömmu síðar fannst bifreið mannsins við Ægisbraut á Akra-

nesi og var þá afráðið að kalla út sérsveit Ríkislögreglustjóra þar sem maðurinn var talinn vopnaður. Var sú ákvörðun byggð á því að maðurinn hefur að undanförunum verið viðriðinn brotastarfsemi og iðulega verið vopnaður við handtökur.

Maðurinn var svo handtekinn um klukkan hálf þrjú í gær eftir töluverða leit í bænum og fluttur á lögreglustöð þar sem hann var í nótt. Þá fundust tíu grömm af fíkniefnum skammt frá bifreið mannsins og leikur grunur á að hann hafi kastað efnunum úr bifreiðinni. Málið er í rannsókn.

- ovd

Erlendir foreldrar fá ekki undanþágu

Erlendir makar og börn íslenskra ríkisborgara geta verið á landinu á meðan umsókn þeirra um dvalarleyfi er til meðferðar en ekki erlendir foreldrar Íslendinga. Útlendingastofnun segir uppruna gagna aðeins kannaðan ef ástæða sé talin til.

FÓLK Ákvæði í reglugerð um útlendinga, þess efnis að fólk geti dvalið á Íslandi á meðan það bíður dvalar- og atvinnuleysis, á ekki við um erlenda foreldra íslenskra barna. Ef svo væri gæti María Celeste Bravo Herrera, sem bíður þess að pabbi hennar komist til Íslands í vinnu, fengið að hitta hann fyrr en ella.

Faðir Maríu, Pablo Bravo Herrera, þarf dvalar- og atvinnuleyfi til að geta komið hingað, hitt dóttur sína og unnið fyrir rándýrri ferðinni frá Argentínu. Til að dvelja á landinu á meðan umsókn um leyfið er til meðferðar þarf undanþágu, en um hana gilda strangar reglur.

Að því er segir í reglugerð dómáráðuneytisins um útlendinga geta umsækjendur fengið að dvelja á Íslandi á meðan þeir bíða útgáfu leyfisins ef þeir eru makar eða börn íslensks ríkisborgara eða ef aðrar ríkar sanngirnisaðstæður mæla með því. Þetta gildir hins vegar ekki um foreldra íslenskra barna.

„Útlendingastofnun hefur heimild til að veita þessa undanþágu á grundvelli ríkra sanngirnissjónarmiða,“ segir Anna Valbjörg Ólafsdóttir, forstöðumaður leyfasviða Útlendingastofnunar. „Það hlýtur hins vegar, eðli málsins samkvæmt, að þurfa að koma beiðni um slíka undanþágu í hverju tilviki og slík beiðni er þá tekin til skoðunar.“

Fram kom í Fréttablaðinu að sakavottorð Pablos hefði verið sent í upprunakönnun og því



PABLO OG MARÍA María ætlar með pabba sínum til Argentínu í sumar og mun setjast þar á skólabeck í hálf ár. Hann þarf að koma hingað sem ferðamaður ef hann ætlar að geta fylgt henni út í tæka tíð.

MYND/EYJA LÍF

Meðalafgreiðslutími umsókna hjá útlendingastofnun er þrjár mánuðir, sem telst vera ágætlega hraður afgreiðslutími miðað við önnur lönd.

**ANNA VALBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR
HJÁ ÚTLENDINGASTOFNUN**

yrðu tafir á útgáfu leyfisins. Hann hefur því beðið útgáfunnar á Spáni í tvær vikur. Eyja Líf Sævarsdóttir, móðir Maríu, sagðist undrast það að skyndilega þyrfti að kanna bakgrunn manns sem hefði fengið dvalarleyfi hér

margoft á undanförunum ellefu árum án teljanlegra vandkvæða.

Anna Valbjörg segist ekki geta tjáð sig um einstök mál, en segir þó að almennt séu gögn ekki send í upprunakönnun nema ástæða sé talin til þess. Hún segir jafnframt að afgreiðslutími umsókna hjá Útlendingastofnun sé ekki óeðlilega langur. „Meðalafgreiðslutími umsókna hjá Útlendingastofnun er þrjár mánuðir, sem telst vera ágætlega hraður afgreiðslutími miðað við önnur lönd. Síðan reynum við auðvitað eftir fremsta megni að hraða umsóknum,“ segir hún.

stigur@frettabladid.is

Von á nýju frumvarpi um starfsumhverfi frístundabáta:

Ferðamenn ögra hag sjómanna

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að sett hafi verið á laggirnar nefnd sem fjalli um starfsumhverfi frístundabáta, en trillusjómenn telja sig búa við óréttláta samkeppni við þá.

„Ég lagði fram frumvarp um þetta á síðasta hausti og þá kom í ljós að það þyrfti að skoða ýmsa fleti á því betur,“ segir Einar. „Ég vonast til þess að breytt frumvarp líti dagsins ljós í haust þar sem tekið verður á þessum málum heildstætt. Frístundaveiði er atvinnugrein sem allir vilja hlúa að en getur sett strik í reikninginn fyrir aðrar greinar svo þetta er nokkuð flókið mál sem þarf að fara vel yfir.“

Trillusjómenn á Snæfellsnesi sendu Siglingamálastofnun erindi á föstudag þar sem þeir krefjast þess að komið verði til mótis við þá í samkeppni við frístundasjómenn sem þeir segja stunda ólöglegar veiðar. Hafi þeir hvorki vélstjórnar- né skipsstjórnar-réttindi líkt og krafist er af smábátaeigendum og hafi þeir róið á sjómannaðag sem er sjómönnum óheimilt. Segja þeir enn fremur að síðan sjóstangveiðimenn á Vestfjörðum byrjuðu að leigja kvóta hafi kvótaleiguvæðing hækkað svo að það svári ekki kostnaði fyrir trillusjómenn að róa.



TILBÚINN MEÐ SÍN BJÓÐ Margir sjómenn segja að það borgi sig ekki að fara með bjóð né skakrúllur á miðin nú þegar kvótaleiguvæðing er orðið svona hátt. Segja þeir það hafa hækkað verulega frá því frístundasjómenn fóru að leigja kvóta.

Helgi Jóhannesson, forstöðumaður hjá Siglingastofnun, segir að erindinu hafi verið svarað á þá leið að það bæri að senda sjávarútvegsráðuneyti og samgöngumálaráðuneyti.

- jse



TAX FREE

DAGAR

Dagana 12.-15. júní
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa fjóra daga.

*Fatnaður á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. júní 2008.

OPÍÐ
til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein færð betra verð

Grænlenka landstjórnin vöruð við að axla fjárhagsábyrgð á virkjun fyrir álver:

Tillaga um sameign með Alcoa

GRÆNLAND Formaður ráðgjafar-nefndar um efnahagsmál Grænlands hefur bent á þá áhættu sem grænlenka heimastjórnin tekur með fjárfestingum í uppbyggingu álvers í bænum Maniitsoq.

Í dagblaðinu Sermitsiaq er haft eftir formanninum, Steen Ryd Larsen, að ákvörðunin um byggingu álversins sé algjörlega á borði heimastjórnarinnar; dönsk yfirvöld taki ekki afstöðu til málsins. En Danir muni ekki veita Grænlendingum fjárhagslega aðstoð ef álversævintýrið fer á verri veg. Því beri að taka ákvarðanir að vel athuguðu máli.

Í skýrslu nefndar grænlenka



FRÁ MANIITSOQ Ráðgjafarfyrtæki segir fjármögnun virkjunar of áhættusama fyrir grænlenka landssjóðinn. MYND/MANIITSOQ.GL

landspingsins um álversáformin er rætt um þá áhættu sem felst í

því að taka fjárhagslega ábyrgð á virkjuninni. Í skýrslunni er vitnað í álit breska ráðgjafarfyrtækisins CRU, en til þess hefur Landsvirkjun einnig leitað um ráðgjöf.

Meðal annars með vísan í reynsluna af byggingu Kárahnjúkavirkjunar segir þar að það væri of mikil áhætta fyrir grænlenka landssjóðinn að bera alla fjárhagsábyrgðina af hinni fyrirhuguðu virkjun. CRU leggur til að þess í stað verði stofnað hlutfélag um virkjunina sem yrði í sameign landssjóðsins og Alcoa. Eða þá að Alcoa eigi bæði virkjunina og álverio og greiði landssjóðnum fyrir afnot af vatnsorkunni. - aa

Hæstiréttur:

Fimm ár fyrir heiftarlega árás

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt Robert Olaf Rihter, sem er pólskur ríkisborgari, í fimm ára fangelsi fyrir lífshættulega líkamásrás.

Maðurinn var ákærður fyrir að slá landa sinn ítrekað með brotinni glerflösku í höfuð, háls og víðar í líkamann. Fórnarlambið fékk meðal annars mar á augnknetti og augntóftarvefi og djúp sár í gegnum hálsvöðva. Samkvæmt vottorði læknis og framburði hans yrði dómi var atlagan lífshættuleg og réði hending því að ekki hlaut bani af. Rihter var dæmdur til að greiða fórnarlambinu 790 þúsund krónur í skaðabætur.

- jss



OLIUMENGUN Í PARAGVÆ Sjófuglar, útataðir í oliu, í fjörinni við bæinn Pirapolis í Úrúgvæ í Suður-Ameríku. Olía fór í sjóinn við áreikstur skipa utan við höfnina í Montevideo. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SAMGÖNGUR

Öll tilboð undir áætlun

Fimm tilboð bárust í hafnar- og vegagerð í Landeyjahöfn. Suðurverk átti hagstæðasta tilboðið, tæpa 1,9 milljarða, 60 prósent af kostnaðaráætlun. Klæðning átti næst hagstæðasta tilboðið, tæpan 2,1 milljarð, 67 prósent af kostnaðaráætlun. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á rúman 3,1 milljarð.

ÞÝSKALAND

Fylgishrun krata

Þýski jafnaðarmannaflokkurinn SPD mælist nú með sögulega lítið fylgi, tuttugu prósent, í kjölfar ákvörðunar flokksins um að tefla fram eigin frambjóðanda til þýska forsetaembættisins, gegn hinum vinsæla Horst Köhler sem kemur úr flokki kristilegra demókrata.

Óveður víða í Bandaríkjum:

Fjórir skátar létust í fellibyl

BANDARÍKIN, AP Fjórir unglingspiltar létust þegar fellibylur gekk yfir skátabúðir í Iowa í Bandaríkjunum á miðvikudagskvöld. 48 manns slösuðust að auki í Iowa.

Í Kansas-ríki létu tveir lífið og þrír særðust alvarlega. Bærinn Chapman eyðilagðist nánast allur og miklar skemmdir urðu á háskólanum í Kansas.

Fellibylur skulu líka á í suðurhluta Minnesota og í austurhluta Nebraska. Þá hefur slæmt veður í Bandaríkjunum einnig orsakað flóð víðs vegar. Við Mississippi-ána hefur versta flóði í fimmtán ár verið spáð. - þeb

Mótmæli bílstjóra á Spáni:

Bílstjórar hvattir að til vinna

SPÁNN, AP Yfirvöld á Spáni hafa hvatt vörubílstjóra, sem hafa staðið fyrir mótmælaaðgerðum síðustu daga, til að snúa til vinnu.

Á miðvikudag var skrifað undir samkomulag við þá vörubílstjóra sem ekki hafa verið í verkfalli. Samkomulagið felur í sér lækun á sköttum og fleiri aðgerðir til að minnka áhrif hækkandi bensínverðs. Mótmælendurnir, sem flestir eru sjálfstætt starfandi bílstjórar, neituðu hins vegar að skrifa undir.

Yfirvöld á Spáni hafa ákveðið að veita öðrum vörubílstjórum lögreglufylgd svo mótmælin hafi ekki áhrif á þá. - þeb



HELGI SELJAN JÓHANSSON Kastljóssmenn vísa á bug ásökunum um óvönduð vinnubrögð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Krefja Kastljós um milljónir í miskabætur

Aðalmeðferð í meiðyrðamáli gegn Kastljósinu fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Málið beinist að umfjöllun Kastljóssins um veitingu Alþingis á ríkisborgararétti til Luciu Celeste Molina Sierra.

DÓMSMÁL Birnir Orri Pétursson og Lucía Celeste Molina Sierra, unusta hans, krefjast þriggja og hálfar milljónar króna í miskabætur frá Páli Magnússyni, útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins, og fréttamönnum Kastljóss, þeim Helga Seljan Jóhannssyni, Jóhönnu Vilhjálmsdóttur, Sigmari Guðmundssyni og Þórhalli Gunnarssyni. Aðalmeðferð málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Málið snýr að umfjöllun Kastljóss á fyrri hluta síðasta árs um veitingu Alþingis á ríkisborgararétti til Lucíu. Umsókn Lucíu hlaut óvenju greiða afgreiðslu og vöktu tengsl Lucíu við Jónínu Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra og þingmann Framsóknarflokksins, athygli, en Jónína er móðir Birnis.

Birnir og Lucía sögðu að umfjöllunin hefði komið illa við þau persónulega og Birnir taldi hana hafa verið óvandaða. „Ég átti bágþ með að trúa þessu. Ég hélt að þetta væri misskilningur sem yrði leiddur,“ sagði hann. „Þetta var eins

og herför gegn mömmu minni og hafði brag æsifréttamennsku. Ég var sár að fjölskyldan mín fengi klífustimpil á sig – eins og hún væri hafin yfir lögin.“

Umfjöllunin kom illa við Lucíu. „Við tókum þetta óskaplega nærri okkur. Mér fannst óþægilegt að það væri strax ljóst að þetta væri ég. Mér fannst þeir nota mig til að ná til Jónínu. Ég missti vinnu vegna þessa því margir trúðu umfjölluninni. Ég fann fyrir tortryggni frá fólki,“ sagði hún.

Kastljóssmenn lögðu hins vegar áherslu á að umfjöllunin hefði ekki beinist að persónu Lucíu, heldur að vinnubrögðum stjórnáráðmanna. „Við vorum ekki að fjalla um Lucíu og Birni, heldur um meðferð valds og veitingu ríkisborgararéttar sem er ákaflega heilagur réttur. Þetta snerist um það hvernig stjórnáráðmenn og embættismenn fara með vald sitt,“ sagði Sigmar. Fréttamennirnir vísuðu á bug ásökunum um að málið hefði átt sér pólitískar rætur. „Það er fjarstæðukennt,“ sagði Helgi. gunnlaugurh@frettabladid.is

ÓVENJUSKAMMUR DVALARTÍMI

Birnir og Lucía kynntust sem unglingar í Guatemala, þaðan sem Lucía kemur. Þau eru nú búsett á Íslandi. Lucía talar góða íslensku og starfar á veitingahúsi.

Lucía hlaut ríkisborgarétt þótt hún hefði aðeins dvalið á landinu í fimmtán mánuði. Samkvæmt almennum reglum skal útlendingur í skráðri sambúð við Íslending hafa verið búsettur hérlandis í fimm ár frá skráningu sambúðar til að hljóta ísliskan ríkisborgarétt. Alþingi getur þó veitt ríkisborgarétt fyrir með sérstökum lögum, en ber að gæta jafnræðis í þeim efnunum. Samkvæmt heimildum blaðsins yrði almennt miðað við að umsækjendur í stöðu



BIRNIR ORRI OG LUCIA CELESTE

Lucíu hefðu verið búsettir hér í fjögur til sex ár til að hljóta ríkisborgarétt með lögum.

Þegar Lucía sótti um ríkisborgaréttinn var hún með skráð lögheimili hjá Jónínu Bjartmarz. Móðir Jónínu var meðal meðmælenda Lucíu.

Laugardagsfundur með Hönnu Birnu

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna, ræðir um borgarmálin og horfur í stjórnámum í Reykjavík á laugardagsfundum í **Valhöll 14. júní**.

Sjálfstæðisflokkurinn og Vörður, fulltrúaráðið í Reykjavík, standa fyrir fundinum sem hefst kl. 10.30.

Fundarstjóri:

Marta Guðjónsdóttir, formaður Varðar.

Kaffi og veitingar á boðstólum.

Allir velkomnir!

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN



VIKA 19

DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier

Styttist í heimkomu



„Það styttist í að ég komi heim,“ segir Charlotte, sem stódd er í Líberíu á vegum IceAid. „Bygging heilsugæslu- stöðvarinnar gengur vel og ég hef, ásamt stúlkum á munaðarleysingjaheimilinu, saumað og skreytt skólatöskur fyrir börnin á heimilinu. Á miðvikudagskvöldið borðuð- um við á hjá fólkinu á sjúkraskipinu, Mercy Ship. Við ætlum svo að halda litla veislu á föstudaginn. Það verður leiðinlegt að fara héðan en ég mun örugglega koma fljótt aftur, vonandi innan árs.“

Rachid Benguella

Stoltur af vini sínum



„Ég hef verið að njóta góða veðursins undanfarna daga,“ segir Rachid, sem vonast til að veðrið verði jafn gott í allt sumar. „Á laugardaginn hringdi ég í marokkóskan vin minn til að biðja hann um að hitta mig yfir kaffibolla. Þá sagðist hann vera í Hveragerði að hjálpa gömlu fólki að taka til eftir jarðskjálftana. Hann þekkir fólkið ekkert en fór bara ásamt nokkrum öðrum útlendingum sem ákváðu að fara austur til að hjálpa til. Þessi vinur minn varð mjög hissa að sjá hve illa allt var farið hjá þessu gamla fólki og það þótt nokkur tími væri liðinn síðan skjálftarnir riðu yfir.“

Junphen Sriyoha

Fór á Gullfoss og Geysi



„Ég fór um síðustu helgi með vinum mínum að skoða Gullfoss og Geysi. Ein vinkona mín, sem er nýflutt til Íslands, hafði aldrei ferðast neitt hérlandis svo við gripum tækifærið og fórum með hana á Gullfoss og Geysi. Það rigndi svolítið á okkur en það var allt í góðu lagi. Við fengum okkur kaffi og keyptu nokkra minjagripa áður en við héldum aftur heim. Allir skemmtu sér mjög vel, þar á meðal ég þótt ég hafi nokkrum sinnum áður heimsótt þessa staði.“



Alla daga frá kl. 10 til 22.

8000 5555

Alla daga frá 10 til 22



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Hingað og þangað fyrir aðeins 4.990 kr.



Aðeins bókanlegt 13. júní – 300 sæti í boði.

Tilboð til og frá eftirtöldum stöðum:

Reykjavík

→ Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður og Vestmannaeyjar.

Ferðatímabil frá 16. til 24. júní.

300 sæti í boði.

Aðeins bókanlegt í dag, 13. júní frá klukkan 10:00.



Linde Gas }

AGA

BÓNUS**BÓNUS****BÓNUS****45%
AFSLÁTTUR****HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**
1539 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.Egils gull
500 ml 59 kr.**59****40%
AFSLÁTTUR****KF EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**
1198 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.**50%
AFSLÁTTUR****KS frosin lambasvið**
199 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.**2498****KS ferskt lambafillet**
2498 kr./kg.**1198****KS frosnar lærisneiðar**
1198 kr./kg.**30%
AFSLÁTTUR****KF kofareykt úrbeinað hangilæri**
1889 kr./kg. MERKT VERÐ 2699 KR./KG.**698****Nautaveisla ferskt nautahakk**
698 kr./kg.**30%
AFSLÁTTUR****KS frosinn lambabógur**
489 kr./kg. MERKT VERÐ 698 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR****Holta ferskir blandaðir kjúklingabitar**
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.**498****4 Bónus ferskir ungnautahamborgarar m/brauði** **498 kr.** 100% UNGNAUTAKJÖT.**1279****Frosnar svínalundir Hollenskar**
1279 kr./kg. MERKT VERÐ 1598 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BONUS**BONUS****BONUS**

GOTT BÓNUS GRILLKJÖT INNAN VIÐ 1000 KR./KG.

**NÝTT
Í BÓNUS****998****Bónus grill grísakótilettur
aðeins 998 kr./kg.****NÝTT
Í BÓNUS****998****Bónus grill grísa hnakkasneiðar
aðeins 998 kr./kg.****NÝTT
Í BÓNUS****998****Bónus grill grísa bógsneiðar
aðeins 998 kr./kg.****198****Bónus gleðipinnar
15 stk 198 kr.****295****Emmess toppar 4 stk í pakka
Hnetu og Daim 295 kr kassinn****PEPSI MAX
2 ltr. fl. 119 kr.**

Amerískar McCain Crescendo Pizzur

**NÝTT
Í BÓNUS****398****McCain Pizza 4 Cheese;**
með fjórum tegundum af osti:
Mozzarella, Cheddar, Monterey Jack,
Parmesan. Stærð: 770g.**McCain Pizza Deluxe:**
með ítalskri pylsu, pepperoni, paprikku, lauk,
ólívum og osti. Stærð 990g.**McCain Pizza Pepperoni:**
með pepperoni pylsu og osti.
Stærð 830g.**119**Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.**BONUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

„ORÐRÉTT“

Samt sáttur

„Í ljósi alls þessa er ég ekki viss um að ég hefði hætt í pólitíkinni nákvæmlega á þessum tíma, ef ég hefði ekki veikst. Samt er ég fullkomlega sáttur við að hafa hætt.“

DAVIÐ ODDSSON UM VEIKINDI SÍN OG TENGLS PEIRRA VIÐ ÞÁ ÁKVÖRDUN AÐ HÆTTA AFSKIPTUM AF PÓLÍTÍK.

Heilbrigðismál, 12. júní 2008

Lélegir viðskiptavinir

„Þeir eiga það sameiginlegt að vera ekki meðal okkar uppáhaldsviðskiptavina þegar kemur að hárvörum, enda ekki með neitt hár.“

ÁSGEIR SVEINSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HALLDÓRS JÓNSSONAR, UM ÞÁ ÁKVÖRDUN AÐ VELJA SKÖLLÓTTA FÓTBOLTAMENN Í HÁRVÖRU AUGLÝSINGU.

Fréttablaðið, 12. júní 2008

tilveran

nær og fjær

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐMUNDUR R. GÍSLASON FORSETI BÆJARSTJÓRNAR Í FJARÐABYGGÐ

Sú Ellen-plata kemur með kalda vatninu

„Ég ligg nú bara og sleiki sólina hérna á Suðurlandinu, þar sem ég verð við útskrift mágakonu minnar úr Kennaraháskólanum. Ég ætla að nýta friið til að slappa af og jafna mig eftir maraþon sem ég hljóp í Kaupmannahöfn í maí. Ég er ákaflega stoltur af þessu maraþoni, sem ég hljóp með fleiri Norðfirðingum, bæði Hálfháni Steinþórs-syni sjónvarpsstjórnu og Birni Magnússyni, lækni og tengdapabba Hálfháns,“ segir Guðmundur Rafnkvæmdastjóri Gámabjónustu Austurlands og liðsmaður hljómsveitarinnar Sú Ellen.

„Það er mikið að fréttá. Í fyrradag var skemmtilega ráðstefna undir heitinu Vor í Fjarðabyggð – Þankþing, þar sem við fengum ráðuneytisstjóra og fleiri til að

spá í framtíðina. Svo er ég líka á fullu í uppbyggingu í starfi mínu sem framkvæmdastjóri Gámabjónustunnar. Við erum með skemmtilegt frumkvöðlastarfi í gangi hérna í samvinnu við Fjarðarál. Við hendum engu heldur

endurvinnum og endurnýtum allt sem fellur til,“ segir Guðmundur.

Hann segir öll sólóverkefni í tónlistinni vera í frii þessa dagana en bætir við að Sú Ellen sé að vinna plötu í rólegheitunum. „Þetta kemur allt með kalda vatninu, hún kemur líklega á næsta ári en það kemur bara í ljós. Ég vil lítið gefa upp um plötuna en það eina sem ég get sagt er að þemað verður í austfirskum anda.“



Glymskratti góðviðrisdaganna

Hinn 71 árs gamli Guðjón Guðjónsson hefur dælt úrvals harmonikkutónlist yfir vegfarendur Laugavegs og Austurstrætis á góðviðrisdögum síðustu sumra. Fréttablaðið tók þennan roskna riddara götunnar tali.

„Ég fer nú líklega að hætta þessu fljótlega. Maður þarf nú að vera til friðs einstöku sinnum,“ segir hinn 71 árs gamli Guðjón Guðjónsson, fyrrverandi flugstjóri og húsasmíðameistari. Þeir sem leggja leið sína í miðbæ Reykjavíkur reglulega hafa mjög líklega orðið varir við Guðjón, en hann er maðurinn sem keyrir gjarnan rúntinn niður Laugavegin og inn Austurstræti á góðvirðisdögum. Út um niðurskrúfaða bílrúðuna á gljáfægðri Mercedes Benz bifreið Guðjóns berst jafnan hressandi tónlist á hæsta styrk. Hann gantast við gesti og gangandi, syngur með lögum og slær jafnvel hörðustu FM-hnökkum við í töfvaraskap.

Guðjón segist hafa byrjað að keyra rúntinn reglulega fyrir þremur til fjórum árum. „Ég hef ekki orðið var við annað en að fólk kunnir vel að meta þessa uppátækjasem í mér. Það hefur að minnsta kosti enginn kvartað ennþá, en stundum kemur að mér fólk og slær á létta strengi, spyr hvaða músík ég ætli að bjóða upp á þann daginn og fleira í þeim dúr.“ Guðjón er mikill tónlistaráhugamaður og leyfir almúganum að njóta með sér þess besta sem diskasafnið hans býður upp á. „Ég á mikið af góðum diskum, og í raun má segja að sumir þeirra séu betri en fljúgandi diskar,“ segir hann og hlær dátt. „Ég er mikið fyrir ljúfa harmonikkutóna. Svo er ég einlægur aðdáandi snillinga eins og Ragga Bjarna,



B 747 Einkanúmerið á Benz-bifreið Guðjóns er stytting á Boeing 747. Guðjón er fyrrverandi flugstjóri og hafsjór af fróðleik og skemmtilegum sögum um flugtengd ævintýri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Engelberts Humperdinck og Toms Jones. Ég fór að sjá Tom þegar hann hélt tónleika hér á landi og skemmti mér konunglega.“

Guðjón býr ásamt eiginkonu sinni í Hafnarfirði. Hann er að eigin sögn heimsborgari, enda kom hann víða við í starfi sínu sem flugmaður. „Ég bjó í tuttugu ár í Lúxemborg, og hef auk þess búið í Alaska, Tókýó og

Manchester í lengri eða skemmri tíma. Ég kunnir vel við mig í Lúxemborg. Þar tala flestir ensku, en sjálfur lærði ég bara eina setningu í þýsku; Ich liebe dich,“ segir hann og brosir.

Guðjón getur vonandi nýtt sér þýskukunna áttuna á tíu ferðum sínum um miðbæinn í sumar.

kjartan@frettabladid.is

SJÓNARHÓLL

HÆKKANDI ELDSNEYTISVERÐ

Ýtir undir aðra orkunotkun



ERPUR EYVINDARSON
Tónlistarmaður

„Þetta bensínverð er löngu orðið allt of hátt,“ segir Erpur Eyvindarson tónlistarmaður.

„Ég fylli ekki á bílinn fyrir minna en 8.000 krónur, það er auðvitað fátækt.“

Hann segir eitt þó jákvætt við hækkandi eldsneytisverð.

„Þá getur fólk af alvöru farið að tala um mun skynsamlegri orkugjafa. Þá neyðast bílafyrirtækin til þess að fara fram í tímann og notast við orkugjafa eins og jarðgas, vetni eða rafmagn.“

Hann segist sjálfur þó lítið nota bíla og reynir að samnýta með vinum og kunningjum.

„Það verður miklu betra fyrir umhverfið og fjárhag fólks þegar við förum að notast við aðra orkugjafa,“ bætir Erpur við að lokum.

Starfsgreinasamband Íslands

Auglýsir

Núna stendur yfir **póstatkvæðagreiðsla um samkomulag** Starfsgreinasambands Íslands, f.h. aðildarfélaga sinna við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um breytingar á kjarasamningi aðila sem skrifað var undir 26. maí s.l.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn aðildarfélaga SGS sem vinna eftir þessum ríkissamningi og greiddu félagsgjöld til einhverra eftirtalinnna félaga í apríl 2008:

Eflingar-stéttarfélag, Einingar-Íðju, Verkalýðsfélags Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Verkalýðsfélags Snæfellsbæjar, Verkalýðsfélags Stjórnunnar, Verkalýðsfélags Stykkishólms, Verkalýðsfélags Vestfirðinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, Verkalýðsfélags Hrutfirðinga, Stéttarfélag Samstöðu, Öldunnar stéttarfélag, Framsýnar stéttarfélag, Afls starfsgreinafélags, Verkalýðsfélags Suðurlands, Bárunnar stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Verkalýðs- og sjómannafélags Boðans, Verkalýðsfélags Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis.

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélag, og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, **enda leggi viðkomandi fram launaseðil sem sanni afdregin félagsgjöld í apríl 2008.**

Tekið er við kjörskrárkerum samkvæmt framansögðu til kl. 12.00 föstudaginn 20. júní en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.

Reykjavík, 30. maí 2008.

**Kjörstjórn
Starfsgreinasambands Íslands
Sæturni 1
105 Reykjavík**



HRESSIR STARFSMENN En jafnframt ráðagóðir, lúsiðni og heiðarlegir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Síðustu leifar gamla tímans

Ljósasmiðjan JS er við fyrstu sýn eins og hvert annað verkstæði en þegar inn er komið er óhjálpslegt að finna sálinu sem umlykur allt. Á þessum árstíma eru þau mest að gera við sláttuvélur og aðrar smávélur, en á veturna hanna þau og smíða leiðiskrossa og jólastjörnur úr díóðuljósnum.

„Við finnum leið til að redda hlutunum. Fólk kemur kannski inn alveg í öngum sínum af því að það eru ekki til neinir varahlutir en þá verður maður bara að smíða sjálfur í þetta. Maður deyr ekki ráðalaus. Svo gengur kunninn kannski út brosandir. Við leggjum ofuráherslu á að kunninn sé ánægður, hann er það dýrmætasta sem til

er,“ segir Sigurður Arnet Vilhjálmsson, annar tveggja eigenda fyrirtækisins. „Við gerum að minnsta kosti alltaf okkar besta til að bjarga hlutunum. Þetta er líka þrjúsjoka. Maður vill ekki gefast upp. Svo er maður kannski fjóra eða fimm tíma að gera við vél en getur ekki rukkað nema fyrir tvo.“

Viðhorf starfsmanna er af gamla skólanum og þeir bera virðingu fyrir hlutum. „Það er rosa-lega ríkt í Íslendingum að henda hlutum. Við grátum það að þurfa að henda einhverju sem má gera við en við erum náttúrulega orðnir gamlir kallar.“

gudmundure@frettabladid.is

LAUGARDALSHÖLL

1. JÚLÍ, KL. 20.00

PAUL SIMON

Ásamt
stórhljómsveit

Miði.is og afgreiðslustaðir

Stúka 11.900,- (ath. aðeins 1200 sæti)

Stæði 6.900,-

midi.is



Stöngin inn... í stofu!

Frábær EM tilboð á sjónvörpum!

42"



Sharp LE42RD2E

~~249.900,-~~

229.900,-

HD Ready - 1366x768,
100Hz tækni
Skerpa - 1800:1 (10.000:1 Dynamic)
Svartími - 4ms
Sjónsvið - 176° / 176°
DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf
fyrir afruglarakort
Clear Flat hljóðkerfi - góður og kraftmikill hljómur
truD myndvinnsla - eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar
Tengingar - 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub),
Component, AV/S-Video
Ábyrgð - Þriggja ára ábyrgð!

32"



Sharp LE32AD5SBK

~~134.900,-~~

119.900,-

HD Ready - 1366x768
Skerpa - 1200:1 (3.000:1 Dynamic)
Svartími - 6 ms
Sjónsvið - 176° / 176°
DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf
fyrir afruglarakort
Clear Flat hljóðkerfi - frábær og kraftmikill hljómur
Tengingar - 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA, Component,
AV/S-Video, jack
Ábyrgð - Þriggja ára ábyrgð!

ORMSSON

Tækin eru sniðin að
breiðtjaldsútsendingum RÚV

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL - AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR - ÍSAFIRDI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
BÓKABÚÐ - HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK - EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK - NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK - REYÐARFIRDI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN - SELFOSI
SÍMI 480 1160

➤ Kaupu notaðan bíl hjá Brimborg í dag



Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á einka- eða rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlíttrinn. Brimborg tryggir þér bensínlíttrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á notuðum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin á notuðum bílum sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á notuðum bílum hjá Brimborg.

Nýtt í notuð bílnum

Nýjung í notuðum

Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

Bílafrelsi Brimborgar

12-24

Einka- eða rekstrarleiga.

Tilboð. Einka-/ rekstrarleiga 36.400 kr. á mánuði.

2,0i 145 hö 185 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer RU314. Skrd. 12/2006. Ek. 12.000 km
Ásett verð: 2.250.000 kr.* Tilboð: 1.790.000 kr.*
Einka-/ rekstrarleiga 36.400 kr. á mánuði í 24 mánuði.
Innifalinn í leigugreiðsl. eru
vaxta- og lántökukostn. 318.180 kr.

Ford Mondeo Ghia



Tilboð. Einka-/ rekstrarleiga 34.600 kr. á mánuði.

2,0i 145 hö 185 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer RU237. Skrd. 12/2006. Ek. 15.000 km
Ásett verð: 2.350.000 kr.* Tilboð: 1.740.000 kr.*
Einka-/ rekstrarleiga 34.600 kr. á mánuði í
24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðsl. eru
vaxta- og lántökukostn. 311.697 kr.

Ford C-MAX Trend



Fjöldi annara bíla í boði - Hringdu núna í síma 515-7000

Opið í dag
frá kl. 9 til 18

Í dag Nú geturðu
notið bílafrelsis
í notuðum bílum!

**um. Þú getur skilað
eftir 12 mánuði!**

**Bensínverðvernd
Brimborgar**



Nýjung. Bensínverðvernd
Brimborgar: tryggir þér
1.500 lítra af bensíni á
99 krónur.



Tilboð. Einka-/ rekstrarleiga 34.900 kr. á mánuði.

1,6i 110 hö 147 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer UJ 300. Skrd. 12/2006. Ek. 13.000 km
Ásett verð: 2.060.000 kr.* Tilboð: 1.700.000 kr.*
Einka-/ rekstrarleiga 34.900 kr. á mánuði í
24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðsl.
er lántökukostn. 299.264 kr.

Citroën C4 SX



Tilboð. Einka-/ rekstrarleiga 32.300 kr. á mánuði.

3,0i 200 hö 261 Nm bensín sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer VZ302. Skrd. 06/2006. Ek. 66.000 km
Ásett verð: 2.560.000 kr.* Tilboð: 2.050.000 kr.*
Einka-/ rekstrarleiga 32.300 kr. á mánuði
í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðsl.
er lántökukostn. 385.900 kr.

Ford Escape XLT AWD



Komdu í sal notaðra úrvalsbíla Brimborgar. Gefðu þér tíma.
Skodaðu nýjan notaðan hjá Brimborg. Láttu okkur vinna fyrir
þig. Þú færð örugglega sanngjarnt verð fyrir gamla bílinn
þinn. Við gerum næstum allt fyrir þig.



Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu
nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is
og sannreynðu tilboð dagsins í dag.
Komdu í Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Fjölbreyttustu sturtulausnir á Íslandi

- til afgreiðslu af lager!

Eitt hagstæðasta verð
á markaðnum




E000479

Öryggisglær skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

STURTUSKJÓL

70x220, 80x220, 90x220, 100x220, 110x220, 120x220 sm



8-10 mm
rammalaust
öryggisglær

HURÐIR OG VEGGIR

GLERVEGGUR með hurð GLERENDAVEGGIR

60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125,
130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm

BAÐKARSHLÍFAR

76x130, 89x140, 120x150, 60x150 og 85x150 sm



STURTUKLEFAR

331-A	311-A	321-A	611-A	622-A	625-A
90x90	80x80 90x90	90x90	80x80 90x90	80x80 90x90	80x80 90x90



STURTUHORN

KANNTAÐ: 80x80, 90x90 RÚNAÐ: 80x80, 90x90 sm



Rúnað



Kanntað

6 mm
rammalaust
öryggisglær
sem auðveldar þríf

kynntu þér úrvalið á

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

skoðun

greinar@frettabladid.is

Borgaryfirvöld og næturlífið:

Hundrað desibel – helvíti eða stuð?

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þegar opnunartími veitingahúsa í miðbænum var lengdur á sínum tíma var tilgangurinn að leysa vandamál. Nú vilja sumir þrengja hann á nýjan leik til að leysa vanda. Til upprifjunar var vandamálið, þegar staðirnir máttu ekki hafa opið lengur en til þrjú um helgar, að allir gestir þustu út á götur miðbæjarins á nánast sama tíma. Leigubílafloti borgarinnar annaði því engan veginn að flytja allt þetta fólk til síns heima. Algjör skortur á almenningsamgöngum að næturlagi var ekki til að bæta ástandið. Bærinn fylltist af veglausu fólki, sem var sérstaklega bagalegt í vondu veðri að vetri til. Eins og allir þekkjast hafa þurft að hýma undir vegg í slyddu eða éli eftir leigubíl.

Rýmri opnunartími átti sem sagt að verða til þess að gestir miðbæjarins hyrfu úr bænum í smærri skömmtum jafnt og þétt fram undir morgun. Þessu til viðbótar var lengdum opnunartíma stefnt til höfuðs samkvæmum í heimahúsum eftir lokun skemmtistaða. Þá, eins og nú, voru fjölmargir enn í stuði klukkan þrjú að nóttu til og vildu ekki láta segja sér hvenær þeir ættu að hætta að skemmta sér. Þessi eftirpartí voru illa séð af nágroñnum gestgjafanna. Hver vill vera vakinn af værum blundi um miðja nótt við að græjurnar í íbúðinni við hliðina eru botnaðar og stigagangurinn undirlagður af fólki í leit að fjöri? Skiljanlega endaði slíkur gleðskapur gjarnan með því að lögreglan var kölluð til að skakka leikinn.

Þessi einkasamkvæmi síðla nætur hurfu eins og dögg fyrir sólu þegar veitingastöðum var leyft að hafa opið áfram fram á morgun fyrir hina skemmtanaglöðu. Leigubílavandinn í miðbænum minnkadi líka, þótt enn sé reyndar ansi langt í land með að samgöngur séu greiðar úr bænum að nóttu til um helgar.

Það má því segja að árangurinn af lengdum opnunartíma hafi verið góður en þó ekki á öllum sviðum. Með rýmri opnunartíma sköpuðust ný vandamál, sem mögnuðust mjög þegar reykingabann á veitingahúsum gekk í gildi síðasta sumar.

Umferðin í miðbænum að nóttu til stendur nú mun lengur yfir en þegar lokað var klukkan þrjú með tilheyrandi auknu ónæði fyrir þá sem eiga heima nálægt veitingahúsunum. Og eftir reykingabannið hefur gleðin í sumum tilvikum færst út á stétt. Dæmi eru um að hávaði fyrir utan veitingastað í miðbænum hafi mælst vel yfir hundrað desibel. Það er álíka og á góðum rokktonleikum.


Borgaryfirvöld reyna nú að bregðast við þessari stöðu með því að skerða opnunartíma þeirra veitingahúsa sem eru í mestri nálægð við íbúðarbyggð. Það er skiljanleg og eðlileg aðgerð. Ef veitingamenn geta ekki hagað rekstrinum öðruvísi en að öbyggileg verði í næsta nágrenni við þá þarf auðvitað að skerast í leikinn. Viðkomandi veitingamönnum er hins vegar ákveðin vorkunn. Segja má að þeir sitji í súpunni eftir þau mistök borgaryfirvalda að hafa í upphafi ekki sett stífari reglur um þá veitingastaði sem mega hafa opið fram á morgun. Þar efst á blaði hefði átt að vera ákveðin fjarlægð frá íbúðarbyggð.

Almenn stytting opnunartíma er ekki lausnin. Slík aðgerð myndi bara vekja upp gömlu vandamálin. Það er hins vegar skynsamlegt að staðsetja veitingahús, sem geta ekki tryggt ákveðið næði, þar sem gleðskapurinn getur haft sinn gang án truflunar við aðra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFELAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTOBARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arnalds Þorgeirsdóttir, Kristján Hjalmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvinsson. VÍÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



kammakarlarlo
c o p e n b a g e n

Tilboðsdagar

Bæjarlind 12 :: Kópavogi :: Sími 554-5410

FRÁ DEGI TIL DAGS

Losið mig við hann!

Össur Skarphéðinsson telur ekki að íslenskir valdsmenn hafi fyrirskipað aðför að Baugsmönnum. Þetta segir hann á vef sínum. Hann rifjar hins vegar upp söguna af Hinriki II Planta-genet Englandskonungi sem kallaði í hálfkæringi og ölaði eftir því að einhver losaði hann við erkibiskupinn illviðráðanlega Thomas Beckett. Að því mæltu ruku skilyrtir skósveinar hans á dyr og börðu úr biskupnum líftórna. „Í mínum huga er ein af niðurstöðum þessa máls sú, að dómskerfið virkar. Það er enginn íslenskur Plantagenet til sem getur

með hvísli út í vindinn haft áhrif á niðurstöðu þess,” skrifar Össur.

Skilyrtir skósveinar


Af þessum orðum iðnaðarráðherra má hins vegar skilja að hann telji æðstu yfirmenn íslenskrar lögreglu og ákærvalds vera svo háða smávægilægum duttlungum yfirboðara sinna að þeir hlaupi til og hefji rannsóknir í hvert sinn sem valdhafarnir amast við þegnum sínum þegar á þá rennur æði. Misráðnar tilraunir skósveinanna til hlýðni skili bara ekki árangri. Það hlýtur

að teljast alvarleg ávirðing úr ranni hæstvirts ráðherra.

Burt úr skugganum

Baugsmálið svokallaða er fleirum hugleikið. Þar á meðal Helgu Völu Helgadóttur, fyrverandi bæjarstjórafrú í Bolungarvík, sem biðlar til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar að hann taki sig með til útlanda, nú þegar hann hafi skráð öll fyrirtæki sín í útlöndum. Helga Vala vill ólm komast í lægra matvöruverð og á einhvern stað þar sem sólin skín lengur. Sér í lagi nú þar sem Jón Ásgeir hafi sýnt íslenskum stjórnvöldum sína stóru löngu töng og því verði skjáð fram á haust.

stigur@frettabladid.is/
olav@frettabladid.is



SPOTTIÐ



Sabína-rökvillan

Vilhjalmur var maður nefndur, kardínáli af Sabína. Hann var uppi á þrettánda öld og sendur til Noregs 1247 til að krýna Hákon konung gamla. Þá voru þeir Þórður kakali og Gissur Þorvaldsson staddir við hirð konungs og fluttu mál sitt fyrir kardínálanum.

Vilhjalmur af Sabína „kallaði það ósannlegt, að land það þjónaði eigi undir einhvern konung sem öll önnur í veröldinni“, eins og segir í Hákonar sögu. Þetta er algeng röksæmd: Einn verður að gera eitthvað, af því að allir aðrir gera það.

Röksæmd Vilhjálms af Sabína er óspart notuð í umræðum um Evrópusambandið. Við þurfum að ganga í það, af því að allir aðrir eru í því. Nú er það að vísu svo, að tvær ríkustu þjóðir Evrópu eru ekki í Evrópusambandinu. Svisslendirar láta sig ekki dreyma um inngöngu, og aðild hefur tvisvar verið felld í þjóðaratkvæðagreiðslum í Noregi. Ástæður Svisslendirar og Norðmanna til þess að standa utan Evrópusambandsins eru hinar sömu og Íslendinga. Þessar þjóðir hafa með samningum tryggt sér óhindraða aðild að mörkuðum Evrópuríkjanna, svo að engin nauður rekur þær inn í Evrópusambandið. Um leið vita þær, að þær yrðu vegna auðlegðar sinnar að bera feikilegan kostnað af aðild. Í mínum huga er röksæmd



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON Í DAG | Evrópumál

Vilhjálms af Sabína nær því að vera rökvilla en sjálfstæð röksæmd. Við þurfum ekki 1247 að þjóna undir konung, þótt allar aðrar þjóðir gerðu það. Ólán okkar þá var, að við vorum sjálfum okkur sundurþykk, svo að þjóðveldið brast. Eins þurfum við ekki nú að beygja okkur undir ráðamann í Brussel, þótt flestar aðrar Evrópuþjóðir geri það. Spurningin nú er, hvaða brýna nauðsyn knýr okkur inn í ESB. Ég kem ekki auga á hana, þótt vitaskuld myndi aðild ekki merkja heimsendi, eins og dæmi Dana, Svía og Finna sýna.

Meginröksæmdin fyrir aðild er ógild. Hún er, að við þyrftum að hafa áhrif á þær ákvarðanir, sem okkur varða og teknar eru í Brussel. Hvort sem við værum í Evrópusambandinu eða ekki, myndum við lítil áhrif hafa á mikilvægar ákvarðanir stórbjóðanna. Lítt er að marka kurteisishjal í Brussel við gesti, sem síðan hafa sjálfir hagsmuni af því heima fyrir að ýkja áhrif sín.

Önnur meginröksæmdin gegn aðild hefur þegar verið nefnd, sem er hinn mikli og óþarfi kostnaður. Hin meginröksæmdin er líka gild: Við myndum afsala okkur yfirráðum yfir fiskistofnum á Íslandsmiðum í hendur ráðamanna í Brussel. Það er afdráttarlaus og undantekningarlaus stefna þeirra, staðfest í sáttmálum og óteljandi yfirlýsingum, að auðlindir Evrópusambandsríkjanna séu sameiginlegar. Við fengjum eflaust einkaöðgang að Íslandsmiðum í einhvern tíma, en sá aðgangur yrði fyrir náð Brusselmannanna, ekki réttur okkar. Það, sem verra er: Evrópusambandið fylgir óhagkvæmri fiskveiðistefnu, sem hefur skilað vöndum árangri.

Sú röksæmd, að Brussel-menn myndu vera samvinnuþjóðir við okkur í samningum um sjávarútvegsmál (sem er eflaust rétt), minnir raunar á málflutning Loðins lepps, sendimanns Noregs-konungs, sem hét Íslendingum 1280 miskunn konungs, ef þeir stæðu ekki á fornum rétti. Hvað sem því líður, eru lífskjör í víðum skilningi hin bestu í heimi á Íslandi samkvæmt mælingum Sameinuðu þjóðanna, sem nýlega voru kynntar. Þótt á móti blási um stund vegna hinnar alþjóðlegru fjármála-kræppu og þó minna en í mörgum grannlöndum, er ástæðulaust að hlaupa í fangjö á Vilhjálmi af Sabína, Loðni lepp og sálufélögum þeirra.

AFMÆLISELDFJALL

Hraunbitar og stjörnuljós eru skraut sem skapar rétta stemningu þegar eldfjallakaka er borin á borð fyrir gesti í ævintýrlegri afmælisveislu.

MATUR 2



Á NONNASLÓÐUM

Gengið verður um æskulóðir Jóns Sveinssonar á Akureyri næstkomandi sunnudag undir leiðsögn Haralds Þórs Egilssonar, sagnfræðings og safnkennara.

HELGIN 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR HELGIN TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



4ra rétta tilboð og nýr A la Carte

- Léttreiktur lax með granateplum og wasabi sósu
- Kókos og engifersúpa með grilluðum tígrisrækjum
- Lambahryggur með lambaskanka og rósmarynsósu
- Banana- og súkkulaðifrauð með vanillusósu

6.490 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Gestir Þorgils segja hrefnusteikina koma skemmtilega á óvart.

MYND/HEIDA.IS

Hrefnusteik klikkar ekki

Þorgils Magnússon, nemi og hestamaður, fer sínar eigin leiðir í eldhúsinu. Enginn réttur er óyfírstíganlegur að hans mati og hjólar hann óhræddur í allar uppskriftir og útbýr þær á sinn hátt.

Sá réttur sem Þorgils er hvað hrifnastur af er hrefnusteik með ýmsu góðu meðlæti. Hrefnusteik bragðast mjög vel og hægt er að útfæra hana á margvíslegan hátt.

„Ég kynntist hrefnusteikinni í mínu eigin ástkæra eldhúsi og flestir sem smakka hana hjá mér segja hana koma skemmtilega á óvart. Hrefnukjöt með béarnaise-sósu og alls konar meðlæti er málið,“ segir Þorgils.

Aðferðin sem Þorgils notar er ekki flókin og ættu flestir unnendur hrefnukjöts að geta eldað réttinn. „Hrefnukjötið er tekið og sneitt niður í vænar

sneiðar. Gott er að marinera það í um það bil tvær klukkustundir á borði eða fjórar klukkustundir í ísskáp. Persónulega finnst mér best að marinera það upp úr teriyaki, sölum, sesami, ólífuolíu, salti og pipar. Steikingin skiptir miklu máli því ofelduð hrefna verður þurr, seig og vond en máturega elduð hrefna verður bragðgóð og helst dálítið rauð í miðjunni. Ekki ber að óttast að hafa hana léttsteikta því fólk borðar hana jafnvel hráa ef því er að skipta,“ útskýrir Þorgils og bætir við: „Best er að hita pönnuna vel með smá olíu, skella hrefnunni á og um leið setja svo sem eins og eina matskeið af smjöri með. Hrefnan er steikt í tvær og hálfu mínútu á hvorri hlið, það fer eftir þykkt sneiðanna og krydduð með salti og pipari eftir smekk. Með steikinni eru bornar fram sætar kartöflur og venjulegar sem velt er upp úr olíu, hvítlauk og steinselju og bakaðar í ofni í fjórutíu og fimm mínútur. Einnig er gott að hafa steikta sveppi, lauk og papriku með að ógleymdri béarnaise-sósunni.“

mikael@frettabladid.is

nýr matseðill
...og kroppurinn blómstrar



www.nings.is

Sushi

SÝNISHORN ÚR MATSEGLI

202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.
 203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.
 204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.
 205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.
- Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.

NING

SUBURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899



allt

matur o.fl.

Bananar eru næringarríkir og saðsamir. Þeir eru líka svo handhægir að grípa í þegar hungrið sverfur að.



Hljómsveitin Hafrót skemmtir.

Veitingahúsið er opið frá 11:30-15:00 & 18:00-22:00



Reykjanesbæ • Hafnarögðu 10 • Sími: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is

"Absolutely one of the best hamburger I've ever tasted and I really mean that. The taste was excellent, fries were brilliant and the kokteisosa was unforgettable"

SIMON COWELL



EIKI FEITI
Barðastöðun 1-5
S: 517-0667
www.eikifeiti.is

Opnunartími
Opíð alla daga 11:00 - 21:00
Sunnudaga 14:00 - 21:00

5125050

Auglýsingasími



Þorvaldur Borgar segir hvaða góða húsmóður eða húsfóður sem er geta gert eldfjallertuna góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ævintýrakaka í afmælið

Kaka sem minnir á spúandi eldfjall í byrjun afmælisveislu er óneitanlega flott fyrir augað og á vel við á Íslandi. Ekki spillir að hún er bæði góð og einföld.

Þorvaldur Borgar Hauksson bakari er yfirmaður í tertudeild Jóa Fel og ekki í nokkrum vandræðum með að snara fram flottri afmælistertu fyrir ævintýragjarna krakka. „Þetta er alvöru eldfjall, mikil ljósasýning í nokkrar sekúndur, smá reykur og spenna,“ segir Þorvaldur hressilega. Sjálfur lumar hann á inniblysi til að tylla ofan á sína tertu en samkvæmt upplýsingum Partybúðarinnar er hætt að flytja slíkt góss inn þannig að stjörnuljós verða að duga hjá þeim sem eftir vilja leika.

Þorvaldur segir ekkert mál að búa tertuna til. „Þetta er góð súkkulaðiterta sem allar betri húsmæður og húsfæður geta gert,“ eru hans orð. Hann segir nauðsynlegt að baka hana daginn áður en hún er borin fram og helst skella henni í frost. gun@frettabladid.is



Súkkulaði er látið renna á náttúrulegan hátt niður nammiskreyttar hlíðarnar. Viðeigandi er að koma hrauni fyrir við fjallsrætur.



panorama

restaurant

Panorama Restaurant • 8. hæð, Ingólfsstræti 1, 101 Reykjavík
Borðapantanir í síma 595-8545

Blóm eru alltaf falleg. Nú er tími til að setja niður fallegar garð- og útiplöntur, annað hvort í garðinn eða á svalirnar, og lífga þannig upp á umhverfið.



Gengið um Nonnaslóðir

Lífshlaup Jóns Sveinssonar, Nonna, er flestum Íslendingum kunnugt. Á sunnudaginn verður farið í árlega Nonnagöngu á æskuslóðir skáldsins sem hentar allri fjölskyldunni.



Sögur og lífshlaup Nonna hafa snert marga djúpt að sögn Haralds Þórs Egilssonar sagnfræðings, sem leiðir göngu á Nonnaslóðir næstkomandi sunnudag á Akureyri.

„Jón Sveinsson, Nonni, er einn þekktasti rithöfundur sem Ísland hefur alið og hann átti afar merkilegt lífshlaup. Við förum þessa göngu á æskuslóðir skáldsins ár hvert í júní og jafnvel oftast eftirspurn er fyrir hendi,“ segir Haraldur Þór Egilsson, sagnfræðingur og safnkennari Minjasafnins á Akureyri, sem leiðir gönguna á sunnudaginn næstkomandi.

Farið verður stuttlega yfir lífshlaup Nonna og staðir skoðaðir sem tengjast lífi hans og sögum. Leiðin liggur frá Nonnahúsi og upp brekkuna fyrir ofan húsið. Síðan er farið að leiði föður Nonna, Sveins Þórarinssonar. „Faðir Nonna skrifaði mjög merkilegar og skemmtilegar dagbækur. Þarna eru til dæmis skemmtilegar lýsingar þegar Nonni fæðist og ýmislegt sem kemur á óvart. Þetta eru frábærar dagbækur sem þyrfti bara að gefa út og eru ekki síður merkilegar en bækur Nonna,“ útskýrir Haraldur.

Þátttakan fer að venju eftir veðri og Haraldur segir að helst sé verið að stíla inn á íslenska þátttakendur. „Gangan er mjög létt og þægileg og hentar vel fjölskyldum sem vilja gera eitthvað skemmtilegt

saman. Hún tekur um klukkustund og er tæpir tveir kílómetrar. Erfiðasti hlutinn er upp að kirkjugarðinum, en við tókum leiðina bara í nokkrum áföngum og lesum aðeins úr bókum Nonna,“ nefnir Haraldur, sem segir mjög líflega frá skáldinu. „Frásagnir af Nonna eru margar og meðal annars reynum við að gera okkur í hugarlund hvernig var að sitja á steini tólf ára gamall og horfa út á fjörðinn og ímynda sér að fara frá æskuslóðunum og móður sinni, sem hann tengdist sterkum böndum.“

Haraldur segir Nonna vekja sterkar tilfinningar ferðamanna bæði erlendra og íslenskra.

„Flestir Íslendingar þekkja til Nonna og hann er eins konar táknmynd Akureyrar eins og kirkjan. Hann virðist snerta streng í mörgum og það er stórmerkilegt að sjá fólk sem hálfrestur í grát þegar það kemur í Nonnahús,“ útskýrir Haraldur og bætir við: „Ég held að flestir sem hafa komið til Akureyrar hafi komið í Nonnahús og án efa eiga ótal Íslendingar mynd af sér við húsið.“

Gangan hefst sunnudaginn 15. júní kl. 14 við Nonnahús að Aðalstræti 54, í Innbænum á Akureyri. Tekur hún um klukkustund og er þátttakendum að kostnaðarlausu.

rh@frettabladid.is

Opnum
nýja verslun
í Mjódd
í dag
kl. 14



Vefta tískuföt • Hólagarði & Mjódd
Opnunartilboð www.vefta.is

FLOTT FÖT
FYRIR ALLAR
FLOTTAR KONUR
STÆRÐIR 40-60



belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

Betra gengi -
miklu betra verð!



Opið á laugardag
12-16

VERULEG!
verðlækkun!

Verðlækkun á takmörkuðu magni af ferðavögnum.

Tryggðu þér topp-græju núna. Höfum náð að lækka verð verulega á hjólhýsum og húsbílum frá Dethleffs og bjóðum einnig mjög góð tilboð á Camp-let tjaldvögnum og Starcraft fellihýsum.

Settu þig í samband við sveigjanlega sölumenn okkar núna!

VERÐDÆMI

Starcraft fellihýsi frá 1.299.000.
Hjólhýsi frá 2.150.000.
Camp-let tjaldvagn frá 699.000
og frá 7.990.000 fyrir lúxus
Dethleffs-húsbíl!

MotorMax
- lífið er leikur

www.motormax.is Mótormax - Kleithálsi 13 - Sími 563-4400

NÝTT Á GRAS.IS

ÞAR SEM ALLT SNÝST
UM FÓTBOLTA!



NÚ FÆRDU GRAS.IS
FÉTTIR Í SÍMANN!

Vodafone live!



FÖSTUDAGUR

13. JÚNÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS

HEMMI GUNN

Lifir á fornri frægð

HVERNIG BIKINÍ ERU MÓÐINS NÚNA?

ÁSLAUG SNORRADÓTTIR

Kann að halda flott partí

Jógakennarinn Brynjúlfur
Jónatansson hefur ýmsa fjöruna sopið

Lætur ekkert stöðva sig



HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Gylfi Blöndal, tónlistarstjóri á Organ

„Á föstudagskvöld er ferðinni heitið í Viðey til að fagna fimm ára afmæli Reykjavík Grapevine með góða fólkinu sem stendur á bak við blaðið. Ég geri svo fastlega ráð fyrir að vera af öðrum heimi þegar í land er aftur komið og læt restina af kvöldinu ráðast. Á laugardag ætla ég að vinna örlítið í hljóðveri áður en haldið er í New York 90's Party á Organ en þar ætla ég að dansa allt vit frá mér fram á morgun. Sunnudagurinn fer svo sennilega í meiri hljóðversvinnu og almenna afslóppun.“



Flytur til kóngsins Kaupmannahafnar

„Ég og Haffi Haff unnum förðunarkeppni Mac í vetur en í kjölfarið fórum við til Kaupmannahafnar og tókum þátt í stórra tiskusýningu. Ég varð strax yfir mig hrifin af borginni og sótti um starf hjá Mac þar ytra,“ segir sminkan Marta Dröfn Björnsdóttir en hún heldur nú í viking til kóngsins Kaupmannahafnar. Marta vann lengst af sem sminka á Stöð 2, auk þess sem hún hefur starfað við kvikmyndir og í leikhúsi um áraradír og heldur því út í hinn stóra heim með gott veganesti í farteskínu. „Þeir hjá Mac buðu mér fyrst hlutastarf sem mér leist ekki alveg nógu vel á en hækkðu starfshlutfallið upp í sjöttíu prósent sem varð síðan fullt starf og auðvitað tók ég því fagnandi,“ segir Marta en hún hefur störf strax í næstu viku. „Ég mun starfa í Mac-básnum í Magasin Du Nord og vonast svo sannarlega til að fá sem flesta Íslendinga til mín í verslunina,“ segir Marta hlægjandi og eflaust verður henni að ósk sinni því mörg þúsund Íslendingar leggja leið sína í Magasínið ár hvert.

bergthora@frettabladid.is



Marta Dröfn

fréttir

MAGGA STÍNA OG ELSA MARÍA BLÖNDAL Á SKÓLABEKK Í HAUST

Margrét Kristín Blöndal, betur þekkt sem tónlistarkonan Magga Stína, og systir hennar Elsa María Blöndal komust báðar inn í Listaháskóla Íslands á dögum. Magga Stína hefur nám í kvikmyndatónlist í tónlistardeild skólans, sem virðist draga að sér virta tónlistarmenn úr íslensku tónlistarlífi en þaðan hafa þau Ragnhildur Gísladóttir, Pétur Ben og Mausarinn Páll Ragnar Pálsson útskrifast. Elsa María verður aftur í hönnunardeildinni en hún hefur nám í fatahönnun og því verða þær systur hvor í sinni byggingunni. Elsa María hefur starfað í helstu tiskuvörverslunum borgarinnar og er nú verslunarstjóri Trilogiu en hún vekur athygli hvar sem hún kemur fyrir frumlegan og skemmtilegan stíl sinn. Þær systur eiga eflaust eftir að setja svip sinn á skólalífið í Listaháskólanum og óskar Föstudagur þeim alls hins besta.



Áslaug Snorradóttir kom eiginmanni sínum Páli Stefánssyni á óvart á fimmtugsafmælinu

Vildi engu afmælisveislu

Páll hefur aldrei viljað halda upp á afmælið sitt en þegar systur hans, sem búsettar eru erlendis, ákváðu að koma til landsins á fimmtugsafmælinu hans ákváð ég að fara á bak við hann og skipulagði veislu án hans vitundar,“ segir Áslaug Snorradóttir ljósmyndari en hún kom eiginmanni sínum svo sannarlega á óvart á afmælisdaginn hans 7. júní. „Ég bauð 200 manns í veisluna og ákváð að bjóða upp á mat sem er í miklu uppáhaldi



„Boðið var upp á grænar baunir í veislunni en þær eru í miklu uppáhaldi hjá Páli.“

hjá honum. Á hverju borði voru sardínur í tómata en hann borðar eina sardínudós á dag, kaviár í túpum, grænar ORA-baunir, síld, fyllt egg og rækjusalat,“ segir Áslaug og bætir því við að Páll sé mikill majónesmaður en öllum þessum dýrindis veitingum var skolað niður með vodkaskotum og kampavíni. „Veislan fékk rússneskt yfirbragð enda hefur Rúss-

land alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá Páli en sjálf afmælisertan var rússnesk Karlotturúlluterta fyllt með Royal-búðing og skreytt með einu kert,“ segir Áslaug og bætir því að afmælisföt eiginmannsins hafi passað einstaklega vel við þemað en það var Villi naglbítur sem töfraði fram rússneska tóna á harmóníku. „Páll keypti sér rauðköflótt jakkaföt í Boss í tilefni afmælisins

en hann hélt að hann væri að fara að borða með sinni nánustu fjölskyldu og kom því uppáklæddur í óvæntu veisluna.“

Áslaugu hafði tekist að sannfæra hann um að hún væri að halda veislu fyrir Barnaheill sem hafði verið á döfinni en féll síðan niður. Því grunaði Pál ekkert þegar hann hjálpaði henni festa upp Afríkuljósmyndir fyrr sama



Afmælisbarnið Páll Stefánsson ljósmyndari elskar Rússland.

Áslaug Snorradóttir, ljósmyndari og veisluhaldari, er rómuð fyrir einstakar veislur sínar.

morgun í veisluhúsnæði Áslaugar þar sem hún rekur veisluþjónustuna Piknikk þar sem sjálf afmælisveislan var haldin. „Páll hélt að hann væri að koma í afgang til mín úr veislunni þegar hann kom í sína eigin afmælisveislu en varð

afar glaður og hissa að sjá alla gestina þrátt fyrir þær yfirlýsingar að vilja enga afmælisveislu,“ segir Áslaug og bætir því við að hann hafi notað mikið vasaklúttinn þetta kvöld.

bergthora@frettabladid.is

FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritsstjóri Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@365.is
Forsíðumynd Arnþór Birkisson
Útlitshönnun
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
Auglýsingar Sigríður Dagný
Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462
Föstudagur Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

Hemmi alltaf á tali

„Það er bara gaman að fólk muni eftir þessu tímabili,“ segir Hemmi Gunn kátur í bragði. Hemmi var viðmælandi Þorsteins Guðmundssonar í lokaþætti Svalbarða síðast liðið föstudagskvöld þar sem hann ræddi meðal annars um sín gullaldarar sem sjónvarpsmaður í þættinum Á tali. Margir hafa reynt að feta í fótspor Hemma með spjallþáttum en enginn náð að festa sig almennilega í sessi. Flestir þáttastjórnendanna hafa þó fengið Hemma í þáttinn til að ræða sína velgengni. „Já, ætli ég hafi ekki mætt í þá flesta,“ segir hann og hlær. „Þetta er þáttur sem fær að lifa. Ég rekst til dæmis reglulega á krakkana sem ég talaði við í þáttunum.“ Hemmi segir síður en svo að

hann sé þreyttur á rifja upp þessi gullaldarar. „Ég hef bara gaman að því.“

Þorsteinn Guðmundsson gerði nú gott betur en að hylla Hemma fyrir frábæran þátt förðum. Flutt var rapplag sem var sérstaklega samið um Hemma Gunn og komu þar margir gestir við sögu. Þeirra á meðal var Raggi Bjarna, sem rappaði í fyrsta sinn. „Þetta var rosalega skemmtilegt lag. Raggi Bjarna hringdi í mig í gær og hann sagðist aldrei hafa tekið upp jafn skemmtilegt lag. Ég þarf að fá það hjá þeim til að eiga,“ segir hann.

Hemmi telur ekki æskilegt að menn sem stjórni spjallþáttum miði sig við Á tali. „Fólk á svoltið að byggja þetta upp á sínum forsendum



Spjallþáttastjórnendur halda ekki enn vatni yfir glæstum árangri Hemma.

og sínum styrkleika. Engir tveir eru eins og mikilvægast er að taka sjálfan sig ekki of hátíðlega. Maður er hlekkur í stærri keðju,“ segir hinn eini sanni Hemmi Gunn.

-shs



Vinnufatabúðin

Fagmennska og þjónusta í fyrirrúmi

Wrangler



„Íslensk blóm
eru harðgerðari,
kröftugri og ferskari.“

Björn Sigurbjörnsson, garðyrkjumaður.

Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur náð að byggja upp og rækta kröftuga stofna af íslenskum sumarblómum sem búa yfir einstökum eiginleikum. Þessir stofnar hafa lagað sig að íslenskri sumarveðráttu en gefa innfluttum stofnum ekkert eftir að fegurð og yndisleik.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.
VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.

íslenskar
garðplöntur





borgin mín

KAUPMANNAHÖFN

ANDREA MAGNÚSDÓTTIR, fatahönnunarnemi

MORGUNMATURINN: Heima hjá mér í morgunsólinni á svölunum, gott kaffi og ristað brauð með íslenskum smjörva og danski sultu.

SKYNDIBITINN: Bagels corner.

RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA: Ég held ég velji bara Indian Taj restaurant á Jernebanegade ... ég elska indverskt:-)

LÍKAMSRÆKTIN: Ég fer allra minna ferða á hjóli sem er frábær hreyfing og eitt skemmtilegasta sem ég geri er að hjóla um Kaupmannahöfn og skoða mannlífið.

UPPÁHALDSVERSLUN: Ætli ég versli ekki mest í efnabúðunum Ita og Handler. En svo finnst mér alltaf

gaman að taka rúnt í Illum, Magasin, Urban outfitters og H&M. Svo er haugur af flottum litlum hönnunar- og lífsstílsbúðum sem gaman er að skoða úti um allt í litlu götunum í miðbænum.

BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ: Frederiksberg have og Værnedamsvej sem er lítil æðisleg gata með fullt af sniðugum búðum og kaffihúsum.

HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEGINUM: Að fara í „brunch“ í Valby með fjölskyldunni. Svo finnst okkur gaman að fara í dýragarðinn og þangað förum við oft. Einnig er gaman að fara í Frederiksberg have á leiðinni heim, en það er æðislegur garður við hliðina á dýragarðinum.

Alþjóðlegur þrjónadagur haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn á Íslandi

Prjón og pikknikk

„Á morgun er alþjóðlegi þrjónadagurinn haldinn hátíðlegur úti um heim allan en þetta er í fjórða sinn sem haldið er upp á þennan dag. Af því tilefni ákvað ég að taka mig til og skipulagði þrjónaupþakomu í Hallargarðinum,“ segir Ilmur Dögg Gísladóttir, mastersnemi í hagnýtri menningarmiðlun og þrjónakona, en þetta er í fyrsta sinn sem haldið er upp á daginn hér á Íslandi með formlegum hætti. „Þrjónaáhugafólk um heim allan er hvatt til að leggja sitt af mörkum og skipuleggja uppákomu í tengslum við daginn en alls er búið að skipuleggja í kringum 720 uppákomur á laugardaginn.“ Eftir að Ilmur lét berast út að hún ætlaði að vera með þrjónaupþakomu í Hallargarðinum höfðu samband við hana tvær konur utan af landi sem sömuleiðis ákvaðu að leggja sitt af mörkum. Dagurinn verður því haldinn hátíðlegur ekki bara í höfuðborginni heldur á landsvísu en samkomurnar verða á Burstafelli á Vopnafirði og á pallinum á Hótel Lundi í Vík Mýrdal. „Markmið dagsins er að hvetja þrjónaáhugafólk til að koma út á meðal fólks með þrjónana og gera um leið þrjón sýnilegt fyrir almennungi en það eru margir sem gera sér ekki grein fyrir því hversu vinsæl iðja þrjónið er,“ segir Ilmur og gerir ráð fyrir að margir muni koma í Hallargarðinn á laugardaginn enda hefur þrjónið sem slíkt



Ilmur hlakkar mikið til morgundagsins en hún vonast til að sem flestir mæti og taki þátt í hinum alþjóðlega þrjónadegi.

endurnýjað lífdaga sína síðastliðin ár og aldrei verið vinsælla. „Uppákoman hefst kl. 14 og mun standa til kl. 18. Við hvetjum fólk að koma vel klætt, með teppi, nesti, góða skapið og sjálfsögðu eitthvað á þrjónunum eða aðra handavinnu með sér,“ en samkvæmt veðurspánni lítur út fyrir að veðurguð-

irnir verði þrjónadeginum hliðhollir. „Á meðan það riggnir ekki verður þrjónað úti undir berum himni en annars munum við dreifa okkur á nærliggjandi kaffihús,“ segir Ilmur að lokum og hvetur þrjóna-fólk til að stíga fram í dagsljósið og flagga þessari umhverfisvænu iðju. www.prjona.net



Topp 20 SKÍFULISTINN

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Listinn gildir 13. - 20. júní 2008

1	Bang Gang	↓	Ghosts From The Past
2	Bubbi	↔	Fjórir naglar
3	Ýmsir	↓	Pottþétt 46
4	Dísa	↓	Dísa
5	Múgsefjun	↔	Skiptar skoðanir
6	Ýmsir	↓	100 Eurovisionlög
7	Radiohead	↔	Best Of
8	Mugison	↑	Mugiboogie
9	Sigurður Guðmundsson og Memfis	↔	Oft spurði ég mömmu
10	Kvæði Steins Steinarrs	↔	Ferð án fyrirheits
11	Hjálmar	↓	Ferðasót
12	Páll Óskar	↓	Allt fyrir ástina
13	Ýmsir	↓	Eurovision Song Contest
14	Bloodgroup	↑	Sticky Situation
15	Eurobandið	↓	This Is My Life
16	Víll Víll	↑	Myndin af þér
17	Super Mama Djombo	↓	Ar Puro
18	Madonna	↓	Hard Candy
19	Duffy	↑	Rockferry
20	Gus Gus	↓	Forever

↑ Aftur á milli ↓ Fyrir á milli ↔ Lítil breyting ↑ Nýtt í listinn ↓ Út af listinn



Málaðu þig eins og Carrie

Förðunarmeistarinn Judy Chin sá um að farða Söruh Jessicu Parker í nýjustu Sex and the City myndinni. Judy notaði vörur frá ameríska snyrtivörufyrirtækinu MAC og þá aðallega powerpoint-augnblyant sem kallast Engraved, Blot-púður, Paint Pots á augun, Fluidline-æxlæner og maskara sem kallast Mascara X. Þótt Judy Chin hafi laðað fram margar mismunandi farðanir á meðan á tókum stóð þá reyndi hún alltaf að laða fram náttúrulega fegurð og að útlitið væri afslappað, ekki of stíft. Hún lagði áherslu á augun með því að búa til sterka en jafnframt náttúrulega línu við augnhárin og rammaði augun alltaf inn með fallegum augnhárum. Kinnarnar voru róslitaðar, varirnar mjúkar og húðin hafði náttúrulegan ljóma.

Til að apa förðunarráð Judy Chin eftir er málið að setja augnblyantinn í rótina á augnhárunum og dreifa vel úr honum og nota alltaf augnhárabrettara. Hún gætti þess vel að nota nægan maskara og greiddi svo úr augnhárunum á eftir. Hún notaði kremkinnalit svo hún gæti byggt litinn upp í lögum. Farðinn á húðinni var léttur og gaf húðinni raka-kenndan blæ, hyljari var notaður samhliða en einungis á þá staði þar sem hans var þörf. Svo notaði Judy Blot filmu til þess að draga úr gljánum (dregur í sig olíu) eftir þörfum og púðraði einungis ef þess var þörf. Þess má geta að



Hér sést hvernig Sarah Jessica Parker var förðuð fyrir brúðkaup sitt og Mr. Big. MYND:GETTYIMAGES

Sarah Jessica Parker er ekki eina stjarnan sem Judy Chin farðar því Jennifer Connelly, Rachel Weisz og Kirsten Dunst eru allar á listanum hennar.

Frábærir
vinningar alla
föstudaga í
sumar!

BYLGJAN
989

Sumarveikur NINGS



Ragnheiður Ragnarsdóttir
Margfaldur Íslandsmeistari
og methafi í sundi,
Olympíufari Peking 2008
elskar heilsurétti Nings.

Anna Bella
Margfaldur
Íslandsmeistari
í vaxtarækt velur
heilsurétti Nings.



Magnús Bess
Margfaldur
Íslandsmeistari
í vaxtarækt velur
heilsurétti Nings.



Sigurður J.
Kjartansson
Margfaldur
Íslandsmeistari
í vaxtarækt
velur heilsurétti
Nings.

Hrónn
Sigurðardóttir
Margfaldur Íslands-
og bikarmeistari
í vaxtarækt
elskar heilsurétti
Nings.



Björn Þorleifsson
Margfaldur Íslands- og norðurlanda-
meistari í Taekwondo, og eftur á
evrópska styrkleikalistanum
velur heilsurétti Nings.

Vinnur þú einn
sparneytnasta bíl
landsins til afnota
í heilt ár?



Das Auto.



HEKLA



LAUGAR

SÉÐ OG HEYRT



WWW.ICELANDAIR.IS

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni. Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli. Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.

**SUMAR
TILBOÐ**

Djúpsteiktur rækjur með súrsætri sósu
Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu
Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur
2790
fyrir tvo

krónur
1395
á mann

ATH! SUMARTILBOD
ER EINGÖNGU
AFGREITT FYRIR 2
EDA FLEIRI • EF ÞU
HRINGIR OG SÆKIR
FYLGI 2L. KÖK MED
TILBODINU

NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17
PÖNTUNARSÍMI: 588 9899
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

Þú finnur ótrúlegt
úrval ljúffengra rétta
á matseðli okkar á
www.nings.is

Fylltu út seðilinn hér að neðan og skilaðu til okkar á Nings og þú ert með í leiknum.

...og kroppurinn
blómstrar!

Nafn	<input type="text"/>
Heimili	<input type="text"/>
Sími	<input type="text"/>
netfang	<input type="text"/>



Ungir tónlistarmenn skipa hljómsveitirnar sem leika í Álafoskvosinni á morgun. Hljómsveitirnar sem fram koma eru The Nellies, Sleeps Like an Angry Bear, Hreindís Ylva, Abominor, SHOGUN, Unchastity, Gummzter ásamt Hauki 270, Blæti, Bob Gillan og Ztrandverðirnir.

HALDA ÚTITÓNLEIKA Í ÁLAFOSKVOSINNI Á MORGUN

„Okkur langaði að styrkja ungl-ingamenningu hér í Mosfellsbæ og ákváðum að halda tónleika í Álafoskvosinni á morgun þar sem níu hljómsveitir skipaðar ungum og efnilegum tónlistarmönnum munu koma fram,“ segir þáttarstjórnandinn Kolfinna Baldvinsdóttir en hún situr í stjórn Varmársamtakanna sem skipuleggja tónleikana með íbúum í Álafoskvos. „Það er mjög mikilvægt fyrir bæjarsamfélagið að skipuleggja viðburði sem þennan og þjappar bæjarbúum enn frekar saman en Mosfellsbær ákvað að veita okkur styrk til að standa straum af kostnaði við smíði á tónleikasviði og hljóðkerfi,“ segir Kolfinna og bætir því við að einn íbúi Álafoskvosarinnar hafi tekið sig til og smíðað sjálft sviðið. „Samkvæmt veðurspánni virðist veðrið ætla að vera okkur hliðhollt og sé tekið mið af aðsókn fyrri ára á þá menningarviðburði sem við höfum haldið eignum við von á miklum mannfjölda á morgun,“ segir Kolfinna að lokum og vonast til að sjá sem flesta. Tónleikarnir standa frá kl. 16 til 20 og aðgangur er ókeypis en veitingar verða seldar á vægu verði.

berghora@frettabladid.is

Kolfinna Baldvinsdóttir situr í stjórn Varmársamtakanna sem skipuleggja útitónleikana með íbúum Álafoskvosarinnar.



7, 9, 13 ...

Hjátrú tengd föstudeginum þrettánda teygir anga sína út um allan heim. Margir forðast þennan dag eins og heitan eldinn en aðrir kjósa að storka örlogunum og jafnvel gifta sig á þessum blessaða degi sem ber upp á almanakinu einu sinni til þrisvar á ári. En í hversu miklar gönur lætur þú hjátrúna hlaupa með þig?



Þú gersamlega hatar þriðja aðilann í sambandinu þínu, tilvonandi tengdamóður þína. Hún ein stendur í vegi fyrir þér og ástinni í lífi þínu. Þú hefur sannfært kærastann um að hann verði að ganga aftur á bak þegar þið bregðið ykkur í stórmarkaði, göngutúr upp í Heiðmörk eða á pöbbarölt í miðbænum, því þeir sem ganga aftur á bak ganga foreldra sína í grófina.



Þú ert í barnaafmæli hjá litla frænda þínum og situr til borðs með barnaskara og foreldrum. Afmælistertan er borin á borð og afmælissöngurinn sunginn. Þú rýkur upp úr sætinu og biður alla að hætta að syngja enda sé söngur yfir matarboði feigðarboð. Börnin skilja ekki neitt í neinu og hætta ekki söngnum, fullorðna fólkíð lítur þig illu auga. Eina sem þú sérð í stöðunni er að hrópa „Eldur, eldur“ og áður en þú veist er barnagráturinn nú loksins búinn að yfirgnæfa sönginn.



Þú hittir loksins þjónustufulltrúann þinn í bankanum til marga ára í eigin persónu. Hjarta þitt hættir að slá þegar þú sérð að hann er rauðhærður og þú sem hefur treyst honum fyrir öllu þínu en samkvæmt hjátrúnni er rauðhærðum ekki treystandi. Þú biður um að skipta um þjónustufulltrúa hið fyrsta og eyðir næstu mánuðum í það að fara yfir bankamál síðustu ára, bara til að vera viss.

Ef svartur köttur hleypur í veg fyrir þig hrækir þú hugsanlega ekki bara einu sinni heldur þrisvar sinnum til að afstýra ógæfurni sem þetta tignarlega dýr getur haft í för með sér. Þessi athöfn gæti hreint ekki reynst heillandi viðkyrning á fyrsta stefnumóti. Því ættu hjátrúarfullir frekar að hittast í heimahúsi yfir heitu súkkulaði og rjóma, fjarri dýrum og mönnum.



Þú hefur boðið vinum þínum í mat og yfir borðum fær einn matargestanna of-næmiskast og byrjar að hnerra. Þú bregst skjótt við og bætir við disk og bætir fram-lengingunni við borðið og pantar pitsu svo nóg sé handa öllum, því ef hnerrað er við matarborðið þýðir það aðeins eitt samkvæmt hjátrúnni: Von er á gesti!



Eftir nokkurra mánaða samband ákveður þú að komast að hinu eina sanna um ástmögur þinn. Þú býður honum í indverskan kvöldverð, leggur baldursbrá undir borðdúkinn en með því áttu að geta séð hvort viðkomandi er þér trúur og það veistu með vissu ef maturinn rennur ljúflega ofan í hann. Þegar ástsveininum svelgist á logandi heitum tandoori-kjúklingum veistu að hann er svikull og ekki þín virði. Þú hættir með honum á stundinni og segir honum að þú vitir upp á hann skömmina, hann skilur ekki neitt í neinu en þú ein veist að þú ert að gera rétt.

G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Flottust

Opið
föstudag 11-18.30
laugardag 11-17



RAW DEFENDER



g-star.com



Sumarið er komið! Sjáðu bara :)

Útskrifaðir töffarar!
BERTONI jakkaföt
með flottu sniðunum
í gríðarlegu úrvali.

Bolir frá 1.990.
Skyrtur frá 2.990.

Quart-buxur
og stuttermabolur
frá kr. 4.900.

Herra
hafnarfjörður

Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073

Brynjúlfur Jónatansson hefur lent í margvíslegum ævintýrum þótt hann sé bara rétt rúmlega þrítugur. Á unglingsaldri leiddist hann út í daglega neyslu fíkniefna en eftir að hann kom sér á réttan kjól fann hann lífsorkuna í jógafræðunum en hann er einn eftirsóttasti jógakennari landsins. Hann sagði Mörtu Maríu Jónasdóttur frá ævintýrum sínum og baráttunni við geðhvarfasýki 2.



Lætur ekkert stoppa sig



„Skelfilegt snilldarverk ... eggbeitt og eitrad.“ New York Times

Sálsjúkur morðingi skilur eftir sig slóð fórnarlamba í Miami og handbragð hans er svo tæknilega fullkomið að jafnvel Dexter verður höggdofa. Mun Dexter ná honum eða verður hann á undan að finna Dexter?

Um verðlaunabókina *Dexter í dimmum draumi*:

„Skuggaleg og útsmogin skáldsaga um hjartagóða raðmorðingjann Dexter Morgan, djörf og ótrúlega myndin.“

USA Today

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Sem barn var Brynjúlfur, eða Billi eins og hann er kallaður, alltaf á þeysispani og var virkur í allri íþróttaiðkun. Þegar unglingsaldurinn gekk í garð sneri hann baki við íþróttunum og við tók fjögurra ára tímabil í viðjum fíkniefna. Hann var þó kannski ekki dæmigerður unglingsingur í dópi, hann stundaði nám við Fjölbautaskólann í Garðabæ og var mjög virkur í félagslífinu þótt minna hafi farið fyrir námsárangrinum. Þegar hann er spurður að því hvort hann hafi verið djúpt sokkinn segist hann hafa notað eitthvað á hverjum degi. „Ég bjó í foreldrahúsum og eitt það besta sem kom fyrir mig var þegar mamma henti mér út. Það var ákveðin vakning fyrir mig og þá sá ég að ég yrði að fara að gera eitthvað í mínum málum.“ Á þessum árum var hann forkólfur í nemendafélaginu og það liggur í augum uppi að hann hefði ekki verið það ef það hefði verið á allra vitorði að hann væri í neyslu.

„Ég náði að leynd þessu nokkuð vel,“ segir hann en játar að það hafi verið erfitt að vera í þessum feluleik. Þegar víman rann af honum opnuðust augu hans og í kjölfarið fór hann að skoða jógaheimspekina og kínverska læknisfræði en þetta tvennt gengur mikið út á lífsorkuna, hvernig eigi að virkja hana og nota. Hann byrjaði að æfa hnefaleika og notaði jógaæfingar til að teygja á og smátt og smátt fór jógað að verða stærri og stærri þáttur í hans lífi. Þegar hann var búinn að vera edrú í ár gekk hann Laugavegin til Þórsmerkur með vinum sínum. Strax á fyrsta degi fann hann hvað útiveran og hreyfingin hafði góð áhrif. „Í þessari ferð fann ég sterkt fyrir því hvað lífsorka er og það var gott að finna hvað ég var fullur af henni.“

Uppgötvaði jógað á Kripalu

Þótt Billi hafi í raun verið búinn að taka U-beygju í lífinu þá byrjuðu hlutirnir ekki að gerast fyrr en haustið 2002, þegar hann var 25 ára, en þá réði hann sig í sjálfböðavinnu á Kripalu-jógasetrið í Massachusetts. „Þetta var rosalega kröftug reynsla. Ég vann í uppvaskinu fyrir fæði og húsnæði og gat sótt jógatíma, hugleiðslu og tekið þátt í því prógrammi sem í boði var þegar ég var ekki að vinna. Það má eiginlega segja að þetta hafi verið þriggja mánaða sálfræðiþrógramm. Öll fæðan var lífræn og úr jurtaríkinu og á setrinu var ekki drukkið neitt kaffi. Þótt ég sé ekki grænmetisæta þá var það auðvelt í þessu umhverfi þar sem allur matur var eldaður ofan í mig. Á þessum tíma fattaði ég jógafræðin fyrir alvöru.“ Lýsingarnar gætu hljómað eins og hann hafi verið í afplánun en hann þvertækur fyrir það en viðurkennir að þetta hafi verið erfitt á stundum. Sérstaklega um jólin þegar hann hugsaði um hamborgarhrygg móður sinnar. Á kvöldin fór hann á fyrirlestur, í sánabað eða tók þátt í möntrusöng með hinum á Kripalu. Billa leiddist þó aldrei. Þegar hann er spurður að

því hvaða áhrif þetta hafi haft á hann nefnir hann lífsorkuna. „Það tók mig alveg mánuð að fatta að ég væri þarna en eftir tvo mánuði fór ég að finna sérstök áhrif af öllu jóganu og hreina matnum. Stundum labbaði ég út úr jógatímum á daginn og mér leið stundum eins og ég væri í vímu. Það var þannig sem ég fattaði áhrifin en þau voru fyrst og fremst ofsalega góð líðan og í orðsins fyllstu merkingu labbaði ég stundum á vegg. „Að hverju varstu að leita? „Ég veit það ekki. Mér fannst þetta bara spennandi og kannski var það ævintýraþráin sem dró mig þangað. Ég hugsaði með mér, af hverju ekki að prófa?“

Hann segir að vistin á Kripalu hafi gjörbreytt hugsun hans á heilsurækt og í raun lífsviðhorfi almennt og í kjölfarið fór hann að meta lífið betur. „Þegar maður er á svona stað þar sem er engin afþreying þá gerir maður bara aðra hluti. Þarna kynntist ég mörgu fólki og auðvitað sjálfum mér í leiðinni. Það er líka mikilvægt að tapa ekki húmornum. Að gera svona mikið jóga magnar upp allar tilfinningar, bæði þær góðu og líka þær erfiðu. Það er um að gera að hafa húmor fyrir því þegar maður fer í þunglyndi og fellir tár í koddann,“ segir hann og brosir.

Eftir fjóra mánuði á Kripalu ætlaði Billi til Asíu, nánar tiltekið til Taílands þar sem hann langaði að stúdera þarlent nudd. Þar sem Kripalu er á austurströnd Bandaríkjanna tók hann þá ákvörðun að fara yfir á vesturströndina og taka svo flug þangað til Taílands. Hann komst þó aldrei alla leið því í millitíðinni kynntist hann Guðna Gunnarsyni, föður Rope-jógafræðanna, og endaði á því að læra þau hjá honum. „Upphaflega ætlaði ég bara að fá að vera hjá Guðna meðan ég var að

AÐ MATI BILLA

Besti tími dagsins: Kvöldin.

Diskurinn í spilaranum: Elektrosaría frá erlendum plötusnúði.

Uppáhaldsskyndibitinn: Bullborgari og kaffisjeik.

Mesta freistingin? Falleg kona.

Besta lyktin: Valor, sem er blanda af ilmkjarnaolíum.

Uppáhaldsdrykkurinn: Vatn (sérstaklega úr fjallalæk á hálandi Íslands!).

Hefur þú eytt peningum í vitleysu? Hahaha, já, reglulega.

Við hvað ertu hræddur? Get verið feiminn og er svolítið hræddur við það.

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Óseyri 2
Akureyri
Sími 461 1150

www.svefn.is



Bjóðum 6 mánaða vaxtalausa raðgreiðslusamninga

Ég mæli hiklaust með

IQ-CARE

Eftir að ég fékk mér IQ-CARE
hef ég ekki fundið til í bakinu!

Sölvi Fannar Viðarsson
Frankvæmdastjóri Heilsuráðgjafar



suðurland

FÖSTUDAGUR 13. JÚNÍ 2008

Ferðapjónustan
á Völlum

Hefur opnað nýtt
gistiheimili

BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hótel Hvolsvöllur er staðsett í hjarta Njáluslóða þar sem sagan
svífur yfir vötnum aðeins um 100 km frá Reykjavík

**Ekki er ráð...
...nema í tíma sé tekið!**

Við erum farin að skipuleggja haustið.
Fundir, ráðstefnur, árshátíðir, villibráð, jólahlaðborð og aðrir mannfagnaðir.



hótel hvolsvöllur

Hlíðarvegur 7 | 860 Hvolsvöllur | s: 487 8050 | fax: 487 8058
hotelhvolsvollur@simnet.is | www.hotelhvolsvollur.is/



Velkomin

**Gunnars
Bar**

Fimmtíu tveggja manna og fjögur eins-
manns herbergi. Einnig eru tvö herbergi
hönnuð með sérþarfir fatlaðra í huga. Öll
herbergi eru innréttuð með baði, síma,
sjónvarpi, hárpurku og þráðlausu netsam-
bandi. 2 heitir pottar.



Ferða-, menningar- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps býður meðal annars upp á dagsgöngu um Stóru-Laxárgljúfur, sem er eina ferðin á þeirra vegum sem þarf að panta í.

MYND/MAGGA S. BRYNJÓLFSDÓTTIR

Hreyfing í Hrunamannahreppi

Ferða-, menningar- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps verður með skemmtilegar og fróðlegar gönguferðir í sumar. Yfirleitt er ekki nauðsynlegt að panta pláss og ókeypis er í ferðirnar. Þetta er sjöunda sumarið sem boðið er upp á þær og reynt er að höfða til sem flestra með því að hafa þær langar og stuttar, erfiðar og léttar.

Í öllum ferðum er fólki boðið upp á að skoða markverða staði og eru það yfirleitt heimamenn sem leiða gesti um svæðið. Sem dæmi má nefna ferð sem farin verður 10. júlí klukkan 20. Lagt verður af stað frá kirkjustaðnum Hruna og þaðan farið að Hrunalaug. Gengið á Galtafell, en þaðan er útsýni mikið ef veður er gott. Þá er haldið eftir fellinu og fundin niðurganga austan megin þar sem Stóra-Laxá rennur. Stuðlabergíð í Hólahnjúkum verður skoðað og endað við kirkjuna í Hrepphólum. Áætlaður göngutími eru fjórar klukkustundir og fararstjóri séra Eiríkur Jóhannsson prestur í Hruna.

Einnig er hægt að fara á eigin vegum og þá eru merktar göngu-leiðir til dæmis á Miðfell og Högnastaðaás en einnig eru skemmtilegar leiðir á Skipholtsfjall og Langholt.

Nánari upplýsingar um ferðirnar er hægt að nálgast á slóðinni www.fludir.is.

-stp

Ferðamaður teiknaði húsið

Ferðaþjónustan Völlum opnaði nýlega gistihús í Mýrdalshreppi sem verður opið allt árið um kring.

Gistihúsið er við Pétursey go tekur tuttugu manns í rúm. Hægt er að velja á milli tveggja og þriggja manna herbergja með sér-snyrtingu eða sameiginlegri. Matsalur er í gistihúsinu þar sem boðið er upp á morgunverðar- og kvöldverðarhlaðborð. „Það er líka alltaf hægt að kíkja til okkar í kaffisopa,“ segir forstöðukonan, Sigurbjörg Gyða Tracy, sem á og rekur gistihúsið ásamt eiginmanni sínum, Einari Einarssyni.

Húsnæðið sem gistiheimilið er í var upphaflega útihús sem hjónin byggðu 1986, en ákváðu að breyta og nýta sem gistihús. „Síðasta haust byggðum við svo sjálfstæða einingu við húsið sem nú er matsalur, eldhús og móttaka,“ segir Sigurbjörg.

Eitt og hálf ár tók að koma gistiheimilinu á fót en við hönnun þess fengu hjónin hjálp úr óvæntri átt. „Hjá okkur var þýskur ljósmyndari sem heyrði af þessari hugmynd okkar að opna gistihús. Honum leist svo vel á að hann hafði samband við vin sinn sem er arkitekt. Sá kom frá Þýskalandi til Íslands til að hjálpa við undirbúning og bjó hjá okkur í viku. Við unnum úr hugmyndum okkar í sameiningu og hann gaf okkur alla vinnu sína og teikningar,“ segir Sigurbjörg.

Hjónin þekkja vel til ferðaiðnaðarins, þar sem þau hafa leigt út tvö sumarhús á svæðinu frá árinu 2000 og gera enn. Fimm manns geta gisti í hvoru húsi og er þeim boðið upp á sams konar þjónustu og í gistihúsinu. „Hægt er að fá uppþúin rúm, þrif, kvöld- og morgunverð. Við viljum gera þetta eins þægilegt og hægt er fyrir gesti,“ segir Sigurbjörg og bætir við að þau hafi ákveðið að stækka við sig vegna aukinnar eftirspurnar, en mikill straumur íslenskra og erlenda ferðamanna hefur verið til þeirra undanfarin ár. Enda mikil náttúruferð og noga afþreyingu að hafa og má þar meðal annars nefna hestaleigu sem hjónin reka samhliða gistihúsinu.

-kka



Gistiheimilið er við Pétursey í Mýrdal.



Tjaldsvæðið er eitt hið fullkomnasta á landinu.

Alltaf fjör á Úlfljótsvatni

Á Úlfljótsvatni er útilífsmiðstöð sem skátarnir eiga og reka. Þar er fullkomin aðstaða fyrir tjaldstæðisgesti, samkomusalir og afþreying.

Útileguaðstaðan á Úlfljótsvatni var upphaflega byggð í kringum skátana sem eiga og reka staðinn. Á seinni árum hefur hún verið stórlega bætt og opnuð almenningi, einstaklingum og fjölskyldum sem leið eiga um og líka stærri hópum.

Hreiðar Oddsson er eðalskáti og öllum hnútum kunnugur á staðnum. „Sumir sem hingað koma vilja bara nota tjaldsvæðið og njóta útverunnar eins og gengur. Aðrir þurfa aðstöðu fyrir hópa þar sem allir geta setið saman, til dæmis ef um ættarmót eða fyrirtækishópa er að ræða. Við erum með stórt hús sem við köllum Strýtu sem tekið var í notkun 2005. Þar er 300 fermetra salur, ókyntur en með borðum og bekkjum,“ segir Hreiðar.

Hann bætir við að einstaklingar á staðnum séu sérþjálfaðir í hópeflisvinnu ef áhugi sé fyrir henni. „Starfið hér er byggt upp af skátum og yfir sumarið erum við með 20 til 30 skáta hér í vinnu á hverjum degi,“ segir hann og bendir á að talsverðan mannskap þurfi í vinnu við sumarþjóðir skátanna sem starfræktar eru allt sumarið, auk þess sem sinna



Gaman að bregða sér í róður út á vatnið þegar veður er gott.



Hreiðar er forstöðumaður sumarþjóða skáta á Úlfljótsvatni og þekkir líka vel til starfsemi Útilífsmiðstöðvarinnar.

MYNDR/BALDUR ÁRNASON

þurfi flennistöru útisvæði og þrifum á ferðaþjónustuhúsum.

„Við erum með 28 salerni fyrir tjaldgesti og sturtu- aðstöðu sem fólk getur notað að vild, sér að kostnaðarlausu. Í sumar erum við að taka í notkun hús með þvottavélum og þurrkara. Þar er líka lítill salur ef fólk þarf að komast inn vegna veðurs eða annars. Núna áðan kom til dæmis helliskúr!“

Meðal þess sem una má sér við á Úlfljótsvatni er að sigla því skátarnir eru með bátaleigu. Hreiðar segir líka töluverða veiði í vatninu og að veiðileyfi fylgi með í tjaldstæðagjaldinu svo hægt sé að vera á bakkanum og dorga.

Klifurturn og vatnsprautabraut eru meðal afþreyingartækja fyrir unglina og eldri og nú er verið að bæta við leiktækjum fyrir yngstu börnin, að sögn Hreiðars. En eru engin skátamót framundan á svæðinu?

„Jú, við erum með mót núna um helgina fyrir yngstu skáta landsins, sem eru 8 til 9 ára,“ svarar Hreiðar og segir langt frá því að tölvuleikirnir hafi gengið að skátahreyfingunni dauðri. „Hingað koma börn aftur og aftur,“ segir hann. „Við finnum vel að þau eru fegin að losna undan tölvunni og því áreiti sem henni fylgir og komast út í náttúruna að leika sér.“

-gun

Stutt úr bústaðnum á golfvöllinn

Ferðaþjónustan Úthlíð rekur flottan níu hólur, þar 35 golfvöllir í Úthlíð, sem hannaður er af Gísla Sigurðssyni, fyrrverandi landsliðsmanni í flokki öldunga í golfi.

Golfvöllurinn, sem kallast Úthlíðarvöllur, er hafður opin frá seinni hluta máímánaðar og fram á haust eins lengi og veður leyfir. Hann hentar bæði vönum og óvönum spilurum, en algengt er að fyrirtæki og stofnanir haldi þar golfmót. Hópar geta fengið tilboð í golfmót og grillveislu á svæðinu. Þá geta þeir sem eru í sumarhúsum í Úthlíð leigt vikukort á golfvöllinn. Þar er æfingarsvæði þar sem hægt er að æfa sveifluna, auk þess sem golfkennsla er í boði.

Vallargjöldin eru greidd á veitingastaðnum Réttinni eða í Hlíðarlaug. Ef þar er lokað er völlurinn einnig lokaður öllum nema með-



Kylfingar ræða málin við eina hindrunina á vellinum í Úthlíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

limum Golfklúbbs Úthlíðar. Alls kyns golfvörur fást í Réttinni, svo sem kúllur og tí, og hægt að leigja golfsett, kerru og golfbíla.

-mmr

30

ÁRA



30 ára afmæli hjá SET



SET er framsækið og vaxandi fyrirtæki.



SET - 1978-2008

Það eru þrjátíu ár frá því röraverksmiðjan SET hóf framleiðslu á foreinangruðum stálpípum fyrir hitaveitur. Í dag er fyrirtækið leiðandi á íslenska lagnamarkaðinum sem framleiðandi á plaströrum og þjónustuaðili við markaðinn.

SET er framsækið og vaxandi fyrirtæki.

ÞEKKING

SET býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði framleiðslu og plastiðnaðar.

Gæðamál og fræðsla hafa skipað veglegan sess í menningu fyrirtækisins sem og öflug nýsköpun og framþróun í tækni. Nýjustu áherslur SET hafa lotið að innra umhverfi og aðstöðu starfsfólks.

SET hefur vottað gæðakerfi skv. ISO 9001.

OPIÐ HÚS

Í tilefni af 30 ára afmæli SET verður opið hús hjá fyrirtækinu föstudaginn 13. júní frá kl. 14:00 til 17:00. Gestum býðst leiðsögn um fyrirtækið þar sem starfsemi verður kynnt, framleiðsla og tækni skoðuð. Tilvalið tækifæri til að kynna sér skemmtilegan undraheim plastiðnaðar og nýjustu framleiðslutækni.



SET röraverksmiðja hf. - Eyra­vegi 41 - 800 Selfoss
sími: 480 2700 - set@set.is - www.set.is



Álnavörubúðin hefur breytt um svip en heldur þó sínum sjarma.



Tölurnar eru töluvert margar.

Eins og félagsmiðstöð

Álnavörubúðin í Hveragerði er nokkurs konar ævintýraland og eins gott að ætla sér tíma í heimsókn þangað.

„Hér koma ótrúlegustu hlutir í ljós þegar farið er að gramsa. Sjálf var ég stöðugt að rekast á eitthvað sem kom mér á óvart fyrst eftir að ég byrjaði,“ segir Dórótea Gunnarsdóttir glaðlega. Hún er verslunarstjóri Álnavörubúðarinnar og tók við í lok síðasta árs. Ýmsu hefur verið breytt en búðin heldur samt sínum sjarma.

„Ég var svolítið hrædd við þetta fyrst en það var óþarft því það er búið að vera vitlaust að gera,“ segir Dórótea sem lenti í því að rör spakki undir búðinni í lok febrúar og mikið vatn flæddi inn. Eftir það var upp-röðun breytt. Dórótea bendir samt á að stærðin sé sú sama og áður, um 500 fermetrar, allt troðið af vörum og úrvalið enn jafn fjölbreytt. Allt frá krumpugöllum níuna áratugarins til nýjustu tísku. Fatnaður er fyrir allan aldur, allt frá ungbörnum til eldra fólks og Dórótea kveðst reyna að þjónusta líka þá sem eru stærri og meiri um sig en gengur og gerist og nefnir fjölmörg XL og skóstærð upp í 50.



Dóróteu finnst gaman að vinna í Álnavörubúðinni.

MYND/KRISTJÓRG ERLA HREINSDÓTTIR


„Þessi verslun hefur eiginlega selt allt nema matvöru,“ segir hún. „Það fylgir sögunni að hér hafi fengist bílavarahlutir og heitir pottar en þannig er það ekki núna. Samt dúkka hér upp hlutir eins og Útvegsspilið og alls konar forvitnilegt dót þegar vel er að gáð.

Eins og nafnið bendir til er álnavaran aðalsmerki búðarinnar enda segir Dórótea hönnuði og skólafólk í saumahugleiðingum mikið sækja þangað. Ekki spillir

verðið sem á sumum ströngum er allt að fimmtán ára gamalt.

Sjálf býr Dórótea við Elliðavatn og ekur á milli daglega. Hún segir taka styttri tíma að komast í vinnuna í Hveragerði en ef hún byggi niðri í bæ. Auk þess finnst henni miklu skemmtilegra að stunda verslunarrekstur fyrir austan fjall. „Ég hef verið með búið í bænum og það er bara leiðinlegt. Hér slakar fólk á og segir mér sögur enda býð ég upp á kaffi og meðlæti. Þetta er eins og félagsmiðstöð.“

-gun



SUMARIÐ ER KOMIÐ

⌘ Orlofshús

Heitir pottar
Ágæt aðstaða
Fallegt útsýni

⌘ Tjaldstæði

Rafmagn
Aðstaða fyrir hópa og ættarmót

⌘ Útivist

Fallegar gönguleiðir
Sögufrægir staðir

⌘ Úthlíðarkirkja

Brúðkaup, ferming,
skírn

⌘ Golfvöllur

9 holur

⌘ Réttin - sportbar

Sportbar og grill
EM í beinni á skjánum
Dansleikir
Fylgist með dagskránni á www.uthlid.is

⌘ Hlíðalaug

Opin alla daga kl 11-17
Sundlaug
Heitir pottar
Verslun
Sjoppa
Bensínstöð

⌘ Hestaleiga

Barnahestar

Verið velkomin!



www.uthlid.is / 6995500 / uthlid@uthlid.is



Hægt er að fara á vatnið á meðan veður leyfir.

MYND/RÚNAR GUNNARSSON



Alls kyns bátar eru í boði, meðal annars kajakar.

MYND/RÚNAR GUNNARSSON

Siglt á Laugarvatni

Ef fólk á leið framhjá Laugarvatni þá er upplagt að skella sér í siglingu á vatninu. Hægt er að leigja báta af ýmsum stærðum og gerðum og býður Gistiheimilið Laugarvatn upp á bátana.

Í boði eru fjögurra manna árabátar, tveggja manna hjólabátar og síðan kajakar fyrir börn og unglinga. Hægt er að fara á vatnið svo lengi sem rok er ekki mikið en veðurfar er metið hverju sinni. Vatnið er hættulaust og nánast nógu grunn til að vaða yfir. Á sólardögum er gaman að synda í vatninu og fólk getur einnig gripið veiðistöngina með sér í bátinn enda mikið af silungi.

Bátaleiguna er að finna við Laugarvatn, við hliðina á gufubaðinu og fyrir neðan héraðsskólann. Leigan verður opin frá klukkan 13 til 17 alla daga en opnunartími lengist þegar líða tekur á sumarið.

Ef fólk kemur á öðrum tímum en ofangreindum þá er alltaf hægt að hringja í eigendur í síma 486-1215 eða 899-5409 sem eru boðnir og búnir að opna leiguna fyrir fólki.



SVEINBJÖRN
SIGURÐSSON

Frístundahús

Sveinbjörn Sigurðsson hf. býður til sölu glæsilegt frístundahús í landi Mýrarkots í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið er **127 fm** að stærð með **21 fm** geymsluskúr, verönd er 290 fm og lóðin er 1,3 hektari.

Að auki er húsið fullbúið að innan og öll húsgögn og gólfefni frá versluninni **EGG**.

Frekari upplýsingar veitir Soffía í síma 895-9098 og 483-5800



Þess má geta að Mýrarkot er einungis 5 km frá golfvöllinum í Kiðjabergi og 7 km frá nýjum golfvelli við Borg í Grímsnesi.

Á sama stað eru einnig tveir minni bústaðir, 66,5 fm að stærð með 40 fm svefnlofti.



Fleiri myndir á www.verktaki.is



Fasteignasala



Loðvíðir í íslensku sumri sem kannski ber fyrir augu í Sólheimum á morgun.

MYNDIR/SIGURÐUR H. MAGNÚSSON



Falleg Gullmura sem gróir villt í íslenskrí náttúru..



Lækningamáttur Blóðbergs þekkj flestir.



Viltir vendir hafa skartað mörgum Holtasóleyjum.

Lærðu að þekkj blóm og jurtir

Menningarveisla í Sólheimum í Grímsnesi stendur nú yfir og á morgun verður boðið til fræðslu, sem hentar allri fjölskyldunni, um blóm og jurtir.

Hefur þú einhvern tíma velt því fyrir þér, á göngu um náttúru Íslands, hvað blómin og jurtirnar í kringum þig heita? Nú er tækifærið til að taka fyrsta skrefið í þeirri þekkingarleit því á morgun ætlar Sigurður H. Magnússon hjá Náttúrufræðistofnun Íslands að fræða gesti í Sesseljuhúsi, í Sólheimum í Grímsnesi, um blóm og jurtir.

Sigurður mun byrja á stuttu fræðsluerindi innandyra en síðan verður farið út og spáð í náttúruna. Fræðslustundin hefst klukkan 13 og er tilvalin samverustund fyrir fjölskylduna. Aðgangur er ókeypis.

Fræðslustundin er hluti af Menningarveislu í Sólheimum, sem hófst formlega síðastliðinn laugardag í þriðja sinn og stendur yfir alla daga til 17. ágúst. Í boði eru tónleikar, fjölbreyttar sýningar, verslun og kaffihús. Meðal annars sýnir Einar Baldursson leirlistaverk og Inga Jóna sýnir olú- og pastelverk, auk kertaskúlptúra og handverks frá Botton Village í Bretlandi. Síðan



Sigurður H. Magnússon, hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, mun fræða gesti í Sesseljuhúsi um íslensk blóm og jurtir.

er í boði umhverfissýning ásamt ýmsum skoðunarferðum og má þar nefna höggmyndagarð Sólheima og trjásaft auk náttúruskoðunar. Alla laugardaga eru tónleikar þar sem meðal annars koma fram Páll Óskar, Sólheimakórinn og Raggi Bjarna.

Kaffihúsið Græna kannan og Verslunin Vala verða opin alla daga vikunnar, en þar er meðal annars hægt að kaupa lífrænt ræktað grænmeti, listmuni, sápur og sultur. Auk þess eru handverk íbúa til sýnis og sölu. Menningarveislan er öllum opin frá klukkan 12 til 18. Sjá nánar á www.solheimar.is.

-rh

nettoline 
AÚÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT



PISA HÖLDULAUST

nýjasta tíska
hvítt matt
hvítt háglans
svart háglans



www.nettoline.dk

ÚRVAL:

30 hurðagerðir, hvítar, svartar, gular, askur, eik, birki, hnota, o.fl.

HÖNNUN:

Komdu með málin - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð.

ÞITT ER VALIÐ:

Þú velur að kaupa innréttinguna ósamsetta eða lætur okkur um samsetningu og uppsetningu.

ALLT Á EINUM STAÐ:

Fullkomið úrval innréttinga og raftækja. Sólumenn okkar búa yfir þekkingu og reynslu. Eigið trésmíðaverkstæði og raftækjavíðgerðaverkstæði. Við höfum á að skipa hópi úrvals iðnaðarmanna, trésmíða, rafvirkja og jafnvel pípara, ef með þarf. Markmið okkar er að veita úrvalspjónustu.

eldhús
bað
þvottahús
fataskápar
raftæki
borðplötur
sólbeikir
vaskar
handlaugar
blöndunartæki
speglar
lýsing

VAXTALAUST

Euro eða Visa lán

til allt að 12 mánaða, án útborgunar.

15% AFSLÁTTUR

sé greitt í einu lagi við pöntun.



Ótæmandi möguleikar á uppröðun eininga



RENNIHURÐAFATASKÁPAR

Afgreiddir eftir máli - sniðnir að þínum óskum

Mán.-föst. kl. 10-18 - Laugard. 11-16

 **Friform**

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Í RÍKI VATNAJÖKULS

WOW!


FERÐAMANNAPARADÍS UPPLIFUN - MATUR - MENNING



Hönnun: Galdur ehf. www.galdur.is

PÖRBERGSSETUR Á HALA

JÖKLASÝNING Á HÖFN



GAMLABÚÐ, BYGGÐA- OG NÁTTÚRUGRIPA-SAFN. ÓKEYPIS AÐGANGUR

BARNASTARF
MENNINGARMÍÐSTÖÐVAR
Á ÞRÍJUDÖGUM

SJÓMINJASAFN Í PAKKHÚSI OG VERBÚÐ
Í MIKLAGARÐI. ÓKEYPIS AÐGANGUR



SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

HORNAFJORDUR.IS



FRAMHALDSSKÓLINN Í
VESTMANNAEYJUM

Eftirtaldar námsbrautir eru í boði við skólann:

- Til stúdentsprófs: Félagsfræðabraut, Málabraut, Náttúrufræðibraut, Viðskipta- og hagfræðibraut Viðbótarnám til stúdentsprófs.
- Styttri bóknámsbrautir: Grunnám þjónustugreina Félags- og tómsundabraut, Almenn námsbraut og Starfsbraut fatlaðra.
- Verknám og iðnnám: Sjúkraliðabraut, Skipstjórnarnám, Vélstjórnarbraut 1. og 2.stig, Grunnám rafiðna, Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina, Grunnám í málm- og véltækni.

Sérstök athygli er vakin á því að í haust verður í boði í fyrsta sinn á Íslandi nám í stafrænni framleiðslutækni í nánnum tengslum við FabLab smiðju, þar sem hægt er að gera hugmynd að veruleika.

Einnig verður í boði nám í köfun, til fyrstu köfunarréttinda (18 ára aldurstakmark)

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er lítill, en vel búinn skóli, með mjög persónulega og góða þjónustu. Við tökum vel á móti öllum og það er gott að eiga vini í Eyjum.

Heimavist á vægu verði í vel búnu hóteli.

Formlegum umsóknarfresti lýkur 11. júní,
en upplýsingar og skráning heldur áfram í síma 488 1070 til 16. júní

Skip- og vélstjórnarnám í stærstu verstöð á Íslandi

- Vestmannaeyjar hafa lengi verið öflugasti útgerðarstaður landsins og nálægð nemenda við atvinnulífið er hvergi meiri.
- Margra ára hefð er fyrir góðri samvinnu skólans og fiskvinnslustöðvanna.
- Fiskiskipaflotinn er sá best búni á landinu og er nú verið að undirbúa fljótandi kennslustofu um borð í fullbúnu skipi.
- Verknámsaðstaða vélstjóra er mjög góð og öll kennsla persónuleg.
- Vönduð og ódýr heimavist á góðu hóteli.



VÉLSTJÓRN

Heiti	Námstími	Einingafj.	Réttindi
VA	2 annir	38	<750 kW
VB	6 annir	126	<1500 kW

SKIPSTJÓRN

Heiti	Námstími	Einingafj.	Réttindi
SA	2 annir	45	24 m skip
SB	4 annir	80	45 m skip

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Sundlaug - upplýsingaþjónusta
- tónleikar - sýningar

Hildur Hilm Jónsdóttir / hildur@dv.is



SKAFTÁRHREPPUR

Ferðaþjónusta - útivist
- fegurð og friður

www.klaustur.is



Í Slakka eru tveir litlir grísir sem heita Simmi og Jói.

MYND/HELGI SVEINBJÖRNSSON

Dýrin eru fyrir alla

Dýragarðinn í Slakka í Laugarási er áhugavert að heimsækja, en þar er meðal annars hægt að heilsa upp á spennandi dýr, spila minigolf og borða mat.

Einn af kostum Dýragarðsins í Slakka er sá að hægt er að heimsækja hann í hvaða veðri sem er, þar sem starfsemin fer fram bæði innan- og utanhúss. Í þúsund fermetra gróðurhúsi eru höfð dýr sem henta frekar til að hafa innanhúss. Þar á meðal páfagaukar, stökkmýs og fiskar ásamt öðrum spennandi dýrum. Í þeim hluta garðsins sem er utanhúss eru kanínur, yrðlingar og ýmsar fuglategundir svo fátt eitt sé nefnt.

Helgi Sveinbjörnsson starfrækir dýragarðinn Slakka. „Kálfa er ég að fá. Þeir koma nú sennilega á morgun,“ segir hann og bætir við að krakkar fái að gefa þeim að drekka með vissu milli-bili. „Svo eru hérna grísir. Ég er með tvo litla sem heita Simmi og Jói, því annar er alveg eins og Simmi,“ segir Helgi og hlær.

Fyrir utan dýragarðinn eru minigolf, púttvöllur og billjard í einu gróðurhúsinu á svæðinu, sem var reist fyrir fjórum árum og er veit-



Í Slakka er hægt að finna ýmis dýr.



Börnin fá að halda á dýrum.



ingasala innan dyra. Helgi segist ætla að láta sér þetta duga og því verð-

ur hann ekki með nein nýjungar í sumar. „Við reynum að hafa þetta svipað á hverju ári. Það er náttúrulega mest ungvíði sem kemur og mikið af dýrum.“

Þó Helgi nefni ungvíðið sérstaklega minnst hann á að fólk á öllum aldri komi í Slakka. „Það kom einn hópur af Alzheimersjúklingum um daginn. Þeir voru svo hamingjusamir að það var yndislegt. Gamalt fólk megnið og það var snertingin við dýrin sem heillaði,“ segir hann og bætir við að dýr séu fyrir alla. -mmf



www.landbunadarsyning.is
LANDBÚNAÐARSÝNINGIN 22.-24. ÁGÚST 2008

Hittumst á Helli!



Velkomin í Rangárfing eystra

...fyrir alla fjölskylduna



Full búð af nýjum vörum

Skór, fatnaður, metravara,
leikföng o.m.fl. á frábærum
verðum

Opið 17. júní
10-18

Opið í sumar

man - lau 10-18
sunnudaga 11-18

Álnavörubúðin Breiðamörk
Breiðumörk 2 - Hveragerði - 483 4517

SIBA
ÞAKRENNUKERFI
 á öll hús – allsstaðar
 Úrval lita á lager

Fróm **Létt í meðförum lang ódýrast**

PL 01 Svart PL 45 Silfur-metallic PL 20 Dökk Grá PL 22 Dökk Rauð PL 56 Dökk brún PL 42 Rauðbrún PL 80 Hvít PL 55 Kopar-metallic Alusink Kopar

Það er engin ástæða til að horfa á heiminn í svarthvítu. **SIBA-ÞAKRENNUKERFI í fjölda lita**

BLIKKÁS – FUNI
 Smiðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700
 www.funi.is – www.blikkas.is



Verkamenn í Pompei norðursins.



Kristín ásamt Óskari Sigurðssyni, vitaverði í Stórhöfða, og Jóni Karli Helgasyni kvikmyndagerðarmanni.



Vestmannaeyingar skoða Fiska- og náttúrugripasafnið. MYNDIR/KRISTJÁN EGILSSON

SÍÐASTA FORNALDARSKIPIÐ



Farsæll, 14 manna áraskip, var sokkið í sandfjöruna og nærri ónýtt þegar því var bjargað 1962. Einn síðasti skipasmiðurinn, sem enn kunnir hið forna handbragð, gerði skipið upp, en dó ári síðar. Farsæll var smíðaður 1915 skömmu áður en vélbátar útrýmdu ára- og seglskipum á Íslandi. En núna getur þú séð og snert Farsæl í Sjóminjasafninu á Eyrarbakka.



HÚSIÐ Á EYRARBAKKA
 Safnin við Suðurströndina

Fjölskrúðugt safnalíf

Í Vestmannaeyjum er öflugt safnalíf. Þar er meðal annars finna fiska- og náttúrugripasafn og byggðasafn auk þess sem verið er að reisa eldgosasafn.

„Nú er í undirbúningi sýning um lundann sem líklega verður opnuð þegar eitthvað verður liðið á sumarið,“ segir Kristín Jóhannsdóttir, ferða- og markaðsfulltrúi Vestmannaeyja, um sýningu á Fiska- og náttúrugripasafninu, en safnið hefur notið mikilla vinsælda síðan það var

opnað árið 1964, enda margt spennandi að sjá.

Þar má finna lifandi nytjafiska og krabba, uppstoppaða fugla, fiska, spen- og skordýr, og svo eitt af stærstu steinasöfnum landsins. Safnið hefur eignast flesta muni sína í gegnum velunnara. Hinir lifandi fiskar eru flestir komir á safnið vegna áhuga sjómanna, sem hafa komið með þá þangað.

Þá bendir Kristín á að verið sé að gera breytingar á Byggðasafni Vestmannaeyja, sem var stofnað árið 1932 og hefur verið með sýningar um mannlíf og útgerð í Eyjum. „Það á að

fara að opna sýning um Tyrkjaránið,“ segir hún og bætir við að áhugamannafélag um Tyrkjaránið sjái algjörlega um þá sýningu í sumar.

Þá segir hún ýmislegt fleira á döfinni, meðal annars goslokahtíð sem haldin er í júlíþyrjun á hverju ári. En þá fagna íbúarnir lokum Vestmannaeyjagossins sem voru 3. júlí 1973. „Þá verður fyrsta áfanga í verkefninu Pompei norðursins lokið, en það verður hluti af stóru eldgosasafni sem á að fæðast hér á næstu árum og kallast Eldheimar. Þetta verður lifandi safn sem á að vaxa smám saman,“ segir Kristín.

-mmf

Velkomin í Hveragerði

Blómstrandi bær



Upplýsingamiðstöð Suðurlands
 Verzlunarmiðstöðinni Sunnumörk,
 810 Hveragerði
 Sími: 483 4601, Fax: 483 4604
 Netfang: tourinfo@hveragerdi.is
www.southiceland.is



Sundlaugin Laugaskarði
 810 Hveragerði
 Sími: 483 4113



Hverasvæðið í miðbænum
 Hveramörk 13, 810 Hveragerði
 Símar: 483 5062, 660 3905
 Netfang: tourinfo@hveragerdi.is
www.southiceland.is



Tjaldsvæðið Reykjamörk
 810 Hveragerði
 Símar: 483 4605, 660 3905
 Rafmagn 220W, ísonn WC, skólan WC,
 áfylling drýkkjavatni, þvottavél, þurrkúll





Opnar 14. júní kl. 14

Boðið verður upp á léttar veitingar í tilefni dagsins. Allir velkomnir.

Sigurjón Ólafsson

Búrfellsstöð

Sýning á starfi og verkum myndhöggvarans Sigurjóns Ólafssonar í tilefni af því að hann hefði orðið 100 ára á árinu. Lágmyndin á Búrfellsstöð er verk Sigurjóns og er stærsta lágmynd á Íslandi.

Kynnið ykkur raforkuframléiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Kröflustöð, Laxárstöð, Ljósafofssstöð við Sog og Gestastofu Fljótsdalsstöðvar í Végarði.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar**.

Végarður er opinn frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.

Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.



Landsvirkjun

Handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna 2007



LAPPSET

ÚTILEIKTÆKI

HJÓLABRETTAGARÐAR

VATNSRENNIBRAUTIR

GIRÐINGAR

GÚMMÍHELLUR

GÚMMÍMOTTUR Á GRAS

BÁSACLÆÐNINGAR

HESTAMOTTUR

RABO/BRIO LEIKSKÓLAVÖRUR

KÖRFUR OG MÖRK

VÖRUR FYRIR GÖTUR OG TORG

VÖRUR ÚR ENDURUNNU PLASTI



VERÐUM Á ÁRBORGAR
SÝNINGUNNI 2008 !

Jóhann Helgi & Co ehf -stofnað 1990-
Sími 5651048 - 8208096
jh@johannhelgi.is www.johannhelgi.is

Á hestum postulanna

Dagur hinna villtu blóma verður haldinn í heiðri á Kirkjubæjarklaustri

á morgun að sögn Ólafu Jakobsdóttur á Kirkjubæjarklaustri. „Við ætlum að efna til göngu frá Skaftárskála



Dagur hinna villtu blóma verður haldinn á Kirkjubæjarklaustri.

annað kvöld, rölta niður með Skaftá í átt að Heimsendaklettum og skoða gróðurinn á árbökkunum,“ segir hún. Spurð út í gróðurfarið þar segir hún það býsna fjölbreytt. Aðra göngu nefnir Ólafía líka sem framundan er. Það er hefðbundin Jónsmessuganga hringinn í kringum Hæðargarðsvatn í Landbroti. „Það verður varðeldur og söngur að lokinni göngu og boðið upp á einhverja hressingu,“ segir hún að lokum. -gun



Aðalsalurinn í Tré og list geymir marga góða gripi. MYND/TREGLISTIS

Lifandi listasmiðja

Tré og list í Forsæti í Flóa er lifandi listasmiðja sem varðveitir sögu hagleiks og uppfinninga.

Handverkshús sem kynnir tréskurðarlist og sérstakt handverk var opnað í ágúst í fyrra að Forsæti í Flóa. Eigendur þess eru hjónin Bergþóra Guðbergsdóttir og Ólafur Sigurjónsson. Þau tóku gamalt fjós frá foreldrum Ólafs og breyttu því í lifandi listasmiðju sem er opin alla daga frá 13 til 18 og einnig eftir samkomulagi.

Forsæti stendur á bökkum Þjórsár og að því eru tvær leiðir frá Þjóðvegi 1, við Þingborg og niður með ánni, framhjá Urriðafossi. -gun

Hundruð Blaðbera leita sér að heimili á Suðurlandi

Náðu þér í ókeypis Blaðbera á Árborgarsýningunni í Vallaskóla og byrjaðu að endurvinna.*

* ATH aðeins á Laugardag á milli 11-18

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Búgarðabyggð í Árborg



Tjarnabyggð

„Einn áhugaverðasti búsetukosturinn í dag“



**Kynning allar helgar
milli kl.13 og 17**

**Við höfum trú á aðgerðum ríkisstjórnarinnar og höfum þegar lækkað vexti
Bjóðum nú lóðalán með 5% föstum vöxtum til 40 ára (gildir til 29.07.2008)**

Fólk sækir í sveitina

- Á annað hundrað lóðir seldar í Tjarnabyggð
- 35 hús í byggingu og margar fjölskyldur fluttar inn
- Kaupendur eru ánægðir og hafa hannað búgarða eftir eigin höfði
- Ljósleiðarinn hefur slegið í gegn
- Vegir, hitaveita og aðrar lagnir komnar að 220 lóðum
- Tveir úr sveitarstjórn Árborgar hafa þegar keypt og annar fluttur inn
- Bundið slitlag komið á stofnvegi
- Tæpir 10 km. af göngu- og reiðstígum þegar komnir

Ljósleiðari um alla Tjarnabyggð

Það er **Siminn**



**Viðtöl við kaupendur á heimasíðunni
www.tjarnabyggd.is**

Nánari upplýsingar:
Fasteignasalan Garður í síma 5621200
Landeigandi í síma 8980343




Fasteignasalan Garður: sími 5621200
Sigrún Sigurpálsdóttir löggiltur fasteignasali

Nýtt samfélag í falletgri sveit

Smíðum og hönnum

- allar gerðir þaksperra



**SG hús hafa tekið í notkun hönnunarforrit fyrir þaksperrur (kraftsperrur).
Forritið getur hannað allt að 22 mismunandi gerðir af þaksperrum
og skilar fullbúnum teikningum til byggingarfulltrúa.**



Eftir að teikningar liggja fyrir frá arkitektum og þakformið hefur verið ákveðið, er forritið matað á þeim upplýsingum. Forritið reiknar síðan út hagkvæmstu þversniðin og gerð þaksperranna. Allar samsetningar eru gerðar með Gang-Nail T-150 gaddaplötum sem pressaður eru á samskeytin með vökvapressu.

SKAPANN AUGLÝSINGASTOFA

SGHÚS

Austurvegi 69 - 800 Selfossi
Sími 482 3850 - Fax 482 3851 - sghus@sghus.is

www.sghus.is

bíða eftir vegabréfsáritun til Taílands. Þegar ég var búinn að vera þarna í tvo daga fór ég að ræða við Guðna hvort það væri einhver möguleiki að fá að læra af honum til að mega kannski kenna öðrum einhvern tímann í framtíðinni. Hann tók vel í það og það varð úr að ég var þarna í fimm vikur að stúdera Rope-jóga. Á meðan ég var hjá Guðna bauðst mér að koma á kennaranámskeið í Kripalu sem ég hefði ekki getað nýtt mér ef ég hefði farið til Asíu. Um leið og ég ákvað að vinna með fólki þá opnaðist leið fyrir mig til að kenna hefðbundni jóga,“ segir Billi og vill meina að þarna hafi örlögin gripið í taumana.

Til að komast að á Kripalu-jógasetrinu þarf fólk að hafa stundað jógaæfingar í meira en tvö ár og nauðsynlegt er að einhvern tíma á því tímabili hafi fólk verið í daglegri jógaástandun. Billi uppfyllti ekki alveg þau skilyrði en vegna sjálfboðavinnunnar var honum boðið að koma á jógakennaranámskeið. „Þetta var mjög mikið nám og þar voru gerðar svakalega miklar kröfur,“ segir hann. Eftir að mánaðar kennaranámskeiði lauk var hann þó búinn að fá nóg af útlendavist í bili, enda búinn að vera að heiman í rúmlega hálfu ári. Þegar hann kom heim byrjaði hann strax að kenna jóga í World Class en hann hefur verið viðriðinn þá stöð allar götur síðan.

Asía kallar

Þótt hann hafi ekki heimsótt Asíu þegar til stóð þá endaði hann þó á því að fara þangað. Fyrir tveimur árum lét hann drauminn rætast og dvaldi þar í þrjá og hálfan mánuð. Þá var hann búinn að fara nokkrum sinnum aftur til Kripalu til að stúdera taílenska nuddið. Hann segir að fólk hafi rekið upp stór augu þegar hann nefndi taílenska nuddið því fólk tengir þetta orð yfirleitt við erótík. „Ég fékk að heyra það. Hvað svona ungur myndarlegur drengur væri að spá,“ segir hann og hlær. „Því miður hefur þetta þennan stimpil á sér og það ekki að ósekju því það er mikið vændi í Taílandi. Þetta nudd hefur hins vegar 2500 ára sögu og þessi meðhöndlun er rakin til einkalæknis Búdda sjálfs. Munkarnir stunduðu þetta upphaflega en þetta snýst um að teygja líkamann, nudda hann og opna orkubrautir. Nuddarinn notar miklu meira en bara fingurna, hann notar þumla mikið, olnbogana og fæturna. Þetta er svona jóga lata mannsins því nuddþeginn liggur bara og er nuddaður inn í jógastöður.“

Rope-jóga slær í gegn

Billi er einn af fyrstu Rope-jógakennurum á Íslandi. Hver skyldi vera munurinn á hefðbundnu jóga og Rope-jóga? Rope-jóga gengur út á að ná sambandi við kviðvöðvana og alla vöðvana í kringum mjaðmasvæðið. Rope-jóga æfingarnar eru flestar gerðar liggjandi til að styrkja þessa vöðva vel. Mjaðmagrindin er sæti fyrir hrygginn og hryggurinn hefur áhrif á allt sem við gerum. Rope-jóga örvar líffærin í kviðarholinu, örvar meltinguna og sogæðakerfið. Hefðbundni jóga vinnur að því að styrkja og liðka allan líkamann með mismunandi stöðum og æfingum. Í báðum tilfellum skiptir andardrátturinn máli. Þegar fólk er að hugsa um eitthvað annað er eins og líkaminn fari á sjálfsstýringu. Þá er fólk að gera fína leikfimi en ekki jóga,“ segir hann og hlær

og viðurkennir að í öllu jóganu sé mikilvægt að tapa ekki húmornum og segir að fólk megi alls ekki taka sig of alvarlega.

Billi er ekki bara jógakennari því hann er líka lærður einkaþjálfari. Þegar hann sinnir því starfi blandar hann saman jóga og æfingum í tækjasal. „Það er mjög algengt í tækjasalnum að fólk sé einhvers staðar allt annars staðar; að horfa á náungann við hliðina eða á sjónvarpið. Ég er ekki að dæma það þegar fólk horfir á sjónvarpið fyrir framman þrekkækin. Það er bara ekki jóga,“ segir hann og viðurkennir að hann svindli stundum og taki iPod-inn með á æfingar.

Líf í skugga geðhvarfasýki

Fyrir einu og hálfu ári uppgötvaði Billi að hann væri haldinn geðhvarfasýki 2. Hann hafði fundið fyrir miklum andlegum sveiflum frá unglingsaldri en hélt að það væri einfaldlega fylgifiskur þess að hafa verið í fíkniefnum sem unglundur. Geðhvörf 2 lýsa sér

Þegar fólk er að hugsa um eitthvað annað er eins og líkaminn fari á sjálfsstýringu. Þá er fólk að gera fína leikfimi en ekki jóga

sem þunglyndi sem tekur dýfur og fer svo hátt upp á milli. Helsti munurinn á geðhvarfasýki 1 og 2 eru að í hinni fyrrennföndu eru mun meiri sveiflur en í geðhvarfasýki 2 eru sveiflurnar örari og ekki eins ýktar. „Ég gat ekki merkt það að ég væri beint þunglyndur því ég sveiflast svo ört upp og niður. Þegar ég er í niðursveiflu er erfitt fyrir mig að gera jafn einfalda hluti og að kaupa í matinn en þegar ég er í uppsveiflu þá get ég vakað alla nóttina og er mjög ör.“ Hann segist hafa áttað sig á þessu þegar hann var með konu í einkaþjálfun og fór að ræða um veikindi sín við hana. Þá kom á dag-

inn að systkini hennar voru bæði haldin geðhvörfum 2 og því þekkti hún einkennin strax. Í framhaldinu benti vinkona hans honum á að skoða greinar eftir ákveðinn lækni sem hafði stúderað geðhvörf 2. „Þegar ég las greinina var eins og hann væri að skrifa um mig. Í dag er ég að vinna með þessum lækni, er að nota lyf til að ná jafnvægi, en lækurinn vinnur þannig að hann vill nota eins lága lyfjaskammta og hægt er til að minnka aukaverkanir. Svo hreyfi ég mig mikið og það má segja að hreyfingin sé í rauninni rauði þráðurinn í lífi mínu. Ég verð að hreyfa mig eitthvað á hverjum degi til að lifa eðlilegu lífi. Þegar ég er í manífunni fer ég út að hjóla til að stramma mig af og þegar ég er í lægð þá hjálpar það mér alltaf að æfa.“

Geðhvarfasýki hefur verið mikið feimnismál en honum finnst betra að tala um það. „Fólk í kringum mig sér alveg þegar það er eitthvað í gangi og það er betra að ræða það bara.“ Þegar hann er

spurður að því hvernig sveiflurnar séu þá segist hann vera búinn að finna út ákveðið mynstur. „Þetta byrjar alltaf með depurðinni, allir hlutir verða miklu erfiðari og þá dreg ég mig í hlé. Þetta varir í nokkra daga, mislengi þó. Núna er ég farinn að þekkja mig betur og farinn að ná mér upp fyrir.“ Hann lætur sveiflurnar sem fylgja geðhvarfasýkinni þó ekki trufla líf sitt um of og framtíðin leggst vel í hann. „Núna er ég að bíða eftir svari frá Háskólanum í Reykjavík en ég sótti um að komast í þróttafraeðinám. Svo er stefni ég að því að vera meira úti í náttúrunni, langar að klífa fleiri fjöll.“ Setur þú stefnuna á Mount Everest? „Nja, ég veit það ekki, en ég held að það sé rosalega magnað, alveg örugglega hápunktur lífsorkunnar að standa þar,“ segir hann og brosir og bætir því við að þrátt fyrir að hann hafi lært ýmislegt og farið víða þá sé hann rétt að byrja. „Ég er bara búinn að vera að krafsa á yfirborðinu.“ martamaria@365.is



Viltu það nýjasta í förðun?

Fáðu ráðleggingar og lærðu allt það nýjasta og ferskasta í förðun og húðhirðu hjá förðunarmeisturum Bobbi Brown.

Pantaðu tíma og frískaðu upp á útlitið fyrir sumarið. Þú færð persónulega ráðgjöf og förðunartillögur á blaði með þér heim. Lyf & heilsa Kringlunni s. 5689970

Lyf & heilsa
Við hlustum!

B O B B I | B R O W N

tíska

ferskleiki dagsins í dag



**HEIÐGULIR
STRAND-
SANDALAR**

frá Topshop, færa þér
sumarangan og yl.

**UNÆÐSLEGT
BRÚNKREM**

frá Clinique sem bætir,
hressir og kætir.

Sundbolur eða bikiní?

Ég hef aldrei beint skilið þessa sundfatatísku fyrr en ég neyddist til að kaupa mitt fyrsta bikiní fyrir tveimur árum, þá vel komin á þrítugsaldurinn. Ég viðurkenni að þetta var órlítið yfirþyrmandi í fyrstu en ég hafði hugsað mér að láta hinn íslensk ættaða sundbol þjóna mér á hinum suðlægu slóðum, eftir nokkra daga í sólinni gafst ég þó upp fyrir hitanum og brúnkupyrstum líkama mínum. Jómfrúar-bikiníleiddangurinn tók marga daga. Ég hafði vissu for-dóma gangvart bikiníum enda voru þau algjörlega óþekkt stærð í mínum augum þar sem ég ólst upp á Íslandi og hafði eytt sumarfríum með foreldrum mínum í rigningu á Bretlandi. Eftir margar mislukkaðar mátanir var þó rétta bikiníð fundið og slegið selt. Það tók mig þó nokkrar vikur að aðlagast tilhugsuninni um mig á ströndinni á bikiní einu fata og því gegndi svarti þykki sundbolurinn enn þá lykhillutverki. Eftir góðan aðlögunartíma ákváð ég að vígja bikiníð enda ekki seinna vænna. Til að byrja með leið mér eins og ég væri allsber á ströndinni, ég sveipaði mig handklæðinu og hálfór hjá mér. Feimnin var þó fljót að fara af mér, að vísu þurfti ég suðrænan svaladrykk til að losa um handklæðið og áður en ég vissi af lá ég örugg og alsæl á ströndinni. Sundbolurinn var endanlega lagður á hilluna og fyrir mér opnuðust nýjar dyr og þegar ég kom til Íslands seinna um sumarið komst ég að því að bikiníð var ekki bara gott og gilt á hinum suðlægu slóðum heldur sómir það sér vel á íslenskum sundlaugarbökkunum á sumrin.

bergthora@frettabladid.is

1. Blómamunstur og skærir litir teygja anga sína víða þetta sumarið en sundfata- og strandatískan hefur ekki farið varhluta af æpandi litum og fagur-skreyttum blómum. Þetta sumarlega bikiní er frá Oasis. 2. Munstrað bikiní frá Next. 3. Doppött bikiní frá Next. 4. Sætur sumarkjöll frá Oasis, fluttur yfir bikiníð. 5. Taska í sunnið og í Nauthólvíkina frá Next. 6. Sumarlegt handklæði frá Oasis. 7. Sundbolur frá Next. 8. Geggjaðir sumarskór frá Kron. 9. Græni liturinn var áberandi á sýningu Hotel Bondi Swim fyrir sumarið 2008.



Vandaðir leður
Lúxus-hvildar

sófar

með stillanlegu baki og skemli
Frábærir sjónvarps-sófar og stólar
Einnig fánlegir rafknúnir



2 sæti m/borði
Verð kr. 175.000.- **140.000.-**

3 sæti m/2 borðum
Verð kr. 273.000.- **218.400.-**

4 sæti m/2 borðum
Verð kr. 336.000.- **268.800.-**


Raðgr. Visa og Euro

Einnig fánlegir stakir stólar

Val húsgögn

Ármúla 8 • 108 Reykjavík
Símar 581 2275 • 568 5375

Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16



Liborius og Epal
eru saman
á Laugavegi 7.
Kíktu í heimsókn.

heima

gleði og glysgjörn húsráð

KRÓKÓDÍLAFLÍSAM Hvernig væri að hugsa út fyrir rammann og flísaleggja einn vegg í stofunni eða allt baðherbergið með krókódílamynsturflísum? Þessar eru nýlentar í Álfaborg og sanna það að dýramynstur eiga svo sannarlega heima inni á heimilum. Svalara getur það varla orðið.




Donald Trump á arinhillunni



Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is

Ég hef oft heyrt um fólk sem þorir hreinlega ekki út úr húsi beri þrettánda dag mánaðarins upp á föstudag vegna ótta um að eitthvað hræðilegt gæti komið fyrir það. Sjálf er ég ekki sérlega hjátrúarfull þótt ég hafi tekið mínar andlegu syrrur á unglingsárum. Það var þó aðallega út frá ástarpælingum enda hélt maður í þá daga að hægt væri að sálgreina menn út frá stjórnumerkjabókum. Gallinn var hins vegar sá að gæjarnir voru yfirleitt búnir að finna sér aðrar kærustur á meðan ég sat sveitt við að reikna út persónuleika þeirra samkvæmt leiðbeiningum sem voru aftast í bókinni.

Ég verð þó að játa að á dögunum velti ég því fyrir mér hvort örloði kannski á pínulítili hjátrú hjá sjálfri mér þegar ég rakst á myndina af Donald Trump þegar ég var að taka til í skúffum heimilisins. Sagan af myndinni af auðkýfingnum byrjaði fyrir tæpum tveimur árum þegar húsbóndinn á heimilinu ákvað að kanna hversu vel húsmóðirin þekkti sitt eigið heimili. Húsbóndinn hafði tekið eftir því að á arinhillunni var auður rammi og í einhverju flippi klippti hann út mynd af Donald Trump og setti í auða myndarammann. Það er kannski ekki hægt að undrast það en ég var búin að vera heima í um það bil átta mínútur þegar ég tók eftir glæpnunum. Í stað þess að flegja myndinni úr rammanum ákvað ég að hafa Trump á arinhillunni því ég var staðráðin í því að vera hans væri ávísun á velmegun. Þegar vinir og vanda menn komu í heimsókn helltust yfir okkur spurningar um þennan dularfulla mann á arinhillunni, einhverjir könnuðust við kauða á meðan aðrir spurðu hver þessi frændi minn væri aftur því hann væri svo kunnuglegur. Eftir jólin þegar ég var að tína saman jólaskrautið ákvað ég að hressa aðeins upp á „dekkjóð“ og fjarlægði herra Trump úr rammanum og setti brúðkaupsmyndina af okkur hjónum í staðinn. Ekki veit ég hvort Trump er jafn áhrifamikill og haldið er fram en mér finnst merkilegt að um leið og hann hvarf af arinhillunni heima hjá mér þá fór allt á aðra hliðina í þjóðfélaginu. Krónan féll, vextir hækkuðu, húsnæðismarkaðurinn hrundi og olíuverð náði sögulegu hámarki. Þegar ég hnaut um myndina af Trump vini mínum í vikunni sá ég að myndin yrði að komast aftur á arinhilluna hið snarasta, ekki þó vegna þess að hann væri svo ofurfagur og mikið stofustátt. Heldur vegna peningaheilsu þjóðarinnar og fyrir alla þá sem elska kampavín, kraftmikla bíla, kavíar og endalaust góðæri. Það sakar að minnsta kosti ekki að prófa.



BESTLITE INN Á HVERT HEIMILI

Eitt af best geymdu leyndarmálunum í Epal er Bestlite lampinn. Hann er fagaður og einfaldur en samt svo ógurlega smart og fer vel inn á hvert heimili. Hann er til í ýmsum myndum, sem standlampi, borðlampi, loftljós og svo eru til nokkrar tegundir af vegg-lömpum. Það er til dæmis mjög fallegt að hafa mörg Bestlite ljós yfir borðstofuborðinu til að fá öðruvísi fíling nú eða að festa lampann upp á vegg.

UNGLINGUM FYLGIR ÁBYRGÐ

SKEMMTUM OKKUR VEL Í SUMAR!

AN ÁFENGIS

⇐ HVER BER ÁBYRGÐ? ⇐

LYÐHEILSUSTOÐ
- lítið heil

Hvernig viltu hafa baðherbergið þitt?

Ný baðáhrif

Það er kannski skiljanlegt að fólk endurnýi ekki baðherbergið sitt á hverju ári því það er líklega ekki hægt að upplifa meira rask en þegar öllu er breytt á baðinu. Í dag kveður við nýjan tón í nýhönnuðum baðherbergjum. Hin óbaðherbergislegu baðherbergi eru að taka við af hefðbundnum þar sem allt átti að vera flísalagt í hólfi og gólfi, með skápasamstæðu í kringum vaskinn. Það þýðir þó alls ekki að hafa baðherbergið svo arfasmart að ekki sé pláss fyrir praktíska hluti. Í dag ber töluvert á því að baðherbergi séu eingöngu flísalögð að hluta til, aðallega í kringum baðkar og sturtu og svo er svokölluð sundlaugarmálning (fæst í Slippfélaginu) notuð á aðra vegg. Þegar kemur að fúgum á milli flísanna er stranglega bannað að hafa þær áberandi, flísarnar eiga helst að mynda eina heild og þar fyrir utan er ekkert gaman að þrifa skítugar fúgur. Stórir speglar eru áberandi og lýsingin á að vera flauelsmjúk svo við tökum okkur vel út þegar við fækum fötum á þessum heilaga stað. Innfelldir skápar hafa tekið við af skápasamstæðum og



Frístandandi vaskar eru mikið í tísku núna. Þessi er frá Alessi.

mikið er lagt upp úr því að baðherbergin séu þrífaleg og hrein.

martamaria@365.is



Korkurinn er kominn aftur. Svona vilja Ítalarnir hafa baðherbergin, svoltið retró og kósý.



Er svart klósett ekki hámark smartheitanna?



Hér sést vel hvernig hægt er að leika sér með lýsingu.



Prófaðu að setja stofulampa inn á bað og sjáðu hvernig það kemur út. Takið eftir speglinum, hann hangir niður úr loftinu og er festur með vír.



Hver er ekki búinn að fá leiða á hefðbundnum handklæðaofni sem er oftast en ekki eins og illkynja æxli inni á baðherberginu. Hér er frábær lausn á handklæðaofnum.



Hannaðu þín eigin föt



Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 8500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, lokað laugardaga í sumar.

Onion snið




Burberry | Calvin Klein | Sportmax Code | Filippa K
Patrizia Pepe | Annhagen | Anderson & Lauth | Stella Nova
GK Reykjavík | Rutzou | Lee | Wrangler

SUMARAFSLÁTTUR

FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

20%

Verið velkomin



KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

bland

í gær og á morgun ...

HELGIN

FÖSTUDAGUR:

Hvannaldsbræður voru að senda frá sér geisladiskinn Knúsumst um stund en af því tilefni halda þeir útgáfutónleika í lðnó. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 21 en húsið verður opnað klukkutíma fyrr.

LAUGARDAGUR:

Pikknikk og þrjón í Hallargarðinum á milli klukkan 14 og 18. Allir velkomnir með hannyrðadótið og góða skapið í farteskínu.

SUNNUDAGUR:

Sigurður Guðmundsson, betur þekktur sem Siggí úr Hjálmmum, og Memfismafian flytja gömul íslensk dægurlög í lðnó, kl. 14. Tónleikagestum gefst tækifæri til að næra bæði sál og líkama því í boði verða gómsætar og gamaldags veitingar.

díana mist

FÖSTUDAGUR 6. JÚNÍ
Enn og aftur komin helgi og í þetta skipti var menningarsinnaða vinkonan úr menntaskóla búin að plana stelpukvöld með „single“-klúbbum sem við ásamt nokkrum einhleypum fljóðum stofnuðum á gullaldarárinu 2000. Átta árum seinna erum við ennþá allar blessunarlega á lausu en einhverjar þó búnar að gifta sig og skilja í millitíðinni. Það gefur til kynna að við hittumst ekki oft enda eigum við fátt annað sameiginlegt en það að vera einhleypar. Við hittumst heima hjá mér og skáluðum í kampavini og borðuðum heimager sushi. Við fórum því vel hressar með plastglós á fæti og nokkrar kampavinsflöskur í Háskólabíó á myndina Sex and the City. Það var troðfullt út úr húsi og ekki þverfótað fyrir Carrie Bradshaw-um Íslands. Okkur vinkonunum fannst þetta öllum of mikið af því góða en þessar íslensku snótir litu hvorki út fyrir að hafa sjálfstæðan smekk né vilja. Þegar myndin byrjaði tók salurinn sig til og stundi þegar Carrie mátaði brúðarkjóra, snókti þegar Big bað hennar óformlega og svo mætti lengi telja. Okkur fannst aftur á móti lítið til myndarinnar koma og óskuðum okkur einskis heitar en að þær stöllu enduðu aftur einhleypar og hressar. Okkur varð ekki að ósk okkar og þegar hér var komið við sögu drukkum við kampavinið af stút enda fátt annað hægt þegar sykursæt Hollywood-vella svífur yfir vötnum. Eftir myndina héldum við vinkonurnar á Boston þar sem var fullur salur af mini-útgáfum af sjálfri Carrie.

snótirnar með drykk en ekki grátandi í Háskólabíó. Það verður að viðurkennast að þær lyftu ásýnd skemmtistaðarinnar á annað plan. Við vinkonurnar hertókum borð í horninu og rifjuðum upp þegar Sex and the City var skemmtilegt. Eitthvað fór lítið fyrir karlpeningnum þetta kvöld en þarna var myndlistarmaðurinn Haraldur Jónsson, Biggi í Maus sem virðist bókstaflega vera alls staðar og Hvíti vikingurinn Gottskálfur Dagur Sigurðsson. Eftir vel sósað kvöld hélt ég alsæl heim og þakkaði mínum sæla fyrir að líf mitt gengur ekki út á að finna þann eina rétta.

LAUGARDAGUR 7. JÚNÍ
Morgunninn fór ekki vel af stað, ég hafði blandað aðeins of mörgum tegundum saman kvöldinu áður og kampavinsþambið gerði sitt í ótæpilegum timburmönnum. Lá í rúminu fram eftir degi enda fátt annað í boði þar sem úti var hellidemba. Rankaði þó við mér þegar vinkona mín hringdi í mig og stakk upp á því að við færum í útgáfuteiti Charlie Strand í versluninni Liborius í tilefni af útgáfu bókarrinnar Project: Iceland. Þar var Jói franski og Eygló fatahönnuður, systurnar Bárá og Hrafnhildur Hólmgeirsdætur, Jón Sæmundur Auðarson hönnuður og klipparinn Jón Atli á Geli, hljómsveitarguttarnir Dóri og Gylfi í Kimonó, Guðni Mr. Handsome, Krummi í Mínus og Singapore Sling-tóffarinn Henrik Björnsson ásamt kærustu sinni Elsu Maríu Blöndal. Útgáfuteitið teygði síðan anga sína á Kaffibarinn en á efri hæðinni hélt útgáfupartið áfram og þar voru nokkurn veginn þeir sömu og í Liborius, fatahönnuðurinn Ási hafði bæst í hópinn sem og Einar Sonic og Andrea Brabin. Það þarf varla að taka það fram að ég var vægast sagt orðin „helluð“ þegar á Kaffibarinn var komið. Ég hélt þó áfram í gleðinni fram eftir nóttu og átti vægast sagt hressst kvöld.



Það var þó ögn skárra að sjá

Elsa María Jakobsdóttir, dagskrárgerðamaður



„Lautarferðarkarfa sem amma Helga gaf mér í afmælisgjöf þegar ég var unglingur. Mér fannst karfan alls ekki töff þá en í dag er hún mikið þarfáþing og sérstaklega yfir sumartímamann.“

„Þetta hræðýra útvarp úr Tiger hefur verið miðpunktur heimilisins undanfarna mánuði því ég hef ekki verið með sjónvarp. Það svínvirkar og sáandar eins og eðaltæki.“



„Sigríður Thorlacius vinkona mín gaf mér þetta undurfagra kaffibollastell í afmælis- og innflutningsgjöf fyrr á þessu ári. Kaffið verður ólysanlega betra úr svona huggulegum bolla.“

„Fósturfjölkskyldan mín í Frakklandi, Les Besancon, gaf mér þetta gullfallega hálsmen í 18 ára afmælisgjöf þegar ég bjó það. Klárlega eitt fallegasta skart sem ég á og það kærasta.“



„Var að fá þennan disk í hendurnar, Sigurður Guðmundsson og Memfismafian, og mér þykir sjúklega vænt um hann því plötunni fygir heimildarmynd eftir mig og Gauk Úlfarsson um gerð plötunnar og þetta er í fyrsta skipti sem verk eftir mig kemst á plast. Þvílíkur sigur!“



„Pennan síma áttu foreldrar mínir þegar ég var litill grislíngur og ég slefaði alveg fullt í hann. Þess vegna var alveg tilvalið að ég fengi að eiga hann.“

„Pönnukökupönnuna sendi móðir mín mig með til Frakklands forðum til að kenna Frökkum að búa til íslenskar pönnukökur. Það er svona eins og að kenna Kananum að steikja hamborgara, þannig að ég hirti hana sjálf og hef margtýnt henni í flutningum, jafnvel í heilt ár, en alltaf fundið hana aftur.“



„Þetta veski saumaði ég í handavinnu þegar ég var tólf ára og var að uppgötva Bítlanu. Mjög mikilvægt á ákveðnum aldri að troða hljómsveitarnöfnum á allt mögulegt. Ég fór svo í pilgrámsferð til Liverpool á dögnum með FTT og að sjálfsögðu fékk bítlaveskið mitt að fljóta með.“



„Hlutirnir eiga það flestir sameiginlegt að vera gjafir frá góðu fólki úr ýmsum áttum. Þess vegna þykir mér sérstaklega vænt um þá.“

TOPP 10



„Gítarinn gaf móðir mín mér eitt sinn í jólagjöf og hann hef ég aldeilis strömmað á, vinum og vandamönnum til ama og leiðinda. En ég fer í rosalega sjálfsupplifun með hann í höndunum.“



„Einn í afmæli heitir þetta stórbrotna málverk eftir Fróða Steingrímsson en hann var svo rausnarlegur að gefa mér það í 25 ára afmælisgjöf. Þetta er eina málverkið sem hefur verið málað fyrir mig eftir þöntun.“



Vertu frjáls í ferðalaginu

www.fjarorka.is

Fjarorka ehf.

Græn orka er okkar fag

Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnes, sími 5785566



RAFORKA, ALLTAF, ALLSSTAÐAR

- Fullkomin, alsjálfvirk hleðslustýring sem stöðugt vaktar rafgeyma og sér um að halda þeim í hleðslu allt árið.
- Notar metanól til rafmagnsframleiðslu.
- Vinnur mjög vel með sólarrafhlöðum
- Ísetning afar einföld og auðveld.

AGM Rafgeymar.

Sérstaklega hannaðir fyrir notkun í ferðavögnum.

EM-helgi í Útilíf

ISLENSKA SIA.IS ÚTI 42714 06-2008

20%

afsláttur af fótoltavörum

Fótoltaskór - Fótoltar - Legghlífar - Markmannshanskar



HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

SUMMAR TILBOÐ

Sjóðandi heit tilboð á tölvum og tölvubúnaði



GIGABYTE

Spire Black Edition Tölva

GIGABYTE Black Edition er mjög öflug og sérlega hljóðlát tölva með Dual Core örgjörva og ATI Hybrid HD3200 ofur öflugri Direct X10 skjástýringu.

- Athlon 5000 Dual Core 2.6GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 32MB NCQ harðdiskur
- 20xDVD SuperMulti DL skrifari
- 512MB Radeon HD3200 skjástýring
- 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðkort
- HDMI, DVI, SVHS, HDTV og FireWire
- Windows Vista Home Premium

69.900

VE12 6.905 Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI



HVERGI BETRA VERÐ!

1GB MP3

CREATIVE STONE SPILARI

Creative Stone er einn minnsti MP3 spilari í heimi, aðeins 18,5g með hleðslu-rafhlöðu sem endist í allt að 10 klst.

- Ótrúlega nettur aðeins 18,5g
- Kemur með hleðslu-rafhlöðu
- Allt að 10 klst. ending á rafhlöðu
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ótrúlega nett heyrnatól fylgja
- Tengist beint í USB tengi
- Nú á ótrúlegu tilboði í Tölvutek

CREATIVE®

2.990



500GB

SPECIAL EDITION 720p

INOi margmiðlunarspilarinn er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Hlaðinn öllum helstu tengjum

19.900



2 DAGA TILBOÐ

MH89

FARTÖLVA Á TILBOÐI

Glæsileg Limited Edition fartölva frá Packard Bell í tindrandi perluhvítum lit með sjónvarpskort og MCE fjarstýringu ásamt 2.1 hljóðkerfi og 300Mbps þráðlausu neti.

- Intel Core 2 Duo T8100 2.1GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB GeForce 8600GT HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell

129.900

VE36 4.995 Á MÁN | VE LÁN Í 36 MÁNUÐI



ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum hvort sem er stórum eða smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning og viðhald netkerfa
- Virus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

2.990

HVER HAFIN KLUKKUSTUND



22" WIDESCREEN

22" LCD skjár, 700:1 skerpa, 5ms og 1680x1050 upplausn

25.900



500GB HARÐDISKUR

Hraður og hljóðlátur Seagate harðdiskur með 32MB buffer

32MB BUFFER SATA2 NCQ

8.990



VERÐ FRÁ 29.900

LANDSINS MESTA URVAL EEE PC NÚ LÍKA FÁANLEGAR MEÐ 9" SKJÁ OG WINDOWS XP



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Tvískinnungur Samfylkingarinnar

UMRÆÐAN

Jón Bjarnason skrifar um virkjana- og stóriðjumál



JÓN BJARNASON

Fagra Ísland. Stóriðju-stopp!“ var eitt aðal-kosningaslagorð Samfylkingarinnar fyrir einu ári síðan. Með því átti að „slá ákvörðun um frekari stóriðjuframkvæmdir á frest þangað til fyrir liggur nauðsynleg heildarsýn yfir verðmæt náttúrusvæði Íslands og verndun þeirra hefur verið tryggð“.

Þannig aflaði Samfylkingin sér atkvæða meðal þeirra er höfðu sjónarmið umhverfisverndar að leiðarljósi og út á stuðning þess fólks situr nú sama stóriðju- og náttúruspjallaríkisstjórn

Sjálfstæðisflokksins. Þrátt fyrir hástemmd loforð Samfylkingarinnar í þessum málum hefur hún áorkað litlu öðru en að taka sér sæti Framsóknar við hlið Sjálfstæðisflokksins og áfram er keyrt á stóriðju-pólitík með tilheyrandi umhverfisspjöllum.

Björgvin á álversskóflunni

Það var athyglisvert að sjá Björgvin G. Sigurðsson, ráðherra Samfylkingarinnar, taka fyrstu skóflustungu að nýju álveri í Helguvík sl. föstudag. Samtímis boðaði „Græna netið, félag jafnaðarmanna um umhverfið, náttúruna og framtíðina“ til skoðunarferðar um háhitasvæðin á Hellsheiði, Hverahlíð og Ólkelduhálsi. Þessi svæði eiga ásamt nýjum virkjunum í Þjórsá að sjá álverinu fyrir orku.

Meðan íbúar við Þjórsá leggja nótt við dag til að verjast yfirgangi stjórnvalda og lögleysu Landsvirkjunar stendur ráðherra gleiðfættur og gleiðbrosandi á álversskóflunni við Helguvík.

Kannski minnst einhverjir „grænir“ kjósendur Samfylkingarinnar hástemmdra yfirlýsinga Björgvins og fleiri núverandi ráðherra þess flokks um stöðvun virkjanaáforma í Þjórsá og verndun háhitasvæðanna á Reykjanesi.

Ólíkt þessum undirlægjuhætti stendur Atli Gíslason, lögmaður og þingmaður Vinstri grænna í Suðurkjördæmi, í baráttu með þeim sem berjast fyrir verndun Þjórsár gegn frekari virkjunarspjöllum. Atli aðstoðar nú landeigendur sem vilja verja náttúru-perlur sínar með lögum gegn óbilgjarnri ásælni virkjanaöðra ráðherra Samfylkingarinnar.

Meðan íbúar við Þjórsá leggja nótt við dag til að verjast

yfirgangi stjórnvalda og lögleysu Landsvirkjunar stendur ráðherra gleiðfættur og gleiðbrosandi á álversskóflunni við Helguvík.

Björk og Sigur Rós

„Mér finnst komið nóg af álverum,“ sagði Björk Guðmundsdóttir í sjónvarpsviðtali á dögunum. „Íslensk náttúra er einstök og landsmönnum ber skylda til að vernda hana. Hún er paradís, frumkraftur, hrein og ekta. Það er hættulegt, beinlínis neyðarástand ef við ætlum að eyðileggja þetta.“

Það er fagnaðarefni að Björk

og hljómsveitin Sigur Rós skuli beita sér fyrir stórtónleikum 28. júní næstkomandi til verndar og heiðurs hreinni, íslenskrí náttúru. Ekki mun af veita gegn virkjana- og stóriðjuæði vald-hafanna.

Hins vegar kæmi mér ekki á óvart þótt hinir ýmsu Björgvinnjar og ein og ein Þórunn Samfylkingarinnar muni berja sér á brjóst að hætti farísea, leika náttúruverndarsinna og hópast á tónleika Bjarkar og Sigur Rósar, sem haldnir verða gegn álæðinu en til verndar og heiðurs hreinni íslenskrí náttúru.

Hræsninni og tvískinnungnum virðast engin takmörk sett á þeim bæ hvað náttúruvernd og stóriðju varðar.

Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Gleymdust börnin í góðærinu?

Hafrún Jarlsdóttir móðir skrifar:

Á Íslandi höfum við ekki farið varhluta af góðærinu. Heilu hverfin rísa eins og gorkúlur, öryggisheimili með þjónustu í allar áttir fyrir eldra fólkið, álver, verslanir, tónleika- og íþróttamannvirki. Allt stendur í blóma.

Og þó. Einn minnihlutahópur gleymdist í fegurðarsamkeppni lífs-gæðakapphlaupsins; eini hópurinn sem hefur ekki greind, getu eða færni til að berjast með kjafti og klóm fyrir meiri lífsgæðum. Við verðum að axla þá ábyrgð fyrir þau. Þetta eru fötluðu börnin okkar.

Ég er 25 ára móðir og á tvö börn. Fimm ára heilbrigða telpu og sex ára dreng sem þjáist af fjölda fatlana sem hafa reynt það erfiðar að flestir hafa beðist undan því að hjálpa til með hann. Ég áfellið engan. Þetta getur rekið mann á ystu nöf á verstu dögnum. Þessir einstaklingar og fjölskyldur þeirra eiga að búa að þeim grunnréttindum að geta leitað aðstoðar hjá sínum bæjarfélögum þegar öll batterí hafa verið tæmd og útlitið dökkt. Nú ríkir neyðarástand á skammtíamavistuninni á Suðurnesjunum. Tveir fjölfatlaðir einstaklingar búa þar allan sólahringinn, þar sem ekkert sambýli er á Suðurnesjunum. Eitt sambýli er á stefnuskrá en fyrsta skóflustungan hefur ekki verið tekin. Allar vistanir og gæslur sprungnar og fjölskyldunum er oftast neitað um þann vistunartíma og aðstoð sem þær þurfa miðað við ástand barnanna. Ég get ekki lengur unnið vegna veikinda barnsins míns og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og neyðarástand á heimilinu hefur þjónusta sonar míns eingöngu verið skert vegna plássleysis, skorts á fjármagni og manneklu. Er þetta það besta sem bæjarstjórnin getur gert fyrir þau? Er þetta það sem við viljum standa fyrir sem þjóð? Börnin okkar eru gleymd.

En hvað með það. Við eigum vikingaþorp, grjóttstytur og flott hringtorg.



Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingar-deild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is



Nesvellir

Opnunarhátíð

laugardaginn 14. júní

frá kl. 14-17

Í tilefni opunar þjónustumiðstöðvar á Nesvöllum bjóðum við til veislu.

Dagskrá

- Kombó Léttisveitar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar spilar
- Danssýning tveggja kynslóða
- Þjónustuaðilar kynna starfsemi sína í húsinu
- Listakonan Ásta Árnadóttir sýnir málverk
- Listasýning barna frá leikskólunum Gimli og Akri



- Glæsilegt útivistarsvæði Nesvalla verður tekið í notkun
- Hoppukastali
- Grillaðar pylsur og kók
- Terta og kaffi

Allir eru hjartanlegar velkomnir á Nesvelli á laugardaginn.



Þjónustumiðstöðin á Nesvöllum er við Njarðarbraut (milli Samkaupa og Stapans)



Ákvörðun um aðild eftir kosningar



Eftir Halldór Halldórsson

Umræða um Evrópusambandið hefur aukist undanfarin misseri í takt við niðursveiflu efnahagslífsins hér á landi. Þeim, sem lengi hafa verið sannfærðir um ágæti þess að ganga í ESB, hefur vaxið ásmegin í umræðunni og halda því fram að ástandið væri betra ef Ísland væri inni. Þótt á sumum megi skilja að nú sé umræða um ESB að hefjast er það rangt. Umræða um ESB hefur verið í langan tíma og einkennst stundum af trúarhita með eða á móti.

Miðstýring og fjarlægð

Kostirnir við Evrópusambandið eru þeir að þetta er viðskiptasamband flestra landa í Evrópu, þetta er upphaflega samband um að skapa frið milli landa og ESB jafnar út lífsgæðum þannig að það er eftirsóknarvert fyrir fátækari lönd Evrópu að komast þarna inn. Þessi fátækari lönd eru flest í fyrrum A-Evrópu þannig að um leið er eftirsóknarvert að komast í ESB til að vera í bandalagi sem veitir þeim öryggisstillingu því þau óttast yfirgang Rússa og sagan sýnir að sá ótti er ekki að ástæðulausu.

Gallarnir við ESB eru þeir að ákvarðanatáka er að mjög mörgu leyti fjarri þjóðþingum og ríkisstjórnnum aðildarlandanna. ESB er miðstýrt apparat sem fjarlægist íbúa þjóðlandanna því meira sem

miðstýringin eykst. Í sumum málefnum hafa aðildarlöndin ekkert að segja heldur er ákvarðanatáka hjá ESB. Vissulega eiga aðildarlöndin sína fulltrúa innan kerfisins en það gefur auga leið að þeirra áhrif eru ekki slík að vilji þeirra ríkisstjórna og þjóðþinga ná allur fram að ganga.

Kostir og gallar fylgja EES samningnum. Þó virðist manni að kostirnir séu fleiri vegna þess að við sem þjóð ráðum yfir okkar auðlindum. Sjávarútveginn er stjórnað hér heima en ekki af ESB. Nú segir einhver að sjávarútvegurinn geti ekki verið í verri stöðu þó honum væri stjórnað af ESB. Svárið við því er einfaldlega að viðkomandi þurfi þá að kynna sér sjávarútveginn innan ESB landanna og afstöðu sjómanna í aðildarlöndunum til þeirrar stjórnunar. Íslenskur sjávarútvegur kemur, þrátt fyrir allt, betur út í þeim samanburði.

Náin tengsl Íslands og ESB

Það á ekki að hafna aðild Íslands að ESB fyrirfram þrátt fyrir ýmsa galla sem fylgja aðild. Við erum mjög tengd ESB í gegnum EES samninginn og tökum þátt í verkefnum sem við höfum aðgang að. Þá er íslenska ríkið og hagsmunaaðilar með starfsemi í Brussel til þess að gæta hagsmuna gagnvart Evrópusambandskerfinu. Samband íslenskra sveitarfélaga opnaði einmitt skrifstofu í Brussel haustið 2006 í þeim tilgangi að gæta betur hagsmuna sveitarfélaganna á

Íslandi. Okkar lóð eru létt á vogarskál ESB en í samstarfi við aðrar þjóðir innan EES komum við upplýsingum á framfæri og höfum þannig áhrif á mál.

Það er eðlilegt að velta upp kostum og göllum við hugsanlega Evrópusambandsaðild með því að skipuleggja aðildarviðræður sem þjóðin geti svo tekið afstöðu til í atkvæðagreiðslu. Þessir hlutir gerast ekki umsvifalaust enda engin lausn í því að hraða málum þó núna sé verulegur mótbyr í efnahagsmálum. Stærsta málið núna er að takast á við þau með þeim tækjum sem við höfum til þess enda er Ísland ekki eina landið sem tekst á við efnahagsvandamál. Evrópuþjóðirnar eru í slíkri stöðu líka. Smæð markaðarins hér á landi, sérstök samsetning hlutabréfmarkaðarins, sem er að mestu leyti fjármálafyrirtæki á markaði og mikill innflutningur vegna stórra fjárfestinga gera það að verkum að sveiflurnar eru meiri hérna.

Um leið og við tökumst á við efnahagsmálin eigum við að gera ráðstafanir með það að markmiði að geta tekið ákvörðun um aðildarumsókn eftir næstu alþingiskosningar. Þá þarf að vera búð að undirbúa málið það vel að þjóðin geti tekið afstöðu til þess hvort ESB aðild er valkostur. Aðeins þannig geta efasemdarmenn um ESB aðild, eins og undirritaður, sannfærst endanlega um það hvort hún hentar íslenskri þjóð eða ekki.

Höfundur er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Fjölbreytni og val

UMRÆÐAN

Elín Hallgrímsdóttir skrifar um leikskólamála á Akureyri



ELÍN MARGRÉT HALLGRÍMSDÓTTIR

Hlynur Hallson, Hvarafulltrúi VG í skólanefnd Akureyrarbæjar, hefur haldið uppi ómálefnalegri umræðu í fjölmiðlum um að leikskólaláss á leikskólanum Hólmasól kosti meira fyrir bæjarfélagið en pláss á öðrum leikskólum bæjarins.

Það merkilega við þennan málflutning er að á sama skólanefndarfundi og Hlynur lagði fram bókun þar að lútandi var lagt fram yfirlit yfir rekstur leikskólanna fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins. Í því kemur skýrt fram að rekstur leikskólanna, þar með Hólmasól, er innan ramma fjárhagsáætlunar. Samkvæmt samningi sem gerður var við Hjallastefnuna ehf. í desember 2005 um rekstur leikskólans Hólmasól gildir gjaldskrá leikskóla Akureyrarbæjar þar.

Hlyni er tíðrætt um aukagreiðslur. Ef foreldrar velja að greiða í foreldrafélagið borga þeir 500 kr. á mánuði í 11 mánuði á ári og eins ef þeir velja að greiða inn á sérstaka myndasíðu barna sinna þá borga þeir sömu upphæð fyrir þann aðgang. Allar aðrar greiðslur eru tilfallandi vegna lengri vistunar, fatakaupa eða annars sem foreldrar einnig velja. Því er fullyrðing Hlyns um að foreldrar þurfi að greiða 1.900 kr. á mánuði aukalega röng.

Leikskólinn Hólmasól er rekinn fyrir ákveðna samningsupphæð á hverju ári og er 20% hennar bundin við neysluvísitölu. Inni í þeirri upphæð er allur tilfallandi kostnaður, t.d. vegna forfalla, sérfræði-

þjónustu, skrifstofukostnaður og afskrifaðra leikskólagjalda. Þegar rekstrar-kostnaður Hólmasól er borinn saman við aðra leikskóla sem bærinn rekur að teknu til-liti til fjölda leikskólakennara er hvert pláss þar ekki dýrara en á öðrum leikskólum bæjarins. Fjárhagsáætlanir leikskóla

Akureyrarbæjar eru teknar til endurskoðunar á hverju ári og mikil frávik hjá leikskólum bæjarins þá metin og bætt í reksturinn ef þannig stendur á. Einnig er það svo að ef rekstur leikskóla fer fram úr fjárhagsáætlun, t.d. vegna mikils forfallakostnaðar, ber Akureyrarbær þann kostnað. Slíkt á ekki við um þátttöku bæjarins í rekstri Hólmasól. Fullyrðing Hlyns um að leikskólum Akureyrarbæjar sé mismunað fjárhagslega eru því einfaldlega rangar.

Það er líka rangt sem Hlynur heldur fram, að sjálfstæðismenn telji að úthýsing muni bjarga öllu. Hið rétta er að sjálfstæðismenn leggja áherslu á að efla frelsi, sjálfstæði, frumkvæði og fjölbreytni eins og t.d. birtist í Hjallastefnunni. Auk þess sem þar hefur verið sýnt fram á góðan árangur í rekstri. Þannig var samningurinn við Margrétu Pálu Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar, gerður til að auka fjölbreytni í leikskólastarfsemi í bænum. Margrét Pála hefur skapað nýja valmöguleika í skólastarfi sem er full ástæða til að styðja við og aðeins af hinu góða að opinberir skólar nýti sér það sem slíkir frumkvæðar hafa skapað.

Höfundur er formaður skólanefndar Akureyrarbæjar.

RAMBO er kominn á bonusvideo.is á aðeins 1.390 krónur!

Kíktu inn á www.bonusvideo.is

og vertu með þeim fyrstu til að kaupa **RAMBO 4** á besta verðinu á Íslandi og fáðu hana senda **FRÍTT** heim.



Fyrstu 100 fá **FRÍMYND** á **BÓNUSVÍDEÓ** í kaupbæti.



STALLONE
RAMBO

Heroes never die....

They just reload.

Sylvester Stallone hefur sjaldan verið betri...og drepið fleiri.

www.bonusvideo.is

RALEIGH

CROSS

hágaðahjól

Aftur á Íslandi eftir 20 ár

Raleigh – gæði síðan 1887



Vinsælu JD BUG

hlaupahjólin loksins komin aftur



Gildir á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

MALCOLM MCDOWELL LEIKARI
ER 65 ÁRA

„Við eigum ekki að taka okkur of hátíðlega. Leikarar eru ekki hjarta- eða heilaskurðlækningar, þeir eru bara skemmtikraftar.“

Malcolm McDowell fæddist í Leeds í Englandi. Hann er frægastur fyrir hlutverk sín í A Clockwork Orange, O Lucky man! og Star Trek: Generations.



PETTA GERÐIST: 13. JÚNÍ 1977

Handsamaður eftir flóttatilraun

Pennan dag árið 1977 var dæmdur morðingi Martins Luthers King handsamaður eftir að hafa strokið úr fangelsi í annað sinn.

James Earl Ray fæddist árið 1928 inn í fátæka fjölskyldu í Miðvestur-ríkjum Bandaríkjanna. Hann hætti í skóla fimmtán ára gamall og gekk síðar í herinn. Árið 1949 var hann dæmdur fyrir innbrot í Kaliforníu og þremur árum síðar sat hann inni í tvö ár fyrir vopnað rán. Árið 1955 var hann dæmdur fyrir fjárvik. Eftir enn eitt vopnaða ránið árið 1959 var hann dæmdur í tuttugu ára fangelsi. Honum tókst að sleppa úr þeirri prisund árið 1967 með því að fela sig í flutningabíl sem flutti vörur úr fangelsinu. Martin Luther King var skotinn til bana 4.



apríl 1968, þegar Ray gekk enn laus. Rúmlega tveimur mánuðum eftir morðið var Ray handtekinn á Heathrow-flugvælinum í London þar sem hann gerði tilraun til að flýja Bandaríkin á fölsuðum passa og komast til Kanada. Hann var framseldur til Bandaríkjanna, þar sem hann viðurkenndi brot sitt og var hann dæmdur fyrir morðið. Premur dögum síðar dró hann játningu sína til baka og hélt því fram til æviloka að hann hefði ekki myrt Martin Luther King.

Hinn 11. júní 1977 komst Ray aftur á lista FBI yfir eftirlýsta glæpamenn þegar hann og sex aðrir fangar sluppu úr fangelsi. Það var svo á þessum degi fyrir 31 ári að hann náðist og var færður aftur í fangageymslur.

MERKISATBURÐIR

- 1846 Sólvi Helgason, alþýðulistamaður og landsþekktur flakkari, er dæmdur í hæstarétti til að sæta 27 vandarhögguum fyrir flakk og svik.
- 1870 Gránufélagið er stofnað á Akureyri til að efla innlenda verslun.
- 1922 Gengisskráning íslensku krónunnar hefst, en áður hafði hún fylgt þeirri dönsku.
- 1941 Sigurður Jónsson forstjóri býður ríkinu að taka við Bessastöðum sem gjöf.
- 1971 Viðreisnarstjórnin, samstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokks, fellur í alþingiskosningum eftir tólf ára setu.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

María Olga Traustadóttir
Seftjörn 16, Selfossi,

verður jarðsöngin laugardaginn 14. júní kl. 13.30 frá Selfoskirkju.

Bjarni Þórhallsson

Svanhildur Bjarnadóttir Grétar Birkir Guðmundsson
Berglind Bjarnadóttir Arnar Bjarni Eiríksson
Olga Bjarnadóttir Guðmundur Sigmarsson
og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Antonía Margrét Björnsdóttir
Gyðufelli 10, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sundabúð, Vopnafirði, þriðjudaginn 10. júní. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 20. júní kl. 15.00.

Jóhann Þór Einarsson
Herdís Jakobsdóttir
Aðalheiður Birna Einaradóttir
Hermann Ingólfsson
og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sjöfn Júlíusdóttir
Álfhólsvegi 30, Kópavogi,

lést 10. júní á líknardeild Landakotsspítala.

Guðlaug Eygló Elliadóttir Ari Reynir Halldórsson
Júlíus Elliáson Ása Ásgrímdóttir
Þröstur Elliáson Ásthildur Sumarliadóttir
Magnús Elliáson
Guðrún Elliadóttir Svavar Valur Svavarsson



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför mannsins míns, föður, tengdaföður og afa,

Sigurðar Þórðarsonar
tannlæknis.

Sérstakar þakkir til starfsfólks 11E Landspítala (LSH) og líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir frábæra umönnun.

Kristín S. Karlsdóttir Hörður Harðarson
Guðrún Hrunn Sigurðardóttir Guðrún Dögg Jóhannsdóttir
Arnar Þór Sigurðsson Auður Ýrr Þorlákssdóttir
Andri Vilhjálmur Sigurðsson
Gunnar Már Sigurðsson
Guðrún Anna Pálsdóttir Gunnar Halldór Sigurjónsson
og barnabörn.



GÖTUBLAÐ Í BLÓMA Jón Trausti Sigurðarson, markaðsstjóri Grapevine, og Sveinn Birkir Björnsson, ritstjóri blaðsins, horfa björtum augum til næstu fimm ára.

REYKJÁSKA GÖTUBLAÐIÐ GRAPEVINE: FAGNAR FIMM ÁRA ÚTGÁFUAFMÆLI

Sumarblað sem stækkaði

Í dag eru fimm ár síðan götublaðið Grapevine var fyrst gefið út. Í tilefni afmælisins kemur í dag út sérstakt afmælisblað með óhefðbundnu sniði. „Við fengum fimm gestaritstjóra til að ritstýra fimm blaðsíðum hver. Þeir eru tónlistarmaðurinn Bergur Ebbi Benediktsson, Silja Magg ljósmyndari, Pétur Blöndal blaðamaður, Barði Jóhannsson tónlistarmaður og Sara Riel myndlistarkona, en framlög þeirra eru mjög mismunandi. Nýtt lógó verður einnig kynnt í afmælisblaðinu ásamt nýrri heimasíðu. Restin af blaðinu mun svo fara í fimm ára uppgjör um tónlist og aðra spennandi hluti. Við ætlum líka að halda afmælisveislu í kvöld fyrir þá sem tengst hafa útgáfunni,“ útskýrir Jón Trausti Sigurðarson, markaðsstjóri blaðsins. Upphaflega var blaðið gefið út sumarið 2003 og var þá einungis hugsað sem sumarblað. Hugmyndin að blaðinu var að búa til sterkan miðil fyrir ferðamenn og nýja Íslendinga þar sem blandað væri saman upplýs-

ingum og afþreyingu. Blaðið er byggt á svipaðri hugmyndafræði og bandarísk og evrópsk götublöð, en heimfært á íslenskan markað. „Efnistöð blaðanna einkennast yfirleitt af samfélagsgagnrýni og menningarumfjöllun en svo er atburðadagaskrá alltaf mjög áberandi. Nafnið Grapevine varð fyrir valinu en nafnið vísar í þá ensku málhefð að heyrna eitthvað í gegnum vinnviðinn sem á íslensku heimfærist sem „orðið á götunni“ eða það sem er að gerast í landinu núna en út á það gengur blaðið,“ segir Jón Trausti.

Ferðamannamarkaðurinn hefur vaxið ört á síðustu árum. Þegar Grapevine kom fyrst út voru ferðamenn til landsins um 300 þúsund. Í dag er fjöldi þeirra kominn yfir hálfa milljón. Blaðið var upphaflega gefið út í 20 þúsund eintökum en er nú komið í 30 þúsund eintök. „Ferðamannamarkaðurinn tók vel á móti okkur og útgáfan hefur gengið vel. Í dag er blaðið með langmesta útbreiðslu, stærsta upplag og

mestu útgáfutíðni allra ferðamanna-tengdra blaða á Íslandi.“

Útgáfa blaðsins er tvískipt en tölublöðin eru átján á ári. Svá mánuði ársins kemur blaðið út mánaðarlega en frá maí fram í október er það gefið út hálfsmánaðarlega til að koma til móts við hinn aukna ferðamannastraum til landsins yfir sumartímann. Þótt blaðið sé allt skrifað á ensku eru aðeins Íslendingar sem vinna á blaðinu um þess mundir. Nýir Íslendingar hafa þó unnið á blaðinu í gegnum tíðina og yfir sumartímann eru reglulega teknir inn erlendir námsmenn í starfsþjálfun. Til hliðar við útgáfuna hefur Grapevine staðið fyrir á annað hundrað viðburða síðastliðin ár, þó aðallega tónleikum. Hvað framtíðina varðar horfa Grapevine-menn björtum augum til framtíðar. „Við gerum ráð fyrir að ferðamannastraumurinn aukist jafnt og þétt sem er gott fyrir markaðinn sem við erum á,“ segir Jón Trausti.

klara@frettabladid.is



Ástkær sonur minn, bróðir og mágur,
Kristján Haraldsson
Skiptól 22, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu þann 18. maí. Útför hans hefur fram í kyrrþey.

Ása Kristjánsdóttir Viðar Ingi Guðmundsson
Auður Haraldsdóttir Bergur Sverrisson
Þórhalla Haraldsdóttir

AFMÆLI



SELMA BJÖRNSDÓTTIR
söngkona er 34 ára.



BJARTMAR GUÐLAUGSSON tónlistarmaður er 56 ára.



HALLDÓR GYLFASSON
leikari er 38 ára.



TIM ALLEN
leikari er 55 ára.



Nú er lag
fyrir þjóðhátíð

Full búð af frábærum merkjum

25%
afsláttur

af öllum herravörum
föstudag til sunnudags



Boss

Sand

Esprit

Red herring

Cottonfield

Matinique

Bruuns Bazar

Maine

Mantaray

Sunwill

Stones

Solid

fokus

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

www.fm957.is

Þrjár góðar ástæður til að vakna klukkan sjö á morgnana...

STUÐ MILLI STRÍÐA Bedið með bræðrunum Gibb

KJARTAN GUÐMUNDSSON EYÐIR DRJÚGUM HLUTA VINNUDAGSINS Í SÍMANUM



Blaðamannastarfið er nær alltaf skemmtilegt. Ég segi nær alltaf, því stór hluti starfsins felst í því að hringja út um borg og bæ til að ná tali af hinum ýmsu viðmælendum og heimildarmönnum. Óhjákvæmilega eru þeir sem reynt er að ná í stundum vant við látnir, farnir heim, í símanum, útlöndum eða sundi. Það er í lagi þegar hringt er beint í einkasíma fólks, en afar bagalegt þegar hringt er í stofnari af flestu tagi. Þar eru nefnilega við lýði skelfileg fyrirbæri sem nefnast símkerfi og þeim fylgir oftan en ekki löng bið á línunni meðan athugað er hvort Garðar sé

enn á Grænlandi eða Matthildur sé komin úr mat. Í þessum tilvikum skiptir eðlilega miklu máli hvers kyns tónlist fólki er gert að hlýða á meðan beðið er.

Í um sjötíu prósentum tilfella er um að ræða það sem kalla mætti „ljúfa píanótóna“ að hætti Richards Clayderman. Nær öll þessi „lög“ virðast í raun vera gjörksneydd flestu því sem einkennir lög eins og við viljum flest hafa þau, til dæmis byrjun, viðlagi og enda. Þau sigla áfram án sýnilegs tilgangs og gera það að verkum að innan skamms er eðlilegu fólki þorrinn allur lífskraftur og -gleði. Kannski er það tilgangurinn.

Skárrí eru tuttugu prósentin sem flækja ekki hlutina heldur láta

bara Bylgjuna sjá um biðina, jafnvel þótt það þýði óþarflega mikla meðaltalshlustun á Noruh Jones, Sting og David Gray yfir vikuna.

Svo eru það flippararnir, tíu prósentin sem láta allar óskrifðar reglur lönd og leið og koma sífellt á óvart. Nú í vikunni hlustaði ég mér til ánægju á Emiliönu Torri hjá Vodafone, Astrud Gilberto hjá Domus Medica og Bítlanu hjá Lög-reglustjóraembættinu. Vinninginn hafði samt menntamálaráðuneytið, sem kom mér í urrandi stuð með Bee Gees-laginu You Should Be Dancing meðan ég beiddist eftir sambandi við upplýsingafulltrúa. Lesendur mega búast við mjög ítarlegum fréttaplutningi af menntamálum á næstunni.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**40%
afsláttur**



469 kr/kg. áður 782 kr/kg.
Ísfugl kjúklingur - ferskur

**30%
afsláttur**



1.299 kr/kg. áður 1.867 kr/kg.
Goða gríhnakki piri piri

**30%
afsláttur**



1.854 kr/kg. áður 2.648 kr/kg.
Goða lambalærisneiðar kryddaðar

**40%
afsláttur**



1.299 kr/kg. áður 2.168 kr/kg.
Goða lambalæri - m/krydd jurtum



199 kr/stk. áður 249 kr/stk.
Hunt's tómatssósa - 1,36 kg

**40%
afsláttur**



725 kr/kg. áður 1.209 kr/kg.
Mexíkó grillpylsur

**30%
afsláttur**



139 kr/pk.
Capri súkkulaðibitar - 200 gr.



250 kr/stk.
Ferðaspil



125 kr/stk.
Disney sápuvíkur - 60 ml.



199 kr/pk.
ÁvaxtasleikjÓ - 360 gr.

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 12. júní til 15. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Ákureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn



NÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 551 1200
og á www.leikhusid.is

Þjóðleikhúsið um helgina

**ASTIN ER
DISKÓ
LEIÐER
PÖNN**

eftir Hallgrím Helgason



Síðasta sýning vorsins

Lau. 14/6 örfá sæti laus

Gleðilega Grímuhátíð í kvöld!

Þjóðleikhúsið fagnar 32
tilnefningum til Grímunnar.

Við þökkum frábærar
viðtökur á leikárinu,
sjáumst aftur í sumarlok.

Sýningar haustsins
komnar í sölu!


GRÍMAN
ISLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Hefði Hitler verið hippi

Adolf Hitler er frægari fyrir feril sinn sem stjórnálmámaður en sem listamaður. Hann lagði þó stund á málalistina og hafði miklar skoðanir á myndlist; aðallega í þá veruna að nútímalist væri úrkynjuð og að hana bæri að varast.

Nýverið var opnuð sýning eftir hina umdeildu Chapman-bræður, þá Jake og Dinos, í White Cube-sýningarsalnum í Lundúnum. Á sýningunni má sjá endurgerð þeirra bræðra á

verkinu umtalaða Hell, sem fuðraði upp í miklum að ræða en öðrum þykja myndir Hitlers loksins öð-



BROT ÚR HELL Eitt af frægari verkum þeirra Chapman-bræðra.

Hitler sem þeir bræður hafa málað ofan í. Myndir Hitlers eru að upplagi fremur jarðbundnar landslags- og bæjarlífsmyndir, en Chapman-bræður hafa bætt inn á þær barnalegum og grófum regnbogum, stjörnum, blómum og ýmsu öðru litríku og hippalegu. Skiptar skoðanir eru meðal listunnenda varðandi uppátækið; sumir vilja meina að um skemmdarverk á ómetanlegum sagnfræðilegum heimildum sé

- vp



FRUM Í ÞRIÐJA SINN Kammerhópurinn Adapter stendur fyrir nútímatónlistarhátíðinni FRUM í þriðja sinn í ár. Hún fer fram á Kjarvalsstöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tónlist eftir stórmeistara

Nútímatónlistarhátíðin FRUM verður haldin í þriðja skipti um helgina. Kammerhópurinn Adapter flytur þar verk þriggja stórmeistara úr nútímatónlistarsögunni.

„Hátíðin í ár er sérstaklega til heiðurs þremur tónskáldum, sem öll eiga stórafmæli á árinu,“ útskýrir Gunnhildur Einarsdóttir, hörpuleikari og meðlimur Adapter. Tónskáldin þrjú eru þau Atli Heimir Sveinsson, sem fagnar sjötugsafmæli í ár, Karlheinz Stockhausen, sem hefði orðið áttæður í ár, og Elliott Carter, sem fagnar aldarafmæli sínu 11. desember.

„Atli Heimir hefur samið sérstaklega fyrir okkur verk sem við frumflytjum á hátíðinni. Hann samdi það reyndar sem afmælisgjöf fyrir Bryndísi Schram, mikla

vinkonu hans, sem á stórafmæli 9. júlí. Verkið er byggt á ballettminningum, þar sem Bryndís var ballettdansari. Það heitir Heitir og kaldir rytmar – ímynduð balléttónlist,“ útskýrir Gunnhildur. Eitt verka Stockhausens sem Adapter flytur um helgina kallast Dýrahringurinn, og fjallar um stjörnumerkin tólf. „Hvert og eitt af verkunum er byggt á karaktereinkennum hinna ýmsu stjörnumerkja, og það passar þess vegna alveg ágætlega við þetta afmælisþema hjá okkur,“ segir Gunnhildur brosandí. Tónskáldi Elliott Carter er ekki síður merkilegt. „Hann verður hundrað ára í ár, og hefur þess vegna nánast orðið vitni að allri þróun nútímatónlistarinnar. Árið 1920 var hann ungur maður í New York að hlusta á frumflutning Vorblóts Stravinskís í Ameríku og heillaðist strax,“ útskýrir Gunnhildur. „Carter er enn að semja, og ný sínfónía eftir

hann verður frumflutt í Bandaríkjunum í desember, á aldarafmæli hans,“ bætir hún við.

Auk Gunnhildar skipa Adapterhópurinn þau Kristjana Helgadóttir flautuleikari, Ingólfur Vilhjálmsson klarinettuleikari, Marc Tritschler píanóleikari og Matthías Engler slagverksleikari. Að hátíðinni á Kjarvalsstöðum lokinni mun hópurinn meðal annars leika í Berlín. „Svo munum við halda tónleika og standa fyrir námskeiði í Kína í nóvember og í Ístanbul í október, svo það er ýmislegt á dagskrá hjá okkur,“ segir Gunnhildur.

FRUM hefst á Kjarvalsstöðum með hádegistónleikum klukkan 12.15 í dag. Þá verða hádegistónleikar á sama tíma á laugardaginn, en afmælistónleikar klukkan 20 á sunnudagskvöld. Nánari upplýsingar um dagskrána er að finna á síðunni www.listasafnreykjavikur.is.

Skilar engu að skammast sín

„Sem innflytjandi ertu ekki venjulegur samfélagsþegn heldur tákni fyrir breytt samfélag,“ segir Una Björk Sigurðardóttir. Hún og Saga Ásgeirsdóttir vinna nú að rannsókn á viðbrögðum Íslendinga við fjölgun innflytjenda. Einnig skoða þær aðstæður inflytjenda og þeirra upplifanir á landi og þjóð. „Íslendingar eru mjög jákvæðir en í dag er ákveðinn vandræðagangur meðan fólk er að upplifa þjóðfélagið upp á nýtt.“ Una telur helsta vandamálið vera samskiptagrundvöllinn. „Við eigum yfirleitt samskipti við innflytjendur í gegnum viðskipti en ekki í öðrum félagslegum aðstæðum. Fólk er til í að spyrja viðkomandi hvaðan hann er en það nær ekkert lengra en það, þar af leiðandi hægist á

aðlögun.“ Tvíeykið, sem kallar sig Sub Rosa, hefur hinsvegar ekki áhuga á því að skamma landann. „Það hefur ekkert upp á sig nema að auka bilið enn frekar. Það vill enginn hópur teljast fórnarlamb.“ Hún segir vandasamt að fjalla um málið. „Það er viss áskorun að fjalla um málefnið án þess að það verði yfirborðskent eða lítið af pólitískri rétt-hugsun.“ Þær ætla engu að síður að reyna, með innsetningum og kvikmyndlist, víða um bæinn. Sub Rosa er hluti af skapandi sumarstarfi Hins hússins. Fyrsta sýning er næsta föstudag. - kbs

TAKA PÚLSINN Á BREYTTI ÞJÓÐ Una Björk Sigurðardóttir í Sub rosa.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Prjónar skyrtur og bindi

Sonja Bent er ungur hönnuður sem útskrifaðist úr fatakunnunardeild Listháskóla Íslands í vor og hefur vakið þó nokkra athygli fyrir prjónaflíkur sínar.



SONJA BENT Hefur vakið athygli fyrir prjónaflíkur sínar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Tæknilega séð útskrifaðist ég í vor, en ég kláraði lokaverkið mitt og lokaritgerð í fyrra,“ segir Sonja Bent, ungur hönnuður sem er nýlega útskrifuð. Hún hefur aðeins hannað kvenmannsflíkur hingað til en upp á síðkastið hefur hún einnig verið að prófa sig áfram með prjónaskyrtur og bindi á karlmenn.

„Ég vil ekki takmarka mig á neinn hátt í hönnun minni heldur geri ég það sem mér dettur í hug hverju sinni, í þetta skiptið voru það herraföt,“ segir Sonja um hönnun sína. Í herralínu sinni blandar Sonja saman garni og skyrtuefni en yfirleitt vinnur hún aðeins með garn. „Ástæða þess að ég notast við garn er sú að garnið býður upp á svo marga mögu-

leika, maður er í raun að búa til sitt eigið efni. Ég get sjálf ákveðið litina og áferðina á efninu, ólíkt því þegar maður vinnur með hefðbundna vefnaðarvöru. Þar að auki finnst

mér prjónaflíkur vera mjög klæðilegar,“ segir Sonja.

Síðasta sumar tók Sonja þátt í Copenhagen fashion week og eftir það hefur hún setið sveitt við að prjóna. „Það eru margir sem hafa sýnt hönnun minni áhuga, bæði hér heima og erlendis. Ég hef þó ekki getað sinnt öllum pöntunum hingað til þar sem það eru aðeins ég og mamma sem sitjum við prjónaskapinn. Ég kys að prjóna sjálf því hönnunin er frekar flókin og er því mjög dýr í framleiðslu,“ segir Sonja. Í sumar vonast hún til að geta afgreitt eitthvað af þeim fjölda pantanna sem henni hafa borist og einnig að koma frá sér nýjum vörum. „Ég tek mér langt sumarfrí og ætti því að geta einbeitt mér alfarið að hönnun og framleiðslu,“ segir þessi ungi hönnuður. Prjónaflíkur Sonju er hægt að kaupa í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu 4 og Sirku á Akureyri, áhugasamir geta einnig skoðað heimasíðu hennar, www.sonjabent.com.



FÖTIN FRÁ SONJU ERU KLÆÐILEG OG FALLEG Fallegur bolur og peysa frá Sonju.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



LÍFLEG Prjónabindin frá Sonju eru lífleg.

sara@frettabladid.is

Sumardjass hefst tólfta árið í röð

Sumardjass á Jómfrúnni hefur göngu sína á morgun tólfta árið í röð. Á fyrstu tónleikum sumarins kemur söngkonan Andrea Gylfadóttir fram með tríói Björns Thoroddsen. Auk Björns, sem leikur á gítar, skipa tríóið þeir Jón Rafnsson á kontrabassa og Jóhann Hjörleifsson á trommur. Eins og fyrri ár er aðgangur á tónleikana ókeypis, en þeir fara fram utandyra, á Jómfrúartorginu, ef veður leyfir en annars innanhúss. Tónleikarnir hefjast klukkan 15 og lýkur klukkan 17.

Djassáhugafólk hefur til mikils

að hlakka í sumar. Í júní eru væntanleg á Jómfrúartorgið Kvartett Kristjönu Stefánsdóttur, sem mun flytja blús af væntanlegri plötu Kristjönu, og Kvartett Tómasar R. Einarssonar sem flytur latín-jazz úr smíðu bassaleikarans. Í júlí munu hins vegar Sigurður Flosason, sem jafnframt er umsjónarmaður sumardjassins á Jómfrúnni, Tríó Ómars Guðjónssonar, Kvartett Maríu Magnúsdóttur og brasilíska söngvarinn Paulo Malaguti skemmta gestum Jómfrúarinnar ásamt góðum hópi tónlistarfólks.

- sun



DJASS Á JÓMFRÚNNI Veitingamaðurinn Jakob Jakobsson og tónlistarmaðurinn Sigurður Flosason, skipuleggjandi sumardjassins á Jómfrúnni, bjóða gestum upp á fría djasstónleika á laugardögum í sumar, tólfta árið í röð.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Danshljómsveit
Friðjóns Jóhannssonar
í Kyöld

Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill öll Kyöld vikunnar

Prjór Grímutilnefningar 2007:
Besti leikari í aðalhlutverki, besta íslenska handritið, besta leiksýning ársins



Tvenn Grímuverðlaun 2007:
Besti leikari í aðalhlutverki, besta íslenska handritið.

Mr. Skallagrímsson sýningaskrá:

lau. 14. júní	kl. 15	uppselt
lau. 21. júní	kl. 15	uppselt
lau. 21. júní	kl. 20	uppselt
fö. 27. júní	kl. 20	aukasýning
su. 29. júní	kl. 16	aukasýning
fö. 11. júlí	kl. 20	
lau. 12. júlí	kl. 20	
su. 13. júlí	kl. 16	
fi. 17. júlí	kl. 20	
fö. 18. júlí	kl. 20	

Prjór Grímutilnefningar 2008:
Besta leikkona í aðalhlutverki, besta íslenska handritið, besta leiksýning ársins



Brynhildur er mikill meistari og einn auvirðulegur kritiker getur aðeins gert eitt frammi fyrir henni; tekið hatt sinn ofan.
Jón Viðar Jónsson DV *****

Ég vil hvetja alla áhugamenn um íslenska menningu, íslenskar fornsögur og íslenska leiklist að láta ekki undir höfuð leggjast að sjá þessa sýningu. Hún er listaverk hvar sem á hana er litið.

Silja Aðalsteinsdóttir TMM

Brák sýningaskrá

lau. 14. júní	kl. 20	60. sýning	uppselt
lau. 28. júní	kl. 15		Örfá sæti laus
lau. 28. júní	kl. 20		uppselt
lau. 23. ágúst	kl. 15 og kl. 20		
sun. 24. ágúst	kl. 16		
fös. 29. ágúst	kl. 20		
lau. 30. ágúst	kl. 15 og kl. 20		
lau. 6. sept	kl. 15 og kl. 20		uppselt
sun. 7. sept	kl. 16		
fim. 11. sept	kl. 20		

Ný tónlist í Hagkaupum

Fyrsta nýja platan frá Bubba í 3 ár er komin!



Upptökustjóri: Pétur Ben

GOTT VERÐ!
KR. 1.999



„Yfirburðamaður í sínu fagi. Einn Bubbi + fjórir naglar = fimm stjörnur.“

Trausti Júlíusson,
Fréttablaðið



„Bubbi er í toppformi með sína allra bestu plötu í árabíl.“

Jóhann Ágúst Jóhannsson,
Morgunblaðið

Bubbi fjórir naglar

1. Mundu Drottinn
2. Myndbrot
3. Brúnu augun þin
4. Græna húsið
5. Frelsi til að velja
6. Algleymi svart
7. Þegar tíminn er liðinn
8. Snærið varð að duga
9. Femmi
10. Fjórir naglar
11. Dýrðin er þin
12. Þú ert ekki staur
13. Fótatak þitt

OFT SPURÐI ÉG MÖMMU

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON
OG MEMFISMAFÍAN

CD
&
DVD

GOTT VERÐ!
KR. 2.299

INNIHELDUR DVD HEIMILDAMYNDINA
„TEIPIÐ GENGUR“ UM GERÐ PLÖTUNNAR!

1. LADY FISH AND CHIPS
2. VAKI, VAKI VINUR MINN
3. ÉG VEIT ÞÚ KEMUR
4. VEÐRIÐ ER HERFILEGT
5. ÉG ER KOMINN HEIM
6. GETTU HVER HÚN ER
7. VIÐ GENGUM TVÖ
8. UNDIR STÓRASTEINI
9. KVEÐJA
10. GÓÐA NÓTT
11. ÞÚ HVARFST Á BROTT

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> VINALEGUR CHRIS

Söngvari **Coldplay** varð tónlistarmaður af hárréttum ástæðum. „Ég átti í vandræðum með stelpur þangað til ég var svona 21 árs. Ég lenti svo oft í því að vera bara vinur þeirra. Ég hugsaði: Ég verð að gerast rokkstjarna því þetta er glatað. Ég vil vera strákurinn sem þær sofa allar hjá,” segir söngvarinn.

fólk
folk@frettabladid.is



Blair-hjónin hrifin af Cortes

Hjónakornin Tony Blair og Cherie Blair eru augljóslega hrifin af íslenska tenórnum Garðari Thor Cortes. En hann mun syngja á sérstökum góðgerðartónleikum á vegum Cherie á Trafalgar-torginu, mánudaginn 23. júní. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Garðar hefur upp raust sína fyrir Blair-hjónin því hann söng við sérstakan hátíðarkvöldverð í Singapúr fyrir tæpu ári þar sem Tony var ræðumaður kvöldsins. Frú Blair hefur frá árinu 2006 reynt að vekja athygli á báguum aðstæðum ekkna í þróunarríkjunum, þá sérstaklega í löndum á

borð við Indland og Suður-Afríku. Hefur Cherie beint sjónum sínum sérstaklega að vandkvæðum ekkna í þessum löndum við að mennta börnin sín vegna fátæktar. Hún kom á fót sérstökum ekkna degi árið 2006 og hefur í hyggju að fá Sameinuðu þjóðirnar til að viðurkenna hann í sínu dagatali.

Garðar mun syngja ásamt Jameliu og Natöshu Beddingfield auk annarra listamanna, en meðal verndara þessara góðgerðarsamtaka eru Karl Bretaprins og aukýfingurinn Richard Branson.

SYNGUR FYRIR CHERIE Garðar verður meðal þeirra tónlistarmanna sem syngja á góðgerðartónleikum Cherie Blair, fyrirverandi forsætisráðherrafrúar Bretlands.



Damien Rice á Nasa í júlí

Damien Rice heldur tónleika á Nasa 24. júlí næstkomandi. Kappinn verður staddur á landinu vegna tónlistarhátíðarinnar Bræðslunnar á Borgarfirði Eystra í lok mánaðar og ákvað að slá til og spila fyrir borgarbúa, enda alltaf uppselt á tónleika hans hingað til.

Forsala hefst fimmtudaginn 19. júní klukkan tíu að morgni á midi.is og í útibúum miða.is á landsvísu.

Þetta verða fjórðu tónleikar Rice á Íslandi, en hann er þekktur fyrir ljúfsára írsku söngva.

- kbs

Rokkaðri Hvanndalsbræður koma suður

Fimmta plata norðlensku æringjanna í Hvanndalsbræðrum, Knúsumst um stund, er komin út. Um hana hafði Rögnvaldur „gáfaði“ Hvanndal þetta að segja: „Þetta er rokkaðasti diskurinn okkar, meiri músik og minna grín. Við erum að auka vægi hljómistarinnar á kostnað fíflalátanna, reyna svona að þróast eitthvað smá.“

Hljómsveitin, sem heldur upp á fimm ára afmæli sitt á þessu ári, er komin suður og heldur útgáfutónleika í Iðno í kvöld. Meðlimir bræðrana eru orðnir fimm og hafa ýmis skritin hljóðfæri bæst við. Á tónleikum verður nýja platan í forgrunni en einnig verður farið



FIMM MEÐLIMIR, FIMM PLÖTUR, FIMM ÁR Hvanndalsbræður hafa líka skipt um hljómsveitarbúninga.

yfir gamalt efni. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 21 og standa til 22.42. Húsið verður opnað kl. 20 og kostar 1.500 kall inn.

Heiðra hryllinginn

Hljómsveitirnar Malneirophrenia, Skarkári, Ask the Slave og Klaus ætla að fylla skemmtistaðinn Organ af hryllingsmyndum og enn fremur hryllingsmyndatónlist í kvöld. Þar má helst nefna Skarkára, en sveitin var stofnuð til þess eins að flytja slíka tónlist á Kvikmyndahátíð síðasta haust.

„Við erum búnir að vera að bíða eftir tækifæri til að endurtaka leikinn. Föstudagurinn þrettándi var slíkt tækifæri,“ sagði Gunnar Theóðór Eggertsson píanóleikari Skarkára og Malneirophreinu.



BLÁSA LÍFI Í HRYLLINGSMYNDATÓNLIST Hljómsveitin Malneirophrenia spilar á Organ í kvöld ásamt þremur öðrum.

Hryllingsveislan byrjar klukkan ellefu og og stendur fram eftir nóttu. Aðgangur er ókeypis. - kbs

Lofa glæsilegri Airwaves-hátíð

Tuttugu erlendar hljóm-sveitir hafa staðfest komu sína á Airwaves-tónlistarhátíðina í október. Hátíðin er nú haldin í tíunda sinn og lofa aðstandendur bestu hátíðinni til þessa.

Þorsteinn Stephensen, eigandi Hr. Örlygs sem sér um framkvæmd Iceland Airwaves-tónlistarhátíðarinnar, boðaði til blaðamannafundar í gær til að leiðrétta neikvæða umræðu sem verið hefur um hátíðina undanfarið. Eins og kunnugt er hætti framkvæmdastjórinn Eldar Ástþórsson störfum fyrir skemmstu og í kjölfarið fóru af stað misjafnar sögur um Airwaves og framtíð hennar. Á fundinum greindi Þorsteinn frá því að síðustu tvö ár hefði safnast upp rekstrarhalli hjá Hr. Örlygi, en verið væri að ljúka endurfjármögnun fyrirtækisins. Þorsteinn vísaði á bug sögusögnunum um bókhaldsóriðu hjá fyrirtækinu, en greindi frá því að hér eftir verði Airwaves rekin á sérstakri kennitölu, af dótturfélagi Hr. Örlygs. Það sé gert að kröfu Reykjavíkurborgar. Bjartari tímar eru framundan, meðal annars með væntanlegu fjármagni frá erlendum aðilum. „Þetta verkefni krefst hundrað prósent einbeitingar og við viljum ekki vera að standa í neinum leiðindum. Nú er bara að



BETRI TÍMAR Í VÆNDUM Egill Tómasson, Þorsteinn Stephensen og Inga Dóra Jóhannsdóttir kynntu dagskrá næstu Airwaves-hátíðar í gær. Þorsteinn viðurkenndi að fjárhagsferðileikar hefðu hrjáð fyrirtæki hans, en nú sæi hann fram á bjartari tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

snúa bókum saman og láta þetta ganga upp,“ segir Þorsteinn.

Undirbúningur fyrir tíundu Airwaves-hátíðina í október er kominn vel á veg. Umsóknarferli fyrir íslenskar hljómsveitir sem vilja spila á hátíðinni fer í gang á næstu dögum og tuttugu erlendar sveitir hafa boðað komu sína. Þorsteinn segir það vera um tvo þriðju af erlendu sveitunum í ár. „Ég er mjög ánægður með þetta „lænöpp“. Við eigum þó enn nokkra ása upp í erminni.“ Stærsta

nafnið er CSS frá Brasilíu en meðal annarra áhugaverðra sveita eru Dirty Projectors frá Svíþjóð, Handsome Furs frá Kanada, These New Puritans frá Bretlandi, Young Knives, Junior Boys, Simian Mobile Disco, Final Fantasy og Stars Like Fleas. Fimmtán íslenskar hljómsveitir hafa samþykkt að koma fram, þar á meðal Hjaltafín, GusGus, Sprengjuhöllin, Dikta, Dr. Spock, Reykjavík!, og FM Belfast.

hdm@frettabladid.is

Svolítið gott á milli mála er líka nauðsynlegt

Ég er keppnismanneskja og veit hvað þarf til að ná árangri í minni íþróttagrein. Eitt af því er að standast freistingar. Þess vegna passa ég alltaf að eiga Kellogg's Special K stöng eða Special K bliss að grípa til, hvenær sem mig svengir milli mála eða sætuþöfin gerir vart við sig. Það er alveg nauðsynlegt – og líka skemmtilegt. Aðeins 90 hitaeiningar í hverri stöng. Prófaðu!



Mig langar til að ...

...standa mig vel á Ólympíuleikum. Ég hef verið dugleg að slá met að undanfögnu og hlakka mikið til að fara á Ólympíuleikana og gera enn betur. Reglulegar máltíðir og nægur svefn er lykilatriði fyrir mig til að ná góðum árangri.

Erla Dögg Haraldsdóttir, nemi og sundkona



specialk.is



GRILLBRAGÐ

- helgarinnar



„Ég vil hafa það hollt og gott
og auðvelt að elda.
Að narta í ljúffengan bita af grillinu
– þannig eru náttúrulega bestu helgarnar.“

Grillaðar lambalundir með kryddjurtapestói

1 kg lambalundir • kryddjurtapestó

Veltið kjötinu upp úr $\frac{1}{3}$ af kryddjurtapestóinu og geymið við stofuhita í 20 - 60 mín.

Grillið kjötið á vel heitu grilli í 2 - 3 mín. á hvorri hlið.

Kryddjurtapestó:

1½ dl ólífuolía • 1 búnt basilíka • ½ búnt steinselja • ½ búnt tímian • ½ búnt mynta

2 msk furuhnetur • 2 msk parmesanostur • 1 msk sítrónusafi • 1 msk hunang • ½ tsk pipar • 1 tsk salt

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel.

Berið kjötið fram með afganginum af pestóinu og t.d. grilluðu grænmeti og kartöflum.



25 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarfluginu og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Coverdale erfiður viðureignar

Tónleikar Whitesnake í vikunni tókust vel þrátt fyrir misvísandi dóma og slappu fyrir horn fjárhagslega að sögn tónleikahaldarans Birgis Nielsen. Forsöngvarinn David Coverdale var hvumpinn og gaf ekkert færi á sér, öfugt við þegar hann var hrókur alls fagnaðar fyrir átján árum í Reykjavík.



COVERDALE Í HÖLLINI Gantaðist með það á tónleikunum að hugsanlega ætti hann afkomanda meðal áhorfenda síðan hann var hér fyrir átján árum. En þess utan var hann afskiptalítill.

„Ég veit ekki hvort það var þessi grænmetisréttur sem hann var svona upptekinn af eða eitthvað annað ... en, já, mér fannst hann nú bara vera á 75 prósentum,“ segir Birgir Nielsen, tónleikahaldari hjá 2BC. Hann segir að vel á fjórða þúsund tónleikagesta hafi mætt og tónleikahaldarar því sloppið fyrir horn. „En ekkert umfram það.“

Í gær birtust tveir dómur um tónleika Whitesnake sem voru í Höllinni sem voru bókstaflega eins og svart og hvítt. Annan skrifar Henry Birgir í Fréttablaðið og má vart vatni halda. Eys forsöngvarinn Dave Coverdale lofi: „Hann lék á als oddi og hefur engu gleymt.“ En í Moggann skrifar Arnar Eggert og þar kveður við annan tón í dómi sem ber yfirskriftina „Náhvítt snáks-hræ“ og er talað um Coverdale hafi verið sjálfum sér og öðrum til skamm- ar.

Tónleikahaldarinn á erfitt með að fóta sig í þessum misvísandi skilaboðum en segir þetta kannski ganga upp. Hljóm- sveitin og allir sem voru í Whitesnake-genginu gáfu sig hundrað prósent í verkefnið. En það var lunti í Coverdale, sem reyndar var ekkert að gefa sig að landsmönnum – ekki einu sinni Birgi, sem sá hann aðeins þegar hann sté úr limmósinu á leið

BIRGIR NIELSEN Tónleikahaldarar höfðu afskaplega lítið af Coverdale að segja sem hélt sig algerlega út af fyrir sig.

inn í hótélherbergið á Hilton. „Hann gaf ekkert færi á sér. Engin viðtöl. Ekki neitt. Og svo mjög lá honum á að þegar hljóm- sveitin var í síðasta lagi í öskun- tunnuendi þá var hann kominn út í bíl. Stefán Hilmarsson kom bak- sviðs og ætlaði að smella af honum mynd en var of seinn. Var hann þó kom- inn áður en bandið kom af sviðinu,“ segir Birgir – og helst á honum að heyra að Cover- dale hafi verið full full á því, öfugt við hljóm- sveitar- menn, sem voru kátir.

Coverdale kom með Whitesnake til Íslands fyrir átján árum og voru þá tvennir tónleikar. Hann gantaðist með það á tónleikunum að líklega ætti hann krakka meðal áhorfenda. Birgir telur það ekki ólík- legt en segir að það hafi enginn bankað uppá hjá 2BC og kynnt sig sem Coverdale junior. Á seinni tónleikana

fyrir 18 árum mætti Coverdale ekki og hljóp Pétur heitinn Kristjánsson í skardið eins og frægt er orðið. „Gefið var út að Coverdale hafi verið veikur, nær lagi er að hann hafi verið rænulaus af drykkju í Hlíðunum. Eða svo segir sagan. En nú hélt hann sig á hótél- herberginu.“

Birgir segir að Coverdale hafi lagt á það ofuráherslu að tiltekinn réttur væri til reiðu fyrir sig; í flugvélinni, á hótelinu... jafnvel í limósinunni eftir tónleika. Sædis Kolbrún Steinsdóttir sá um að veitingar fyrir stjórnuna væru eins og um var rætt. „Þetta var græn- metisréttur sem hann vildi alltaf hafa við hendina og þrír svo hann gæti ákveðið sig um leið og hann byrjaði að borða. Þetta var mikið mál því hvergi er hægt að panta þetta. Ég fór og keypti í rét- ina sérstaklega og svo hjálpuðu þeir á Vox mér að mat- reiða – þetta er mjög fínt eldaður mexíkóskur réttur,“ segir Sædis sem hefur langa reynslu af því að snúast í kringum poppstjórnur og segir þetta með því kjána- legra og er þá langt til jafn- að.

Jakob@frettabladid.is
SÆDIS KOLBRÚN Þurfti að hafa mikið fyrir því að hafa sérstakan mexíkóskan grænmetisrétt alltaf við hendina, og þá þrjá frekar en einn, ef Coverdale skyldi svengja.

SAMBÍÓIN

HEIMSFUMSÝNING Á MÖGNUM SPENNUTRYLLI FRÁ LEIKSTJÓRA THE SIXTH SENSE OG SIGNS

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON Í HLUVERKI HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

MARK WAHLBERG THE HAPPENING heldur biógestum í heljargreipum frá byrjun til enda!

ALFABAKKA

INCREDIBLE HULK DIGITAL	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
THE INCREDIBLE HULK	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	VIP
SPEED RACER	kl. 3 - 5:30 - 8:30	L
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
INDIANA JONES 4	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
IRON MAN	kl. 3 - 5:30 - 8	12
NEVER BACK DOWN	kl. 10:30	14
NIM'S ISLAND	kl. 3	L

KRINGLUNNI

THE HAPPENING	kl. 6 - 8 - 10:50	16
SPEED RACER	kl. 5 - 8 - 10:50	L
SEX AND THE CITY	kl. 5 - 8 - 10	14

SELFLOSS

INCREDIBLE HULK	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
SPEED RACER	kl. 5	L
SEX AND THE CITY	kl. 8 - 10:50	14

AKUREYRI

NIM'S ISLAND	kl. 6	L
PROM NIGHT	kl. 8 - 10	16
SPEED RACER	kl. 5:40 - 8	L
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 10:20	16

KEFLAVÍK

THE HAPPENING	kl. 8 - 10	16
ZOHAN	kl. 5:30 - 8	10
SPEED RACER	kl. 5	L
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 10:20	12

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFUMSÝNING Á MÖGNUM SPENNUTRYLLI FRÁ LEIKSTJÓRA THE SIXTH SENSE OG SIGNS SEM HELDUR BIÓGESTUM Í HELJARGREIPUM FRÁ BYRJUN TIL ENDA!

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON SEM HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

MARK WAHLBERG THE HAPPENING

PAUFREMJA HÍÐ FULLKOMNA GIMSTEINARÁN... EN EKKI FER ÁLLT EINS OG PLANÁÐ VAR!

MICHAEL CAINE DENZEL WASHINGTON FLAWLESS

HANN BLÆS ÞIG Í DRASL!

FRÁBÆR SPENNUMYND!

STELPURNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTALJALDI

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE INCREDIBLE HULK DIGITAL	kl. 5:30 D - 8 D - 10:30 D	12
THE HAPPENING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
THE HAPPENING LÚXUS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	
ZOHAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
INDIANA JONES 4	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
HORTON	kl. 4 ISLENSKT TAL	7
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 4 ISLENSKT TAL	

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

SUMARTILBOÐ

FLAWLESS	kl. 5:40 - 8 - 10:20	
SEX AND THE CITY	kl. 7 - 10	14
88 MINUTES	kl. 8 - 10:20	16
INDIANA JONES 4	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
BRÚÐGUMINN	kl. 5:40 ENSKUR TEXTI	7

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

FRÁBÆR MYND MEÐ EDWARD NORTON SEM HULK Í EINNI FLOTTUSTU HASARMYND SUMARSINS.

MARK WAHLBERG THE HAPPENING

PAUFREMJA HÍÐ FULLKOMNA GIMSTEINARÁN... EN EKKI FER ÁLLT EINS OG PLANÁÐ VAR!

MICHAEL CAINE DENZEL WASHINGTON FLAWLESS

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE INCREDIBLE HULK DIGITAL	kl. 5:30 D - 8 D - 10:30 D	12
THE HAPPENING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
THE HAPPENING LÚXUS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	
ZOHAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
INDIANA JONES 4	kl. 5:20 - 8 - 10:40	12
HORTON	kl. 4 ISLENSKT TAL	7
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 4 ISLENSKT TAL	

SparBíó 550kr

föstudag

SAMBÍÓIN

HULK

kl. 3 í Álfabakka og kl. 5:30 á Selfossi

SPEED RACER

kl. 3 í Álf., kl. 5 í kringl., kl. 5 á sel., 5:40 á ak., og kl. 5 í kef.

SEX AND THE CITY

kl. 5 í Kringlunni

Indiana Jones 4

kl. 3 í Álfabakka og

IRON MAN

kl. 3 í Álfabakka

NIMS ISLAND

kl. 3 í Álfabakka og kl. 6 á Akureyri

SUMARTILBOÐ

650 kr.

allar myndir allar sýningar alla daga í allt sumar

650 kr.


650 kr.



MYNDFORM

**KOMIN Í VERSLANIR
HAGKAUPA Á DVD**

S T A L L O N E
RAMBO



2299 KR

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÆVINTÝRAMYND SUMARSINS
FRUMSÝND 18. JÚNÍ

-THE CHRONICLES OF-
NARNIA
PRINCE CASPIAN

SJÁDU
MYNDINA
SPILAÐU
LEIKINN

SENDU SMS
BTC NA2
Á NÚMERIÐ 1900

VINNINGAR: BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR,
VARNINGUR TENGDUR MYNDinni, DVD
MYNDIR OG FLEIRA

TOYS R US

9.
HVER VINNUR!

© 2008 Disney. All rights reserved. Disney, Disney Store, and the Disney Store logo are trademarks of Disney. Narnia and Prince Caspian are trademarks of Disney. The Narnia logo is a trademark of Disney. The Disney Store logo is a trademark of Disney. The Disney Store logo is a trademark of Disney.



PAKKAÐ SAMAN Íslenska liðið sá aldrei til sólar á Hlíðarenda í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Vínáttulandsleikur hjá U-21:

Átakanlega lélegt hjá Íslandi

FÓTBOLTI Noregur bar sigurorð af Íslandi, 1-4, í vínáttulandsleik hjá U-21 árs liðum þjóðanna á Vodafone-vellinum í gær.

Leikur íslenska liðsins var vandræðalega lélegur allan leikinn og ekki heil brú í leik liðsins. Strákarnir gátu nákvæmlega ekki neitt og sigur Norðmanna miklu meira en sanngjarn.

Gestirnir komust verðskuldað í 0-4 en Jón Vilhelm Ákason klóraði í bakkann í uppbótartíma þegar hann kláraði nánast eina færnið sem Ísland fékk í leiknum. - hbg

Jón Arnór og félagar töpuðu:

Montepaschi Siena meistari

KÖRFUBOLTI Montepaschi Siena varð í gærkvöld ítalskur meistari annað árið í röð eftir 92-81 sigur á heimavelli gegn Jóni Arnóri Stefánssyni og félagum í Lottomatica Roma. Staðan í hálfleik var 49-40, Montepaschi Siena í vil.

Montepaschi Siena vann einvígi liðanna um ítalska meistaratitlinn samanlagt 4-1 en liðið vann alla 24 heimaleiki sína í deildarkeppni og úrslitakeppni í vetur.

Jón Arnór skoraði 2 stig, tók 2 fráköst og átti 2 stoðsendingar á þeim 19 mínútum sem hann spilaði í leiknum í gærkvöld. - óþ

ÚRSLIT

EM í fótbolta:

Króaía-Þýskaland 2-1
1-0 Dario Srna (24.), 2-0 Ivica Olić (62.), 2-1 Lukas Podolski (78.).
Austurríki-Pólland 1-1
0-1 Guerreiro Roger (30.), 1-1 Ivica Vastic (90.+3)

Landsbankadeild kvenna:

Þór/KA-Fylkir 0-1
0-1 Laufey Björnsdóttir (90.+4)
HK/Vikingur-Keflavík 4-1
Fjölnir-Afturelding 0-0

Vínáttuleikur hjá U-21:

Ísland-Noregur 1-4
Tore Gundersen 2, Kevin Larsen, Vidar Nisja - Jón Vilhelm Ákason.

Stemning fyrir Guðjóni

Stuðningsmenn skoska liðsins Hearts kjósa flestir að fá Guðjón Þórðarson af þeim þremur sem hafa verið nefndir í þjálfarastarfið. Ólafur Garðarsson umboðsmaður staðfestir að Guðjón komi enn til greina í starfið.

FÓTBOLTI Skoskir fjölmiðlar fjölluðu mikið um þjálfaraleit Hearts í gær. Guðjón Þórðarson var áberandi í þeirri umræðu en skoskir fjölmiðlar eru á því að hann komi helst til greina í starfið af þeim þremur sem rætt er um. Hinir tveir eru Slóvakinn Vladimír Weiss, sem þjálfar Artmedia Bratislava, og svo Andrei Zygmantovic sem áður stýrði Kaunas í Litháen.

Eins og áður segir var mikið fjallað um Guðjón og meðal annars hafa birst viðtöl við David Winnie, fyrrverandi þjálfara KR, og tvo fyrrverandi leikmenn Guðjóns hjá Stoke - Tony Dorigo og David Rowson.

Allir hafa þeir nákvæmlega það sama að segja um Guðjón - að hann sé harður í horn að taka og maður sem leyfi ekkert agaleysi í sínu liði. Einnig tala þeir um metnað Guðjóns, sem leggi þess utan mikið upp úr góðu líkamlegu ástandi leikmanna.

Vladimír Romanov, eigandi Hearts, er alræmdur í Skotlandi fyrir margra hluta sakir og meðal annars fyrir að vilja skipta sér af liðsvali þjálfara. Þríeykið er samröma um að ekkert slíkt verði leyft fari svo að Guðjón Þórðarson taki við Hearts.

Ólafur Garðarsson umboðsmaður hefur verið í sambandi við Hearts fyrir hönd Guðjóns. „Ég hef verið í sambandi við marga menn innan Hearts en hvorki hitt né heyrð í Romanov sjálfum. Mér skilst að það komi enn 4-6 þjálfarar til greina hjá Romanov og Guðjón er á þeim lista,“ sagði Ólafur



HEITUR HJÁ HEARTS Stuðningsmenn Hearts eru mjög spennir fyrir því að fá Guðjón Þórðarson sem næsta stjóra liðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

og bætti við að málið væri enn á svipuðum stað og í gær.

Því gæti enn brugðið til beggja vona. Ólafur taldi þó líklegt að málið kláraðist í næstu viku enda þyrfti nýr stjóri sinn tíma til þess að huga að leikmannamálum félagsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru forráðamenn Hearts mjög hrifnir af því sem Guðjón hafi gert í gegnum tíðina enda talar ferilskráin sínu máli. Skoska liðið er einnig mjög hrifið af því að Guðjón ætli að taka Terry

Butcher með sér sem aðstoðarmann.

Stuðningsmenn Hearts virðast flestir á þeirri skoðun að Hearts eigi að ráða Guðjón af þeim þjálfurum sem hafa verið nefndir til sögunnar. Skoskir blaðamenn sem Fréttablaðið hefur rætt við eru á einu máli um að Guðjón sé besti kosturinn af áður nefndu þríeyki.

Hvort að Romanov sé síðan til í að ráða harðan stjóra sem tekur ekki hans leiðbeiningum um liðsval á síðan eftir að koma í ljós.

henry@frettabladid.is

Önnur umferð í B-riðli Evrópumótsins í Sviss og Austurríki fór fram í gær:

Frækinn sigur hjá Króötum gegn Þjóðverjum

FÓTBOLTI Króatar eru heldur betur í góðum málum í B-riðli Evrópumótsins eftir magnaðan sigur á Þjóðverjum, 2-1, í gær. Króatar voru mun sterkari í leiknum og sigurinn sanngjarn.

Króatar hófu leikinn með miklum látum og náðu forystunni á 24. mínútu þegar Dario Srna batt endahnúttinn á sókn þeirra. Þannig stóðu leikar í hálfleik og máttu Þjóðverjar þakka fyrir að vera ekki fleiri mörkum undir enda áttu Króatar margar skæðar sóknir í hálfleiknum.

Þeir komust svo í 2-0 þegar Ivica Olić skoraði eftir hrapalleg mistök Jens Lehmann í marki Þjóðverja. Lukas Podolski minnkaði muninn ellefu mínútum fyrir leikslok en nær komust Þjóðverjar ekki.

Bastian Schweinsteiger fauk af velli með rautt spjald áður en

yfir lauk og er því kominn í leikbann.

„Við spiluðum frábæra knattspyrna og þarf ekkert minna til að leggja Þjóðverja. Vörnin var góð allan leikinn og við höldum líka ógninni í sókninni. Ég vil óska leikmönnum mínum til hamingju,“ sagði Slaven Bilic, landsliðsþjálfari Króata, himinlifandi eftir leikinn.

„Við áttum skilið að tapa. Við komumst ekki í gang og það var ekkert flæði í okkar leik. Við getum ekki verið sáttir enda getum við mun betur en við sýndum í þessum leik,“ sagði Joachim Löw, þjálfari Þjóðverja.

Heimamenn í Austurríki og Pólland áttust svo við í síðari leiknum og þar náðu Austurríkismenn óvæntu jafntefli með marki úr vítaspyrnu í uppbótartíma. - hbg



FÖGNUMUR Ivica Olić, annar markaskorari Króata, fagnar hér í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Hækkaðu þig 9 upp um einn 5 12345

22200

Opið alla daga frá 16:00 - 22:00

nú með tveimur áleggjum

PAPINOS PIZZA

Hverfold I - 5, Grafarvogi Núpallind I, Kópavogi Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði

Landsins stærsta



SKÓSPRENGJA

Ópið í dag 11-18
á laugardag 11-16
á sunnudag 12-16

Lágmark

50%

afsláttur

3
dagar eftir

Síðustu 3 dagarnir

Útsöluvörur frá



.....
Toppskórin
.....

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Outlet

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.00

Ghost

Það er stelpusumar á Stöð 2. Dagskrá Stöðvar 2 er sérvalin fyrir stelpurnar í allt sumar. Demi Moore og Patrick Swayze fara á kostum í óskarsverðlaunamyndinni Ghost. Þetta er óvenjuleg blanda af spennu, skemmtun og innilegri rómantík. Sam og Molly elska hvort annað af öllu hjarta og eru ákaflega hamingjusöm. Sam er myrtur en ást hans á Molly nær út yfir gróf og dauða.



▶ VIÐ MÆLUM MED

EM í fótbolta BEINT Sjónvarpið kl. 16.00 og 18.45

Fyrri leikur dagsins er Ítalía - Rúmenía en sá seinni er Holland - Frakkland. Þorsteinn J. stjórnað upphitun fyrir hvern leik en einnig verður samantekt úr leikjum dagsins kl. 23.00.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- | | |
|-----------------------------------|-----------------------------------|
| 06.05 Morgunvaktin | 15.30 Dr. RÚV |
| 06.50 Bæn | 16.00 Síðdegisfréttir |
| 07.30 Fréttayfirlit | 16.13 Flækingur |
| 08.00 Morgunfréttir | 17.03 Víðsjá |
| 08.30 Fréttayfirlit | 18.00 Kvöldfréttir |
| 09.05 Óskastundin | 18.25 Spegillinn |
| 09.45 Morgunleikfimi | 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar |
| 10.13 Sumarást | 19.00 Endurómur úr Evrópu |
| 11.03 Samfélagið í nærmynd | 20.00 Leynifélagið |
| 12.00 Fréttayfirlit | 20.30 Mánafjöll |
| 12.02 Hádegisútvarp | 21.10 Brjóstdropar |
| 12.20 Hádegisfréttir | 22.12 Orð kvöldsins |
| 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar | 22.15 Viltu syngja minn söng ? |
| 13.00 Vít og breitt | 23.00 Kvöldgestir |
| 14.03 Táslur og tjull | 00.07 Næturtonar |
| 15.03 Útvarpssagan: Sérherbergi | |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks

17.00 Wildfire

17.45 Twenty Four 3 (3:24)

18.30 The Class (10:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

▶ 20.00 Wildfire (12:13) Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.

20.45 Twenty Four 3 (3:24) (e)

21.30 The Class (10:19)

22.00 Bones (11:15) Dr. Temperance „Bones“ Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknu mórómálum.

22.45 Moonlight (3:16) Spennuþáttur með yfirmáttúrlega ívafi. Mick St. John er sjarmerandi, dáleiðandi og ódauðlegur einkaspjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem aðrar vampírir standa fyrir með því að nota yfirmáttúrlega hæfileika til að hjálpa hinum dauðlegu.

23.30 ReGenesis (1:13) Önnur sería þessarar þáttaraðar um ógnvænlega framtíð þarf sem mannkynið er farið að leika hlutverk skaparans.

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skifan TV

INN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Ásdís Olsen og Kólfína Baldvinsdóttir. Gestir: Amal Tamimi, Anna Pála Sverrisdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir.

21.00 Af lífi og sál Guðni Ágústsson ræðir við áhorfendur INN eins og honum er lagið.

21.30 Íslands Safari Umsjón: Akeem Richard Oppong, formaður Íslands Panorama. Fjölmennning og fjölþjóðlegt samfélag.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Ærlig talt 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.35 Blomsterkvartet 11.50 Forandring på vej 12.20 Når storken svigter - fem år efter 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Dawson's Creek 14.00 Boogie Listen 15.00 That's So Raven 15.25 F for Får 15.30 Fredagsbio 15.45 Benjamin Bjørn 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov 18.00 Hit med sangen 19.00 TV Avisen 19.30 Kaptajn Corellis mandolin 21.30 The Cooler 23.10 Boogie Listen

NRK1

10.00 NRKnyheter 10.10 Tinas mat 10.40 Columbo 11.50 Sjukehuset i Aidsensfield 12.40 Jakten på Hizbollah 13.25 Pakten 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Desperate boligdrommer 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Millé og Martin 16.05 Mamma Mirabelle viser film 16.20 Charlie og Lola 16.30 Safari Europa 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 Ville og vakre Kina 18.45 20 spørsmål 19.15 Detektimen: Detektiv Jack Frost 20.50 Du skal høre mye mer 21.00 Kveldsnytt 21.20 Hotell Babylon 22.10 Lydverket presenterer 22.45 Danny og hans hemmelige kropp 23.40 Country jukeboks med chat

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Minnenas television 13.15 Veronica Mars 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 I trädgården med Camilla Plum 15.30 Plus sommar 16.00 Bolibompa 16.15 Dra mig baklänges 16.30 Hej hej sommar 16.31 Planet Sketch 16.45 Sune 17.15 Värsta vännerna 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Tre kärlekar 19.00 America's Sweethearts 20.40 Grottesco 21.10 Rapport 21.20 Kulturyheterna 21.35 Eulogy 23.05 Sändningar från SVT24



PIPAR • SÍA • 81166 • Ljósmynd: Stiglus Pálsson

Opnar 14. júní kl. 14

Boðið verður upp á léttar veitingar í tilefni dagsins. Allir velkomnir.

Sigurjón Ólafsson

Búrfellsstöð

Sýning á starfi og verkum myndhöggvarans Sigurjóns Ólafssonar í tilefni af því að hann hefði orðið 100 ára á árinu. Lágmyndin á Búrfellsstöð er verk Sigurjóns og er stærsta lágmynd á Íslandi.

Kynnið ykkur raforkuframléiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Kröflustöð, Laxárstöð, Ljósafossstöð við Sog og Gestastofu Fljótsdalsstöðvar í Végarði.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Végarður er opinn frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.

Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.



Handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna 2007

Svo þú verðir ekki algjört grænmeti

Nokkur atriði um jákvæð áhrif sveppa, meðal annars á ónæmiskerfið og umbreytingu á fitu í orku.

Varðveitir meltingarveginn og starfsemi hans

Örvar og styrkir ónæmiskerfið

Varðveitir taugakerfið

Viðheldur heilbrigði rauðra blóðkorna

Stuðlar að heilbrigðu útliti húðar

Einn af örfáum náttúrulegum framleiðendum D-vítamíns

Er ríkur af vítamínum sem umbreyta prótíni, fitu og kolvetnum í orku

islenskt.is

ÞÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR

Íslenskt
grænmeti

MEST LESIÐ:

Handtekinn Hollendingur þekktur smyglari

Lalli Johns handtekinn í Hveragerði

Eimskip afskrifar nærri niu milljarða

Svarthöfði er félagsmaður í Vantrú

visir.is

...ég sá það á visir.is



BAKÞANKAR
Bergsteins
Sigurðssonar

Dýr dropi


Hvað rekur sjötugan hollenskan ferðamann á húsbíl til að smygla 190 kílóum af eiturlyfjum til Íslands? Mér finnst ekki ólíklegt að sá hollenski hafi kynnt sér bensínverðið á Íslandi áður en hann lagði í hann og komist að þeirri niðurstöðu að ef hann ætlaði að keyra hringveginn kæmi hann með þessu móti kannski út á sléttu.

ENDRUM og eins erum við minnt á hversu mikil lífsgæði eru fólgin í að komast hratt og örugglega á milli staða. Síðast gerðist það líklega árið 1997, þegar bensínafgreiðslufólk fór í verkfall. Það var hins vegar tímabundið ástand. Allt bendir til að eldsneytishækkarnir undanfarinna mánuða séu varanlegar og við sjáum ekki fyrir endann á afleiðingunum.

HÆKKANIR á eldsneytisverði hafa sína kosti. Til margra magurra ára þjónaði jeppinn til dæmis því hlutverki fyrst og fremst að vera stöðutákn vel stæðra karla sem vildu bæta fyrir innra óryggi með því að berast á. Þetta var gott ástand sem tryggði félagslegt gagnsæi. Í góðæri liðinna ára hefur hins vegar verið gengið rækilega á sérkenni hinna sterkefnuðu og hvalkynja bensínsvelgir eru nú til á öðru hverju heimili. Ef fer sem horfir færast ástandið hins vegar bráðum aftur í eðlilegt horf og það þarf enginn að velkjast í vafa um að þeir fáu sem aka áfram jeppa hafa efni á því.

EN ÓKOSTIRNIR eru hins vegar líka farnir að láta sé kræla. Bensín er til dæmis að ríða hinu opinbera á slig; það stýttist í að lögreglan þurfi að meta hvert útkall eftir því hvort það svari bensínkostnaði og áður en langt um liður verða sjúkra- og slökkviliðsbílar skikkadír til sparasturs í neyðarútköllum. Það á eftir að verða bylting í samgöngumálum. Sjálfur hóf ég mína eigin byltingu í síðustu viku, þar sem ég stóð fyrir framan bensíndælu og gnísti tönnum. Það var ekki aðeins tankurinn sem var fullur heldur líka mælirinn – dropinn hafði holað steininn. Ég steytti hnefa í átt að fána olíufélagsins og strengdi þess heit að kaupa ekki aftur bensín. Í þessum mánuði.

MÍN litla ráðdeild má sín hins vegar lítils í hinu stóra samhengi, allir þurfa að leggja sitt af mörku. Ég legg til að ríkisstjórnin, sem á vísit í ímyndarkröggum í umhverfismálum, gangi á undan með góðu fordæmi. Hvað um að skipta ráðherrajöpunum út yfir sumarmánuðina fyrir ráðherra-vepur?



GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn 13. júní,
166. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	2.59	13.28	23.57
Akureyri	1.48	13.12	0.41

Heimild: Almanak Háskólans

Ekki verða eftir!

Síðustu sætin í júní

Alicante

16. júní – **UPPELT**

18. júní – **UPPELT**

19. júní – örfá sæti laus

21. júní – 6 sæti laus

23. júní – örfá sæti laus

25. júní – örfá sæti laus

26. júní – 15 sæti laus

28. júní – örfá sæti laus

Tenerife

17. jún. – örfá sæti laus (vél 1)

17. júní – **UPPELT** (vél 2)

17. júní – örfá sæti laus (vél 3)

24. júní – **UPPELT** (vél 1)

24. júní – **UPPELT** (vél 2)

Lanzarote

24. júní – Laus sæti

Krít

18. júní – örfá sæti laus

25. júní – 10 sæti laus

Marmaris

23. júní – örfá sæti laus

24. júní – Laus sæti

Portúgal

19. júní – Laus sæti

26. júní – Laus sæti

Costa del Sol

23. júní – örfá sæti laus

30. júní – Laus sæti

Mallorca

18. júní – 5 sæti laus

25. júní – Laus sæti

Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Nánari upplýsingar og bókanir á www.plusferdir.is



PLÚSFERÐIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100



www.plusferdir.is